

**SANDRA SIF MORTHENS**

*Hleypur með vinnufélögunum*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**DANÍEL HEIMISSON**

*Lærði Kung fu hjá Shaolin munkum*

Varð að manni í Kína

**FÓLK 42**



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**

*Hættur í Kastljósinu*

Genginn til liðs við FL Group

**FÓLK 42**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. september 2006 — 237. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

## Drottning í nýju ljósi



Elísabet Bretadrottning þótti ekki bregðast rétt við þegar Díana prinsessa dó árið 1997.

**KVIKMYNDIR 35**

## Krókódílafangarinn allur

Ofurhuginn Steve Irwin lést eftir að stingskata stakk hann í brjóstið.

**FÓLK 32**

## Samgleðst Eiði Smára



Ríkharður Jónsson bjóst við að markamet sitt yrði jafnað mun fyrr.

**TÍMAMÓT 24**

## Einstök afrekskona



Hin 17 ára knattspyrnukona, Guðný Björk Óðinsdóttir, náði þeim einstaka árangri að leika með öllum knattspyrnulandsliðum Íslands á innan við einu ári.

**ÍÞRÓTTIR 38**

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** - Í dag verður hæg breytileg átt. Skúrir sunnan til, annars skýjað og úrkomulítið. Hiti 8-15 stig, hlýjast norðaustan og austan til.

**VEÐUR 4**






# Heimilisofbeldismál enda sjaldnast í ákærumeðferð

**Innan við eitt prósent heimilisofbeldismála hafa verið tekin til ákærumeðferðar. Nauðsynlegt að breyta löggjöfinni um nálgunarbann, segir Bjarnþór Aðalsteinsson. Ofbeldismenn verði fjarlægðir af heimilum.**

**OFBELDI** Tæplega eitt prósent heimilisofbeldismála, sem komið hafa inn á borð lögreglu það sem af er ári, hafa verið tekin til ákærumeðferðar. Samtals hefur lögreglan verið 272 sinnum kölluð til vegna heimilisofbeldis á þessu ári.

Bjarnþór Aðalsteinsson, yfirmaður ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir lögregluna oftar en ekki standa frammi fyrir erfiðum aðstæðum þegar hún þarf að taka á heimilisofbeldi. „Við reynum yfirleitt að leysa úr ágreiningnum eins fljótt og auðið er. Viðbrögð okkar eru mismunandi eftir eðli og alvarleika brotsins sem upp kemur í hvert skipti. Það er mikilvægt að álagi sé létt af fórnarlömbum heimilisofbeldis, sem í langflestum tilfellum eru konur, og reyna að hjálpa þeim að komast í jafnvægi á skynsamlegan hátt,“ segir Bjarnþór og leggur áherslu á að nálgunarbannslöggjöfin, sem stundum þarf að grípa til, sé óskilvirk og gölluð.

„Ég held að það sé almennt viðhorf innan lögreglunnar að það sé alltof erfitt að fá nálgunarbann á ofbeldismenn, þegar það er nauðsynlegt. Ég tel að það sé orðið brýnt að breyta löggjöfinni þannig, að lögreglan geti sett á nálgunarbann með skömmum fyrirvara, því það getur verið afar brýnt að bregðast við heimilisofbeldi með skilvirkum hætti sem kemur í veg fyrir að ofbeldismenn geti haldið áfram að beita konur sínar ofbeldi.“

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir nauðsynlegt að starfsumhverfi lögreglu verði breytt í þá veru að hægt sé að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum. „Hin svokallaða austurríska leið, sem kynnt var innan Norðurlandanna á ráðstefnu Stígamóta árið 2001, gerir ráð fyrir því að hægt sé að vísa þeim sem veldur ofbeldi á heimili skilyrðislaust af heimilinu í tvo til þrjá daga, en innan þess frests þarf málið að fara fyrir dómara sem staðfestir eða hafnar þessu úrræði. Í framhaldinu er hægt að fara fram á nálgunarbann fyrir þolendur, auk þess sem upplýsingar um málið fara til samtaka sem hjálpa þolendum að skoða réttarstöðu sína og úrræði. Þetta er leið sem hefur verið tekin upp í Svíþjóð, Noregi og Danmörku en ekki hér á landi.“ - mh

**HEIMILISOFBELDISMÁL**

| | |
|---|---|
| Afgreidd sem verkefni | 17% |
| Enn til afgreiðslu | 57% |
| Rannsókn hefur verið hætt | 20% |
| Enn til rannsóknar | 5% |
| Tekið til ákærumeðferðar | 1% |

**LANDSHLUTASKIPING**

| | |
|---|---|
| Á höfuðborgarsvæðinu | 67% |
| Á Suðurlandi | 14% |
| Á Norðurlandi | 9% |
| Á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Austurlandi | 5% |

Heimild: Ríkislögreglustjóri



**KNAPAR Á KAMELDÝRUM** Þessir bedúínar tóku nýverið þátt í arabískum kappreiðum á kameldýrum í bænum al-Arish, sem stendur við Miðjarðarhafsströndina á Sínaískaga norðaustur af Kaíró í Egyptalandi. Á kappreiðunum koma saman bedúínar víðs vegar að úr þessum heimshluta. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lögreglan í Vík hefur stöðvað 325 erlenda ökumenn fyrir hraðakstur í ár:

# Sektir fyrir tæpar 5 milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Kærum vegna hraðaksturs erlendra ökumanna fjölgar um 137 prósent á milli ára samkvæmt málaskrá lögreglunnar í Vík. Hlutur íslenskra ökumanna hefur aukist um rúmlega fjórðung prósent.

Af þeim 779 ökumönnum sem lögreglan í Vík hefur kært fyrir of hraðan akstur eru 325 þeirra erlendir ökumenn eða rúm fjórðungur prósent allra kærða ökumanna. Alls hafa 319 fleiri ökumenn verið kærðir fyrir of hraðan akstur í ár miðað við sama tímabil í fyrra.

Í sumar hafa erlendir ökumenn verið sektaðir á staðnum og þeim boðið að gera upp skuldina samstundis. Heildarsektarfjárhæð erlendu ökumannanna sem kærðir hafa verið í sumar nemur tæpum fimm milljónum króna. „Nánast undantekningalaust þiggja menn að gera upp sektina á staðnum í stað þess að fá hana senda heim seinna,“ segir Alexander Alexandersson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Vík.

Að sögn lögreglu er tilhneigingin sú að erlendir ökumenn aki að jafnaði hraðar en íslenskir ökumenn. „Í langflestum tilvikum eru hæstu tölurnar hjá erlendu ökumönnunum,“ segir Alexander. „Þetta háa hlutfall erlendra ökumanna er mjög umhugsunarvert að mínu viti. Okkur hjá lögreglunni finnst vanta miklu meira af umferðarmerkingum þar sem hámarkshraðinn er auglýstur, það gengur ekki að hafa eitt og eitt skilti með margra kílómetra millibili.“

Fjöldi tilkynntra umferðaróhappa er svipaður fyrstu átta mánuði ársins og árið í fyrra. Erlendir ökumenn koma við sögu í um 35 prósentum þeirra þar sem eignartjón hefur orðið það sem af er árinu. - æþe

Enn mannekla á leikskólum:

# Vantar ríflega 100 starfsmenn

**MENNTAMÁL** Alls vantar starfsfólk í 105 stöðugildi í leikskólum og 28 stöðugildi í grunnskólum borgarinnar. Þetta kom fram á fundi menntasviðs sem haldinn var í gær.

Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, aðstoðarsviðsstjóri menntasviðs, segir jákvæðu fréttirnar þær að starfsmannamál séu í betra horfi nú en á sama tíma í fyrra. „Nú er staðan þannig að í sautján leikskólum þarf að ráða í þrjú stöðugildi eða fleiri. Hins vegar eru 45 leikskólar nánast fullmannaðir á þessari stundu. Við ráðum fólk daglega til starfa og auglýsum stöðugt eftir fólki.“

Ragnhildur segir að staðan í leik- og grunnskólum borgarinar verði væntanlega rædd nánar á fundi borgarráðs í vikunni. - hs

Sérstætt sakamál:

# Blindur tekinn á bíl í London

**LONDON, AP Omed Aziz, rúmlega þrítugur Íraki sem missti sjónina í sprengingu í heimalandi sínu, hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa ekið bifreið í Bretlandi þann 23. apríl síðastliðinn.**

**Aziz ók um götur bæjarins Oldbury, stundum á allt að 56 kílómetra hraða, og fékk akstursleiðbeiningar jafnóðum frá félaga sínum, sem sat í farþegasætinu.**

**Lögreglumaður stöðvaði bifreiðina og hugðist ræða við bílstjórann, þegar farþeginn hallaði sér fram og sagði: „Hann er blindur.“**

**Aziz heldur því fram að hann hafi gætt fyllstu varkárni, en dómur í málinu verður kveðinn upp þann 11. september næstkomandi.** - gb

## SPURNING DAGSINS



*Kolfinna, voruð þið að reyna að lágmarka tapið?*

Nei fjarri því, þetta voru bara aðstæður sem komu upp.

Valsstúlkur unnu í gær Íslandsmeistaratitilinn í Landsbankadeildinni en FH mætti ekki til leiks vegna vanda við að manna liðið. Kolfinna Matthíasdóttir er formaður kvennaráðs FH í knattspyrnu.

Tölvuþrjótar varpa skugga á kosningabaráttuna í Svíþjóð:

# Ungliði gengst við tölvunjósnum

**SVÍÞJÓÐ** Ungliði úr Þjóðarflokknum sænska, öðrum stærsta stjórnarandstöðuflokknum, gaf sig í gær fram og viðurkenndi að hafa notað stolið lykilorð til að brjótast inn á innri vef sænska Jafnaðarmannaflokksins. Talsmenn Þjóðarflokksins sögðu unga manninn hafa verið rekinn umsvifalaust og fullyrtu að upplýsingarnar sem hann hefði aflað sér með þessu móti hefðu ekki verið notaðar í kosningabaráttunni. Tólf dagar eru nú til þingkosninga í landinu og fylgi fylkinganna tveggja mælist nær hnífjafnt.

Málið kom upp eftir að fulltrúar Jafnaðarmannaflokksins lögðu inn kæru hjá lögreglu vegna meints innbrots í tölvukerfi þeirra, þar sem lesa mátti ýmsar trúnaðarupplýsingar um skipulag kosningabaráttu flokksins.

Þetta er í annað sinn á árinu sem tölvuþrjótar varpa skugga á sænsku kosningabaráttuna. Í febrúar viðurkenndi ungur starfsmaður Jafnaðarmannaflokksins að vera upphafsmaðurinn að nafnlausum tölvupóstskeytum með rógi um Fredrik Reinfeldt, leiðtoga Hægriflokksins og forsætisráðherraefni kosningabandalags borgaralegu flokkanna. **- aa**

**Kosningar í Svíþjóð**



**LARS LEIJONBORG** Formaður Þjóðarflokksins sænska segist miður sín yfir atvikinu. NORDICPHOTOS/AFP

Háskólinn á Bifröst:

# Bryndís ráðin aðstoðarrektor

**MENNTAMÁL** Bryndís Hlöðversdóttir, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, hefur verið ráðin aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst í stað Magnúsar Árna Magnússonar sem lét af störfum fyrir helgi.

Bryndís gegnir áfram stöðu forseta lagadeildar skólans. Hún segir sín daglegu störf ekki breytast mikið við ráðninguna og staðan felist aðallega í að vera staðgengill háskólarektors í fjarvistum hans. „Mér þykir mikill heiður af því að stjórn skólans skuli treysta mér fyrir þessu starfi. Það verður erfitt að fylla skarð Magnúsar.“ **- shá**

Mál gegn Icelandic Group:

# Segir kröfur Þórólfs fráleitar

**DÓMSMÁL** Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður Icelandic Group, segir kröfur Þórólfs Árnasonar, forstjóra Skýrr og fyrrverandi forstjóra Icelandic Group, fráleitar en hann hefur ákveðið að höfða mál á hendur félaginu vegna vanefnda á kauprétti á hlutabréfum, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu. Þórólfur var forstjóri Icelandic Group í rúma fjóra mánuði en hann hætti störfum hjá félaginu 13.október í fyrra.



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON**

Gunnlaugur segir kröfur Þórólfs taklausar. „Kröfur Þórólfs eru fráleitar. Hann hefur fengið nóg greitt fyrir sitt vinnuframlag fyrir hönd þessa félags,“ sagði Gunnlaugur. **- mh**

Útlendingur í gæsluvarðhaldi:

# Ógnaði lífi ungrar konu

**LÖGREGLUMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir að ógna og ráðast á unga sambýliskonu sína. Maðurinn réðist að konunni vopnaður hnífi aðfaranótt sunnudagsins. Lögregla var kvödd að heimili konunnar í Vesturbænum og handtók manninn. Kom í ljós að konan hafði rispast við árásina en sloppið við stungusár.**

**Árásarmaðurinn er frá Fílabeinsströndinni. Honum er gert að sæta gæsluvarðhaldi fram á fimmtudag.**

**Lögreglan rannsakar meðal annars hvort maðurinn eigi sakaferil í öðrum löndum, en hann kom hingað til lands í síðasta mánuði.** **- jss**

# Tryggingasvikin skipta þúsundum

**Lögreglan fær aðeins brotabrot af öllum tryggingasvikum á sitt borð á ári, eða þrjú til fjögur. Útilokað er að þau séu svona fá, að mati framkvæmdastjóra hjá Sjóvá. Þau séu frekar um tvö þúsund á ári. Sjóvá fer í átak gegn svikunum.**

**TRYGGINGASVIK** Lögreglan fékk þrjú til fjögur tryggingasvikamál á sitt borð á ári á tímabilinu 2000-2004. Útilokað er að tryggingasvikin séu svo fá hér á landi. Ef tryggingasvik eru hlutfallslega jafn algeng hér á landi og í nágrannalöndunum ættu málin að vera um tvö þúsund en heildarfjöldi tjóna er um 45 þúsund í landinu öllu á ári. Það er að mati framkvæmdastjóra Sjóvár því aðeins brotabrot af tryggingasvikamálunum sem koma á borð lögreglunnar.

Tryggingasvikamál skiptast í tvennt; atburðir eru settir í svið til að fá bætur og ýktar bótakröfur. „Ég hef miklar áhyggjur af síðari málunum því að þeir sem fremja brotin eru venjulegt fólk. Viðhorf þess er það sama og gagnvart til dæmis sköttum, að það sé allt í lagi að hagræða sannleikanum og ýkja tjónið til að fá meira en það á að fá,“ segir Þóra Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Sjóvá.

Tryggingafélögin njóta ekki samúðar í þjóðfélaginu. „Fólk gengur á lagið með það sem því finnst vera sakleysisleg brot. Brotaþolinn er svo stór, heilt tryggingafélag sem sýnir góðar afkomutölur en þetta er svolítið eins og að pissa í skóinn sinn. Iðgjöldin hækka eftir því sem tjónin eru meiri.“

Fá eða engin þeirra mála sem komu til lögreglu 2000-2004 höfðu náð inn í dómssali árið 2004. Í skýrslu um tryggingasvik sem Sjóvá hefur látið taka saman koma fram vangaveltur um hvort sparnaður sem hafi verið áberandi hjá lögreglu á Íslandi undanfarin ár, hafi áhrif á gæði rannsókna í tryggingasvikamálum en Þóra segir ekki hægt að kenna lögreglu um.

Sjóvá ætlar að fara í átak gegn tryggingasvikum og efla rannsóknarvinnu í málum þar sem grunur um tryggingasvik vaknar. „Við stöndum fyrst og fremst frammi fyrir sönnunarvandræðum. Við treystum okkar viðskiptavinum en ef það vaknar grunur, til dæmis þar sem fjárhæðir í innbrotum fara upp úr öllu valdi eða atburðarásin hefur á sér einhvern ólíkindablæ, þá getum við lent í vandræðum með sönnunargögn,“ segir hún.

Þóra segir að Sjóvá muni fylgja málum betur eftir og vera meira á vettvangi til að kanna tilurð atvika. „Við viljum vera í góðu samstarfi við lögreglu og að þessi mál fái eins mikinn forgang hjá lögreglu og hægt er. Það krefst þess að við þurfum að sýna fram á að okkar grunsemdir eigi við rök að styðjast.“ **ghs@frettabladid.is**



**TVENNS KONAR SVIK** Tryggingasvikin skiptast í tvennt, atburði sem settir eru á svið og ýktar bótakröfur. Fólk gengur þá á lagið með það sem því finnst vera sakleysisleg brot og ýkir tjónið til að fá meira út úr tryggingafélaginu. Þessi mynd er úr safni og tengist fréttinni ekki með beinum hætti.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ SJÓVÁ** „Við viljum vera í góðu samstarfi við lögreglu,“ segir Þóra Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Sjóvá.



**SPRENGJU KOMIÐ FYRIR** Öryggismyndavélar náðu myndum af mönnunum þegar þeir komu sprengjum fyrir í þýskum lestum í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áætluð hryðjuverk:

# Skopteikningar voru kveikjan

**ÞÝSKALAND, AP Skopteikningarnar af Múhameð spámanni, sem birtar voru fyrst í Jótlandspóstinum danska í september í fyrra, voru ein helsta kveikjan að tilraun til hryðjuverka í Þýskalandi, þegar nokkrir menn reyndu að sprengja tvær lestir í loft upp í júlí.**

**Þetta kom fram í viðtali við yfirmann rannsóknar málsins, Joerg Ziercke, í þýska tímaritinu Focus um helgina.**

**Fimm ungir Líbanar og einn Sýrlendingur hafa verið handteknir og ákærðir í Líbanon í tengslum við málið. Talið er að mennirnir hafi leitað sér upplýsinga um sprengjugerðina á netinu. Sprengjurnar voru þó ekki rétt saman settar.** **- smk**

## SAMGÖNGUMÁL

### Aukið umferðaröryggi

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vill reyna að auka umferðaröryggi. Áhersla verði lögð á að auka eftirlit lögreglu, herða viðurlög við umferðarlagabrotum og að huga að umferðaröryggi á fjölförnum leiðum.

## LÖGREGLUFRÉTT

### Bruni í Árbænum

Eldur kom upp í bifreið skammt frá söluturni í Hraunbæ í Árbæ um tíuleytið í gær. Eldurinn kviknaði eftir að bifreiðinni var ekið aftan á aðra bifreið. Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins tókst að slökkva eldinn á skömmum tíma.


**Bakleikfimi í vatni**

Betri líðan í hálsi, herðum og baki. Skemmtileg og árangursrík þjálfun undir leiðsögn sjúkraþjálfara.

**Rólegir- og kröftugir hópar, í hádeginu og eftirmiðdaga í nýlegri og bjartri sundlaug við Laugarás.**

Sjúkraþjálfarar: Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari MTc, MHSc, Ólöf I. Óladóttir og Gunnur Robertsdóttir.



Skráning fer fram í síma 897-2896

Vefsíða: www.bakleikfimi.is • Netfang: harpahe@isl.is


Samtök atvinnulífsins gagnrýna Þjóðskrána vegna umsókna um kennitölur:

# Vantar betri leiðbeiningar

**VINNUMARKAÐUR** Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs hjá Samtökum atvinnulífsins, gagnrýnir Þjóðskrána fyrir lélega upplýsingagjöf í tengslum við umsóknir fyrirtækja um kennitölur til erlendra starfsmanna sem koma til starfa hér á landi.

„Þjóðskráin kynnir ekki nægilega vel hvaða kröfur eru gerðar til umsókna um kennitölur,“ segir Ragnar og kveðst geta nefnt mýmörg dæmi. „Það er til dæmis gerð sú krafa að umsókn sé stimpluð með stimpli fyrirtækisins án þess að upplýsingar um það komi fram á umsóknareyðublaðinu. Það er líka gerð krafa um að umsóknir séu ekki faxaðar en þó er það hvergi tilgreint og fyrirtæki senda mikið af umsóknum á faxi,“ segir hann.

Þjóðskráin birtir engar leiðbeiningar á vefnum sínum og gerir ekki tilraun til að upplýsa fólk um það hvernig það á að ganga frá umsóknunum, að sögn Ragnars. „Ef umsóknir eru í ólagi þá getur Þjóðskráin bara kennt sjálfri sér um. Það er lítið mál fyrir hana að taka fram hvernig umsóknir eiga að vera en það kallar á gríðarlega vinnu hjá fyrirtækjunum eftir að umsóknin er komin í „ólagsbunkann“ hjá Þjóðskránni því að það veltur allt á kennitölu hér á landi.“ **- ghs**



**VERKAMENN VIÐ STÖRF** Ragnar Árnason segir að ef umsóknir erlendra starfsmanna séu í ólagi þá geti Þjóðskráin bara kennt sjálfri sér um.

# IMG VERÐUR CAPACENT



„Á undanförnum árum höfum við nýtt okkur ráðningarþjónustu IMG til að byggja upp sterkari hóp starfsmanna og leggja þannig grunn að góðum árangri Microsoft Ísland. Við óskum Capacent til hamingju með nýja nafnið."

Brynja S. Blomsterberg

Brynja Sigríður Blomsterberg, fjármálastjóri Microsoft Ísland

## CAPACENT

IMG hefur víkkað út starfsemi sína á Norðurlöndunum og stefnir að því að byggja upp norður-evrópskt fyrirtæki á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðningarþjónustu. Í kjölfar þess hefur nafni fyrirtækisins verið breytt í Capacent til aðlögunar að alþjóðlegum markaði.

Nýja nafnið er dregið af ensku orðunum Capability og Center og nær vel að fanga starfsemi fyrirtækis sem hefur það að meginmarkmiði að nýta þekkingu með markvissum hætti til að bæta árangur viðskiptavina sinna.

capacent

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## GENGIÐ 4.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,79 | 69,11 |
| Sterlingspund | 131,05 | 131,69 |
| Evra | 88,44 | 88,94 |
| Dönsk króna | 11,853 | 11,923 |
| Norsk króna | 10,878 | 10,942 |
| Sænsk króna | 9,483 | 9,539 |
| Japanskt jen | 0,5921 | 0,5955 |
| SDR | 102,42 | 103,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,9623

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarher Srí Lanka segist hafa náð Sampúr-þorpi af Tamílatígrum, sem hafi verið hraktir í burtu:

# Tamílatígrarnir segja eiginlegt stríð hafið

**KÓLOMBÓ, AP** Stjórnarher Srí Lanka hefur tilkynnt að Tamílatígrar hafi verið hraktir frá Sampúr-þorpi, sem liggur sunnan við Trincomalee í norðausturhluta landsins. Sampúr er á yfirráðasvæði Tamílatígra, samkvæmt vopnahléssamningnum frá 2002. Bein árás virðist því vera brot á samningnum, en stjórnarherinn heldur því fram að árásin hafi verið gerð í sjálfsvörn, þar sem Tígrarnir hafi haldið úti linnulausum árásum frá Sampúr.

Tígrarnir hafa hins vegar biðlað til norrænu eftirlitsveitarinnar, SLMM, að staðfesta að um brot sé að ræða og hvort eiginlegt stríð hafi brotist út í landinu. Það verður í verkahring Lars Sölvbergs, nýjum verkefnisstjóra SLMM, að skera úr um þetta á næstu dögum, en talsmaður SLMM, Þorfinnur Ómarsson, sagði í viðtali við Fréttablaðið á dögunum að allar líkur væru á því að vopnahléssamningurinn hefði verið brotinn með sókninni.

Upptök árásarinnar á Sampúr má rekja til bardagans um vatnsveituna í ágúst og er nú til skoðunar hjá SLMM að úrskurða um átökin sem hafa staðið síðan sem eina heild. Stjórnarherinn réðst þá á Tígrana af „mannúðarástæðum“, það er til að koma vatni til sinna skjólstæðinga. Ýmsir stjórnmálaskýrendur hallast nú að því að vatnsveitubardaginn hafi verið hentug afsökun til að framkvæma yfirstandandi stórsókn við Sampúr. - kóþ



**HERMAÐUR STJÓRNARHERSINS KANNAR ÖKUTÆKI** Vegatálmar eru við flestar alfaraleiðir á Srí Lanka og eru margir þjóðvegir með öllu lokaðir. Því er mikilvægt að stjórna höfninni við Trincomalee, því þaðan má flytja vistir um landið, til dæmis til Jaffna-skaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KIKO** Prinsessan ásamt eiginmanninum, Akishino prins. Síðasta mánuð meðgöngunnar hefur hún dvalið á sjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Japanska keisarafjölskyldan:

## Kiko prinsessa í keisaraskurð

**JAPAN, AP** Kiko prinsessa, tengdadóttir Akihitos Japanskeisara, mun eignast þriðja barn sitt með keisaraskurði á morgun, 6. september.

Kyn barnsins hefur ekki verið gefið upp, en íhaldsmenn í Japan vona að það sé sveinbarn þar sem það myndi minnka til muna þrýstinginn á að breyta fornum reglum um erfðir krúnunnar. Ekkert sveinbarn hefur fæðst í keisarafjölskyldunni í 40 ár og því hefur það verið til umræðu að heimila að kona geti erft keisaratignina. Sé barnið drengur verður hann þriðji í ríkiserfðaröðinni á eftir Naruhito krónprins og föður sínum, Akishino prins. - aa

### DÆGRADVÖL

**Magni er orðið**

Á heimasíðunni leit.is er greint frá því í hverri viku hvaða orð á leitarvélinni eru mest notuð. Á 100 orða listanum er orðið „Magni“ í 3. sæti, í 19. sæti er „Rockstar supernova“ og í 29. sæti er „Supernova“. 762 fyrirspurnir voru lagðar fyrir leitarvélina með orðinu Magni síðustu sjö daga.

# Hafa náð tíu kílóum af fíkniefnum í ár

**Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur lagt hald á um tíu kíló af fíkniefnum það sem af er ári. Það er jafn mikið magn og allt árið í fyrra. Helmingur magnsins er kókaín. Meðalaldur lögbrjótanna er tæplega 25 ár, sá yngsti var 17 ára.**

**FÍKNIEFNI** Alls hafa komið upp 37 fíkniefnamál hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli það sem af er árinu. Alls hefur verið lagt hald á um tíu kíló af fíkniefnum, en það er sama magn og var gert upptækt allt árið í fyrra. Söluandvirði efnisins er í kringum áttatíu milljónir króna.

Þegar fjórðungur ársins er eftir hafa komið um fimm fíkniefnamál inn á borð tollgæslunnar í hverjum mánuði að jafnaði. Flest málin komu upp í febrúarmánuði síðastliðnum eða sjö talsins. Í umræddum mánuði voru tveir Litháar stöðvaðir við komuna hingað til lands með töluvert magn af amfetamínbasa, sem hefði að líkindum dugað til framleiðslu á um þrjátíu kílóum af amfetamíni.

Þann 3. febrúar síðastliðinn var lagt hald á fjögur kíló af amfetamíni, en það er nánast allt það amfetamín sem Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur fundið í ár. Í því máli var um að ræða 26 ára íslenskan karlmann sem var að koma frá París í Frakklandi með efnið falið undir fölskum botni í ferðatösku sinni. Magn amfetamínsins sem hald hefur verið lagt á í ár er nánast það sama og var upptækt allt árið í fyrra eða um fjögur kíló. Mun meira magn af amfetamíni hefur verið haldlagt hér á landi í ár en þessi tala gefur til kynna, nú síðast voru tveir Litháar gripnir af Tollgæslunni á Seyðisfirði með ellefu kíló af amfetamíni falið í tveimur bifreiðum við komu sína hingað til lands með Norrænu.

Það sem af er árinu hefur tollgæslan lagt hald á tæp fimm kíló af kókaíni, en það er fimmfalt meira magn af kókaíni en gert var upptækt í fyrra. Þar munar mestu um mál síðan 9. ágúst síðastliðinn, þegar átján ára stúlka var stöðvuð í Leifsstöð með tvö kíló af kókaíni falin í farangri sínum. Hún var að koma frá London.

Meðalaldur þeirra sem tollgæslan hefur haft afskipti af vegna fíkniefnamála á árinu er um 25 ár. Átta þeirra voru undir tvítugu. Sá yngsti var sautján ára piltur sem tekinn var á dögunum með um hundrað grömm af kókaíni, sem hann hafði falið í endaþarmi. Hann var að koma frá Amsterdam í félagi við annan mann. Vegna ungs aldurs piltsins var barnaverndaryfirvöldum gert viðvart.

Af þessum 37 tilfellum voru Íslendingar viðriðnir rúmlega helming þeirra, tólf karlmenn og sjö konur. Í hinum átján málunum voru flestir útlendingarnir frá Danmörku eða í fjórum tilfellum.

Ýmsar aðferðir við smygl hafa verið notaðar á árinu. Þá hafa flestir verið gripnir með fíkniefnin á sér, ýmist í nærfötum, sokkum eða peningaveskjum. Tæplega fimmtugur íslenskur karlmaður reyndi að smygla um sjö hundruð grömmum af kókaíni inn til landsins í heimilistölvu og þá reyndi tæplega fertugur norskur karlmaður að smygla hassi inn til landsins í veiðarfæraboxi.

Átta gerðu tilraun til að smygla efnum til landsins innvortis. Einn þeirra var 43 ára íslenskur karlmaður sem reyndi að smygla 25 grömmum af kókaíni og um sex grömmum af heróíni innvortis inn til landsins. Það er jafnframt eina tilfellið þar sem heróín hefur komið við sögu Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli á þessu ári. Nú síðast voru tveir arabar, búsettir hér á landi, gripnir með fíkniefni innvortis við komuna til landsins.

aegir@frettabladid.is

**ALDURSSKIPTING SMYGLARA**




**TEGUND EFNA OG MAGN Í GRÖMMUM**




Natascha Kampusch:

## Kemur fram í sjónvarpsviðtali

**AUSTURRÍKI, AP** Natascha Kampusch, átján ára austurrísk stúlka sem fyrir skemmstu slapp úr klóm mannræningja, sem hafði haft hana í prísund sinni í átta ár, hefur ákveðið að koma fram í sjónvarpsviðtali. Það verður sýnt annað kvöld í austurríska ríkissjónvarpinu.



**NATASCHA KAMPUSCH**

Mál hennar hefur vakið mikla athygli í Austurríki og víðar um heim, en til þessa hafa einungis birst myndir af henni sem teknar voru áður en henni var rænt fyrir átta árum, þegar hún var tíu ára. Andlit hennar verður þó hulið í sjónvarpsviðtalinu.

Almenningur í Austurríki hefur beðið eftir því að hún tjái sig sjálf um árin, sem hún dvaldi í prísundinni. Fljótlega eftir að hún slapp út bað hún fjölmiðla að sýna sér biðlund, hún myndi tjá sig þegar hún teldi sig tilbúna til þess. - gb

Finnskur vinnumarkaður:

## Vinnuveitendur skoði tölvupóst

**FINNLAND Yfir helmingur Finna myndi gefa vinnuveitanda sínum leyfi til að fylgjast með tölvupóstsumferð sinni ef grunsemdir vakna um að leynilegar, vinnutengdar upplýsingar eru sendar út af vinnustaðnum.**

**Vefútgáfa finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat hefur látið gera könnun á þessu og segir að vinnuveitendur fengju að fylgjast með því við hvern launamaðurinn eigi tölvupóstssamskipti og hvenær. Vinnuveitandinn fengi hinsvegar ekki að lesa póstinn. - ghs**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASSVIÐRI Á FIMMTUDAG**

Jæja, nú má vænta allnokkurs hvassviðris á fimmtudaginn og aðfaranótt föstudags gangi spár eftir. Vindurinn byrjar vestan til með morgninum samfara talsverðri rigningu en síðan gengur úrkomusvæðið yfir landið aðfaranótt föstudags með vindasömu veðri á Norður- og Austurlandi en þá lægir smám saman vestan til. Það gæti orðið mjög mikið vatnsveður sunnan Vatnajökuls þetta tímabil ef marka má spár.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg norðlæg átt og skúrir. Hiti 11-14 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Hæg, breytileg átt.

*» fimmtudagur*



5- 15 m/s hvassast vestan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C hálfskýjað | London | 23°C alskýjað | Alicante | 30°C hálfskýjað |
| Billund | 16°C léttskýjað | París | 29°C hálfskýjað | Mallorca | 28°C léttskýjað |
| Osló | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 26°C hálfskýjað | Algarve | 31°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C alskýjað | Friedrichshafen | 27°C heiðskírt | Krít | 30°C heiðskírt |
| Gautaborg | 17°C hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Las Palmas | 30°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33934 09/2006

Þessi Hilux hefur fengið 35´ breytingu frá Breytingarverkstæði Toyota

## Hilux - Harðskeytt hörkutól

**Hilux** er kjörinn fyrir íslenskar aðstæður. Hann er glæsilegur á yfirborðinu en undir niðri býr ódrepandi harðjaxl. Dugmikil 2,5 lítra dísilvélin kemur þér lengra á þýðan og hljóðlátan hátt. Hilux er hörkuduglegur vinnuhestur sem er byggður til að endast – hvort sem er í hefðbundinni útfærslu sinni eða breyttur af sérfræðingum Breytingaverkstæðis Toyota.

**Hilux - óstöðvandi í starfi og leik.**
**Komdu í reynsluakstur og láttu reyna á´ann í dag.**

Verð frá 2.830.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

**KJÖRKASSINN**



*Ætti stjórnarandstaðan að mynda kosningabandalag fyrir næstu þingkosningar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 52,4% |
| NEI | 47,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vinna Íslendingar landsleikinn gegn Dönum?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Sala Reykjavíkurborgar á hlut sínum í Landsvirkjun hefur ekki enn verið ákveðin:

# Unnið að framgangi málsins

**STJÓRNMÁL** Enn hefur ekki verið ákveðið hvenær sala Reykjavíkurborgar á hlut borgarinnar í Landsvirkjun, til íslenska ríkisins, gengur í gegn. Reykjavíkurborg á 45 prósent í Landsvirkjun, íslenska ríkið 50 prósent og Akureyrarbær fimm prósent. Ráðandi meirihluti í borgarstjórn hefur lýst því yfir að hann ætli sér að selja hlutinn, að því gefnu að sanngjarnt verð fáist fyrir hlutinn.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir vinnu vegna sölunnar standa yfir. „Það liggur fyrir endurskoðað verðmat sem fulltrúar borgarinnar og ríkisins þurfa að fara yfir. Það er unnið hörðum höndum að framgangi málsins og við vonumst eftir niðurstöðu sem fyrst.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Vonast eftir skjótir niðurstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það gengur ekki upp að Reykjavíkurborg sé 45 prósenta eigandi að Landsvirkjun og 95 prósenta eigandi að Orkuveitu Reykjavíkur. Það sjá allir,“ sagði Vilhjálmur.

Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir það óæskilega stöðu að Reykjavíkurborg eigi stóran hlut í bæði Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur, miðað þá stöðu sem nú er á markaði. „Þetta er óþolandi staða fyrir alla. Það er fráleitt að Reykjavíkurborg eigi ráðandi hlut í báðum þessum félögum, sérstaklega þegar samkeppnin er orðin lífleg á raforkumarkaði,“ sagði Guðlaugur Þór. **- mh**

Nítján ára afbrotamaður:

# Með hass og hníf á búðarápi

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára karlmaður var ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir ýmis lögbrot. Maðurinn var ákærður fyrir að hafa í vörslu sinni smáræði af hassi sem lögreglumenn fundu við húsleit í maímánuði í fyrra, en þá var maðurinn átján ára að aldri.

Maðurinn var handtekinn í júnímánuði sama ár í verslunarmiðstöðinni Kringlunni með tæp tvö grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni í vörslu sinni og bitvopn.

Loks var maðurinn ákærður fyrir að aka ökuréttindalaus þrívegis á þessu ári. **- æþe**


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN MICRA VISIA**

Nýskr. 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.





# Telja í lagi að Davíð tjái sig um pólitík

**Formaður bankaráðs Seðlabankans segir ekkert mæla gegn því að Davíð Oddsson tjái sig um pólitísk álitamál. Prófessor í stjórnmálafræði segir vandann fremur liggja í pólitískum ráðningum en að Davíð hafi pólitískar skoðanir.**

**STJÓRNMÁL** Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, segir ekkert óeðlilegt við að Davíð Oddsson seðlabankastjóri fjalli um pólitísk álitamál á opinberum vettvangi. Þvert á móti sé það eðlilegt. „Mér finnst fullkomlega eðlilegt að Davíð Oddsson tjái sig um slík mál og það er ekkert í ráðningarsamningi hans um að hann afsali sér réttinum til að tjá sig,“ segir Helgi.

Davíð ræddi um Kárahnjúkavirkjun og umræðuna um greinargerð Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings í Ríkisútvarpinu fyrir helgi. Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi bankaráðsmaður í Seðlabankanum, gagnrýndi framgöngu Davíðs í viðtali við RÚV á laugardag, og sagði ummæli hans draga úr trúverðugleika bankans. Helgi er á öðru máli og segir ekkert í orðum Davíðs rýra trúverðugleikann. „Virkjunin hefur með efnahagsmál að gera, stjórnarandstaðan hefur lagt til að fyllingu Hálslóns verði frestað og ég spyr hvaða efnahagslegu afleiðingar gæti það haft í för með sér,“ segir Helgi.

Davíð var einnig í Kastljósinu á sunnudag og fór þar hörðum orðum um dómskerfið. Hann sagði slæmt að það gæti ekki tekið stór mál til meðferðar og vitnaði til Baugsmálsins og Málverkafölsunarmálsins. Helgi gerir engar athugasemdir við þau orð Davíðs.

Spurður hvort hér gæti stefnubreytingar af hálfu Seðlabankans og hvort bankastjórarnir muni eftirleiðis tjá sig oftar um þjóðfélagsmál segir Helgi svo ekki vera. „Það er undir einstaklingunum komið hvort þeir vilja tjá sig um málefni líðandi stundar eða ekki.“



**SEÐLABANKINNN** Formaður bankaráðs Seðlabankans telur fullkomlega eðlilegt að seðlabankastjóri tjái sig um stjórnmál en fá dæmi eru um slíkt í 45 ára sögu bankans.



**HELGI S. GUÐMUNDSSON**



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**




**DAVÍÐ ODDSSON**

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, segir fá dæmi þess að seðlabankastjórar tjái sig um önnur mál en þau sem falla undir starfssvið þeirra og almennt blandi embættismenn sér ekki í flokkspólitísk hitamál. Óumdeilt sé að þeir hafi rétt til að tjá sig en álitamál hvort það sé heppilegt. Til dæmis eigi seðlabankastjóri að ráðleggja ríkisstjórnum og geti þurft að ráðleggja ólíkum stjórnmálamönnum og ólíkum ríkisstjórnum.

Gunnar Helgi segir enn fremur að ekki þurfi að koma á óvart þótt Davíð hafi skoðanir, hann hafi jú verið forsætisráðherra í rúm þrettán ár. „Vandinn liggur frekar í pólitískum ráðningum seðlabankastjóra en að Davíð hafi pólitískar skoðanir.“

**bjorn@frettabladid.is**

Kúvending ísraelsku stjórnarinnar í málefnum Palestínumanna:

# Byggja á herteknu svæðunum

**JERÚSALEM, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, boðaði í gær stefnubreytingu í málefnum Palestínumanna og herteknu svæðanna. Forsætisráðherrann skýrði frá nýrri áætlun um landnemabyggð á herteknum svæðum Palestínumanna, en þar eru Ísraelar í trássi við alþjóðalög. Stendur nú til að reisa þar ríflega 700 nýjar íbúðir. Frambjóðendur Kadima-flokks Olmerts hétu því áður en þeir komust til valda að rífa landnemabyggðir á herteknu svæðunum, en Olmert sagði að forsendur þess loforðs hefðu breyst eftir Líbanonsstríðið.

Einnig var haft eftir Olmert að hann væri reiðubúinn til viðræðna við forseta palestínsku heimastjórnarinnar, Mahmoud Abbas. „Ekkert vandamál er brýnna en Palestínumenn,“ mun Olmert hafa sagt utanríkis- og varnarmálanefnd ísraelska þingsins í gær. Talsmaður Abbas sagði að forseti Palestínumanna væri tilbúinn til viðræðna svo lengi sem Olmert setti engin skilyrði fyrir fundinum.



**EHUD OLMERT FORSÆTISRÁÐHERRA ÍSRAELS** Ísraelska ríkisstjórnin er orðin afhuga „vegvísi“ Bandaríkjamanna og stefnir nú á að fjölga íbúðum á herteknu svæðunum um ríflega sjö hundruð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Olmert aftók þó í gær að til stæði að hafa fangaskipti við Palestínumenn. Það yrði ekki gert fyrr en ísraelska hermanninum Gilad Shalit yrði sleppt úr haldi, þar sem honum hefði verið rænt. „Undir þrýstingi mannráns verður ekki samið,“ sagði Olmert. **- kóþ**


KSÍ
Alltaf í boltanum
LEIKUR ÁN FORDÓMA
MasterCard
KSÍ
EURO2008
Austria-Switzerland
FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í LAUGARDALNUM
FYRIR LANDSLEIK ÍSLANDS OG DANMERKUR
Ísland og Danmörk mætast í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 18:05 á miðvikudag. Af því tilefni viljum við hita upp með glæsilegri fjölskylduhátíð á gervigrasvelli Þróttar í Laugardal og hefst hátíðin kl. 16:00. Hoppukastali, knattþrautir og ýmislegt annað verður til skemmtunar og veitingasala á svæðinu.
Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum. ÁFRAM ÍSLAND!
Alltaf í boltanum með KSÍ
Landsbankinn
MasterCard
Coca-Cola
og vodafone
1X2
ICELANDAIR
GOTT FÓLK McCANN · 32039

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heita stóru köngulærnar sem mikið hefur verið af í Hafnarfirði undanfarið?
2. Hvenær taka lög um bann við reykingum á veitingahúsum gildi?
3. Hvaðan voru flóttamennirnir sem handteknir voru við komu til Kanaríeyja um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Reynt er að koma til móts við þarfir þeirra nemenda sem bíða sálfræðiþjónustu:

# Of mörg börn bíða þjónustu

**SKÓLAMÁL** „Það bíða of margir nemendur eftir þjónustu sálfræðings eins og staðan er núna en verið er að vinna í því að stytta biðlistann," segir Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla.

Í Breiðholtinu bíða flest börn í Reykjavík eftir sálfræðiþjónustu eða 92 og er mest fjölgun á tilvísunum vegna hegðunarvandamála.

Þorsteinn segir uppeldi í auknum mæli að færast yfir til skólanna og eitt af því sem þurfi að kenna nemendum sé góð hegðun. Ástæða þess að þessi mál eru komin yfir til skólanna telur Þorsteinn meðal annars vera breytingar í samfélaginu sem hafa haft áhrif á hlutverk fjölskyldunnar. „Þeir sem starfa við skóla eru hins vegar missáttir við þetta nýja uppeldishlutverk skólanna sem kallar á samstarf margra aðila.

Í Fellaskóla eru úrræði fyrir börn með mismunandi þarfir og reynt er að koma til móts við þarfir þeirra sem bíða sálfræðigreiningar." Sem dæmi um fjölbreytileikann í flóru nemenda í Fellaskóla nefnir Þorsteinn að fjórði hver nemandi við skólann hafi annað móðurmál en íslensku.

„Eftir hefðbundinn skóladag býður Fellaskóli upp á sérstakt úrræði, Æskufell, sem er ætlað börnum sem þurfa á stuðningi að halda. Úrræðið er í samstarfi við ÍTR og Þjónustumiðstöð Breiðholts." **- hs**



**ÞORSTEINN HJARTARSON** Uppeldi er í auknum mæli að færast yfir til skólanna.

Þjófur ákærður í héraðsdómi:

# Stal sex páskaeggjum úr búð

**DÓMSMÁL** Tuttugu og sex ára karlmaður var í gær ákærður fyrir þjófnað og fjársvik.

Maðurinn er ákærður fyrir að stela fartölvu í Verzlunarskólanum í febrúar síðastliðnum. Í apríl gerði maðurinn sér svo lítið fyrir og stal sex páskaeggjum úr verslun 11/11 að verðmæti tæplega átta þúsund krónur.

Auk þess var maðurinn ákærður fyrir að hafa tvisvar blekkt starfsmenn á bensínstöðum fyrir að láta sig fá sígarettupakka og tvö símakort sem ákærði þóttist ætla að kaupa, en stakk svo af. **- æþe**

Gróðurhúsaáhrifin:

# Sjúkdómar breiðast víðar

**BRETLAND** Hlýnandi loftslag jarðarinnar veldur því að bakteríur breiðast nú til heimshluta þar sem þeirra hefur lítt orðið vart fyrr. Þetta kom fram í máli Pauls Hunter, bresks prófessors í heilsugæslu, á ráðstefnu í Bretlandi sem BBC fjallaði um.

Nokkrir Norðurlandabúar hafa smitast af kóleru í sumar við það að synda með opin sár í Atlantshafinu, og einn Dani lést úr Vibrio vulnificus, sem hingað til hefur aðallega haldið sig í Mexíkóflóa.

Hunter segir bráðnauðsynlegt að fylgjast betur með hættulegum og tiltölulega algengum sjúkdómum svo sem malaríu. **- smk**

Hreindýraveiðitímabilinu lýkur 15. september:

# 250 dýr enn óveidd

**VEIÐI** Enn á eftir að veiða 250 hreindýr af 909 dýra kvóta á hreindýraveiðisvæðunum á Austurlandi. Veiðar hafa gengið treglega að undanförnu því þoka hefur legið yfir stórum hluta veiðisvæðanna.

Jóhann G. Gunnarsson, hjá Umhverfisstofnun, segir mikið óveitt af dýrum á Fljótsdalsheiði en ekkert meira nú en á sama tíma á undanförnum árum. „Það var afspyrnuvont veður hér í síðustu viku en var gott í dag og í gær. Ef veðrið helst gott þá erum við bjartsýnir á að þetta náist nú mest allt. Það á eftir að ná 139 törfum og 130 kúm."

Mikill áhugi er fyrir hreindýraveiðum og bárust rúmlega 2.000 umsóknir til veiða á 909 dýra kvóta þessa árs. Þar af bárust 30 umsóknir frá útlendingum. **- shá**



**AF VEIÐISLÓÐ** Nú líður senn að lokum hreindýraveiðitímabilsins. MYND/REIMAR



**KANADÍSKIR HERMENN Í AFGANISTAN** Hermennirnir voru býsna niðurlútir í gær eftir að fréttir bárust af því að félagi þeirra hefði fallið fyrir skotum úr vinveittri flugvél. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skotinn til bana af samherjum

**Einn Kanadamaður fórst í árásum frá herþotum á vegum NATO í Afganistan. Alls hafa fimm Kanadamenn fallið í átökum við talibana síðustu daga.**

**AFGANISTAN, AP** Einn kanadískur hermaður fórst og nokkrir særðust í gærmorgun þegar tvær bandarískar herþotur á vegum NATO gerðu loftárás í suðurhluta Afganistans. Loftárásin var gerð að beiðni NATO-sveitanna sem áttu þar í bardögum á jörðu niðri við talibana.

Meira en 20 manns að auki fórust í Afganistan í gær, þar á meðal fjórir Afganar og einn breskur hermaður þegar sjálfsmorðsárás var gerð á bílalest NATO í höfuðborginni Kabúl.

Hörð átök geisuðu um helgina milli talibana og NATO-hermanna í Kandahar-héraði í suðurhluta landsins. Átökin eru þau mannskæðustu frá því að bandaríski herinn og bandamenn hans steyptu talibanastjórn landsins af stóli fyrir fimm árum.

Hersveitir NATO hófu á laugardaginn harða herferð gegn herskáum talibönum í Panjwayi-héraði, sem er hluti af Kandahar. Markmið herferðarinnar, sem hefur fengið nafnið Medúsa, er að hrekja hina herskáu talibana á brott frá svæðinu.

Fjölmennur hópur talibana hefur haft aðsetur í Panjawi um langa tíð og skipulagt þar andspyrnu gegn bandaríska hernum og nú síðast gegn hersveitum á vegum NATO, sem tók við stjórn héraðsins í síðasta mánuði.

Hersveitir NATO halda því fram að meira en 200 talibanar hafi fallið fyrstu tvo dagana frá því að herferðin hófst, á laugardag og sunnudag. Afganska varnarmálaráðuneytið segir að 89 talibanar hafi fallið, en sjálfir halda talibanar því fram að þeir hafi misst innan við tíu manns.

„Þeir segjast hafa drepið 200 talibana en þeir drápu ekki einu sinni tíu," sagði Mullah Dadullah, sem er leiðtogi herskárra talibana í suðurhluta Afganistans. Hann talaði við fréttamann AP-fréttastofunnar í gegnum gervihnattarsíma, en fréttamaðurinn hefur áður talað við Dadullah og þekkti rödd hans.

Dadullah sagði einnig að Mullah Omar væri enn æðsti leiðtogi talibananna, en hann fór í felur þegar talibanastjórnin hraktist frá völdum á sínum tíma.

NATO heldur því einnig fram að afganska lögreglan hafi handtekið 80 talibana og 180 aðrir hafi fallið.

Á sunnudaginn fórust einnig fjórir kanadískir hermenn og sjö særðust í bardögum við herskáa talibana í Pajwayi. Frá árinu 2002 hafa þá samtals 32 kanadískir hermenn og einn kanadískur stjórnarerindreki fallið í Afganistan.

Frá því í nóvember árið 2001 hafa einnig 37 breskir hermenn fallið í Afganistan. Í gær sagði Richard Dannatt, yfirmaður breska herráðsins, í viðtali við breska dagblaðið Guardian, að það væri alveg á mörkunum að breski herinn réði við þau verkefni, sem hann hefði tekið að sér í Afganistan og Írak.

gudsteinn@frettabladid.is


CITROËN



■ Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.834 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.289 kr.

Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Enn meira fyrir enn minna

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bíldshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær
• Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
• Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
• Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
• Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
• Mun betri kjör á rekstrarleigu
• Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
• Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF.
SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo



■ Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk.1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 24.997 kr.

Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:
· Meiri burðargeta: 800 kg
· Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
· 180 gráðu opnun á afturhurðum
· Topplúga fyrir lengri hluti
· Hiti í sætum
· Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
· Rafdrifnar rúður
· Fjarstýrð samlæsing
· Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

Enn meira fyrir enn minna



Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




Endurhæfing á Reykjalundi hefur skipt sköpum fyrir heilsu Hafsteins og þau Lovísa horfa bjartsýn fram á veginn með gullbrúðkaup á næsta leiti.

# takk

## fyrir að gefa okkur lengri tíma saman

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll.
Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

HÉR & NÚ / SÍA

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**
Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

# Drögum í dag

**Hálfur milljarður í pottinum 2006**

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

27.517 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.



**DANSAÐ MEÐ SJAL** Þessi sautján ára indíánastúlka frá Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum dansaði á hátíð Totah-ættbálksins um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kostnaður við reyksvæði verður mismikill og sumstaðar er varla pláss fyrir þau:

# Taka verður tillit til veðráttunnar

**REYKINGABANN** „Við erum þegar farnir að velta fyrir okkur hvers konar aðstöðu verði best að koma upp fyrir reykingafólk," segir Kormákur Geirharðsson, annar eigandi Ölstofunnar.

Þegar reykingabann á veitingastöðum tekur gildi um mitt næsta ár verða reykingar bannaðar á þeim stöðum sem ekki hafa komið upp sérstakri aðstöðu fyrir reykingafólk.

Kormákur segir að taka verði tillit til veðráttu hér á landi við uppsetningu reyksvæðanna en það er heilbrigðisráðherra sem nú fer yfir nánari útfærslur á reyksvæðunum. „Maður spyr sig hvort tjald flokkist sem þak á reyksvæðinu og hvort leyfilegt verði að vera með gashitara á svæðinu sem verður að hluta óvarið fyrir veðri og vindum." Kormákur segir að enn eigi eftir að ákveða hvort heimilt verður að vera með áfenga drykki á reyksvæðinu. „Þetta má ekki verða eins og í Noregi þar sem bannað er að reykja inni og bannað að drekka úti."



**KORMÁKUR GEIRHARÐSSON** Segir að heimila verði áfenga drykki á reyksvæðunum.

Kormákur segir kostnað veitingahúsaeigenda við að koma upp reyksvæðum verða mismikinn og staðir eins og Hressó sleppi líklega við allan kostnað.

„Það er hins vegar ljóst að erfitt verður að byggja út á Laugaveg og nálægar hliðargötur og kostnaður veitingahúsaeigenda verður að öllum líkindum meiri á þessu svæði." -hs

Sænskir stjórnmálamenn:

# Morð á konum verði rannsökuð

**SVÍÞJÓÐ** Allir stjórnmálaflokkar Svíþjóðar, fyrir utan Umhverfisflokkinn, styðja hugmynd Vinstriflokksins um að sérstök rannsóknarnefnd verði sett á laggirnar sem rannsaki sérstaklega morð á konum og leggi fram tillögur sem dregið gætu úr tíðni þeirra.

Vinstriflokkurinn leggur jafnframt til að hafin verði herferð gegn ofbeldi karla á konum og börnum. Talskona femínista, Gudrun Schyman, segir hins vegar flokkana reyna að vinna sér atkvæði með tillögunni, en kosningar fara fram innan skamms. - smk





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á NESKAUPSTAÐ** Forstjóri lækninga segir að gamalt fólk hafi þurft að flytjast fjarri heimabyggð vegna mönnunarvanda sökum þenslu.

Starfsfólk fæst ekki á sjúkrahúsin vegna þenslu:

# Sjúklingar sendir á milli landshluta

**HEILBRIGÐISMÁL** Tvo til fimm starfsmenn vantar til starfa á hvert sjúkrahús á Austurlandi. Vegna mönnunarvanda við sjúkrahúsin í fjórðungnum hefur þurft að senda sjúklinga á milli byggðarlaga.

Stefán Þórarinsson, lækningaforstjóri á Heilbrigðisstofnun Austurlands, segir sérstaklega erfitt að fá faglært starfsfólk eins og lækna til starfa. „Þenslan á svæðinu hefur einnig gert það að verkum að erfiðlega hefur gengið að manna stöður ófaglærðs starfsfólks."

Sjúkrahúsin í fjórðungnum eru þrjú; á Egilsstöðum, Seyðisfirði og fjórðungsjúkrahúsið í Neskaupstað en það er einnig eina sjúkrahúsið í fjórðungnum sem sinnir fæðingarhjálp. Stefán segir skort á ljósmæðrum koma í veg fyrir að hægt sé að sinna þeirri þjónustu við sjúkrahúsið á Egilsstöðum en fæðingarþjónusta var aflögð þar fyrir tveimur árum síðan.

„Gamalt fólk getur lent í því að vistast fjærri heimabyggð vegna mönnunarvandans en það er misjafnt hvar hann er mestur. Þrátt fyrir þetta óhagræði hefur fólk tekið þessu með jafnaðargeði."

Stefán segir heilbrigðisstofnanir á Austurlandi hafa auglýst eftir starfsfólki án árangurs. „Í uppganginum sem hér er núna sækir fólk í betur launuð störf og heilbrigðistofnanirnar eru ekki samkeppnisfærar um vinnuafl." - hs


www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


VINSÆLASTI ERLENDI ÞÁTTURINN SEM SÝNDUR HEFUR VERIÐ Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI
Íslendingar,
kjósum Magna í úrslit
SMS
Sendu þitt atkvæði, rock 2, í númerið 1918. Síminn, SKJÁREINN og Og Vodafone taka höndum saman og lækka verðið á SMS í 19 kr.
NETIÐ
Farðu á www.rockstar.msn.com og kjóstu eins oft og úthaldið endist - það kostar ekkert.
ROCK STAR SUPERNOVA
MAGNAVAKA
Kosningavaka í beinni útsendingu frá kl. 23.35. Kosningin hefst kl. 01.50.
SKJÁREINN verður með kosningavöku í beinni útsendingu í kvöld. Guðrún og Felix taka á móti vinum og velunnurum Magna í myndveri SKJÁSEINS og halda uppi fjörinu fyrir og eftir Rock Star tónleikana. Það er ykkur að þakka að Magni fékk flest atkvæði í síðustu viku. Nú megum við ekki sofna á verðinum – komum Magna alla leið í úrslitin!
Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland
ENNEMM / SIA / NM23232



**JÓN GENGINN YFIR** Allt var með kyrrum kjörum þegar þessi mexíkóska kona gægðist út um dyrnar hjá sér um helgina eftir að fellibylurinn Jón gekk yfir. Þó er ekki víst að sandpokarnir í dyragættinni hafi dugað til að halda regnvatninu utan dyra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdir við nýjan duftgarð í Fossvogsdal ganga vel:

# Grafir langt fram á þessa öld

**SKIPULAGSMÁL** Fyrsta áfanga framkvæmdarinnar við nýjan duftgarð í Sóllandi í Fossvogsdal er lokið, segir Þorgeir Adamsson, garðyrkjustjóri kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. „Landmótuninni er lokið að stórum hluta til,“ segir Þorgeir. „Það er vonast til að kannski verði hægt að taka hluta garðsins í notkun árið 2008.“

Garðurinn verður rúmlega þrír hektarar og mun rúma um 32 þúsund duftker. „Þarna er gert ráð fyrir að verði til grafarsvæði langt fram á þessa öld,“ segir Þorgeir.

Að sögn Þorgeirs eykst hlutfall þeirra sem kjósa bálfarir sífellt. „Þetta eru orðin um eða yfir 25 prósent í dag.

Það er mjög jákvætt að bálförum fjölgi því það stuðlar að betri landnýtingu og minni kostnaði við gerð kirkjugarða.“ Þorgeir bendir á að á höfuðborgarsvæðum nágrannalanda séu yfirleitt rúm níutíu prósent sem velja bálför.

Nýi garðurinn var hannaður af Sigríði Magnúsdóttur og Hans-Olav Andersen á teiknistofunni Tröð. Þau sigruðu samkeppni sem efnt var til um hönnun garðsins á síðasta ári. Í honum verða margir duftreitir, aðskildir með lækjum. - sh



**DUFTGARÐURINN** Á myndinni sést glögglega hvernig fyrirhugað er að láta tjörnina við hlið garðsins flæða í lækjum milli reitanna.



**SÓLLAND** Hér mun duftgarðurinn rísa. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA




Fyrst ég gat hætt getur þú það líka!

Valgeir Skagfjörð heldur námskeið í haust

Losaðu þig við nikótínfíknina í eitt skipti fyrir öll.

Skráning í síma: 661 2547 eða netfang: valska@simnet.is

Dreptu í fyrir veturinn !

Býð einnig upp á fyrirlestra hjá fyrirtækjum og stofnunum

Geymið auglýsinguna



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

Ef þú vilt:
- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 6:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Nýtt námskeið hefst 11. september nk.
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.
Næstu námskeið fram að jólum:
16. október (4 vikur) og 13. nóvember (6 vikur).

NORDICASPA




**FLÓTTADRENGUR Í BÚÐUNUM Í TSJAD** Tsjadsmegin við landamærin dveljast nú minnst 200.000 súdanskir flóttamenn úr Darfúr-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Enginn friður í Darfúr

**Súdönsk yfirvöld segjast undirbúa átök við friðargæslulið SÞ og hvetja Afríkubandalagið til að hverfa frá héraðinu. Friðarhorfur eru ekki góðar, að mati Magneu Marinósdóttur alþjóðastjórnmálafræðings.**

**KARTÚM, AP** Stjórnvöld í Súdan segja að Afríkubandalagið hafi ekki umboð til að framselja núverandi friðargæslu bandalagsins til Sameinuðu þjóðanna. SUNA-fréttastöðin í Súdan hefur eftir forseta landsins, Omar al-Bashir, að súdanska stjórnin hafni alþjóðlegri friðargæslu í landinu og búi sig undir átök við hana, komi hún óboðin. Hann hvatti einnig Afríkubandalagið til að hafa sig á brott úr landinu fyrir lok mánaðarins, en þá rennur umboð þess til friðargæslu opinberlega út.



**MAGNEA MARINÓSDÓTTIR**

Ríkisstjórn Súdans er talin hafa sent liðsauka til Darfúr-héraðs nýverið og hefur gefið út yfirlýsingar um að 10.000 manna súdanskan her nægi til að tryggja frið í Darfúr. Magnea Marinósdóttir alþjóðastjórnmálafræðingur er ekki sérlega bjartsýn á friðarhorfurnar. „Til þess að friður haldist verða allar stríðandi fylkingar að vera á bandi friðarins. Sú staðreynd að tveir af þrem uppreisnarhópum í Darfúr-héraði skrifuðu ekki undir friðarsamningana í maí 2006 gefur ekki ástæðu til mikillar bjartsýni,“ sagði hún í viðtali við Fréttablaðið. Magnea bendir einnig á að ein ástæða mikillar andstöðu ríkisstjórnar Súdans sé hlutskipti bandamanna ríkisstjórnarinnar í Darfúr.

„Í Darfúr eru um fimmtíu menn sem settir hafa verið á lista Alþjóðasakamáladómstólsins yfir stríðslæpamenn. Þeir eru hliðhollir ríkisstjórninni og því vill hún leiða málið til lykta á sínum eigin forsendum, frekar en að hleypa að alþjóðlegum her Sameinuðu þjóðanna, sem síðan gæti fært þá fyrir Alþjóðasakamáladómstólinn.“

Núverandi friðargæsluliði Afríkusambandsins í Darfúr hefur ekki tekist að sinna hlutverki sínu sem skyldi síðan nokkrir af deiluaðilum skrifuðu undir friðarsamkomulagið í maí 2006. Eftir að þrír hópar afrískra Darfúr-manna gerðu uppreisn gegn arabískum yfirvöldum í Kartúm árið 2003 hafa um 200.000 manns látið lífið og liðlega 2,5 milljónir lagt á flótta.

klemens@frettabladid.is.

# 1. flokks upplifun

## Verð frá kr. 2.790 þús.

Eyðsla aðeins 9,1 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri










**Nýr Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um hagkvæman rekstur, akstursegininleika og öryggi.**
**Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.**
**Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, hagkvæmni og einstakir akstursegininleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.**

25 ÁR Á ÍSLANDI
1981-2006

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.
www.suzikibilar.is



NÝR GRAND VITARA



**MAMMÚTASTÓLL** Þessi risastóll sænska fyrirtækisins Ikea er til sýnis í verslunarmiðstöð í Yokohama borg í Japan, þar sem ný verslun Ikea verður opnuð á næstunni. Stóllinn er um níu sinnum stærri en litlu bræður hans, sem passa drengnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rætt var um lífið eftir virkjun á byggðaþingi sem haldið var á Hallormsstað:

# Efling atvinnulífs mikilvæg

**SAMFÉLAGSMÁL** Mikilvægt er að sú umræða sem verið hefur um Austurland undanfarin ár nýtist til jákvæðrar kynningar á landshlutanum og hjálpi til við að skjóta fleiri stoðum undir atvinnu- og félagslíf. Þetta var eitt af því sem fram kom á byggðaþingi undir yfirskriftinni Lífið eftir virkjun sem haldið var á Hallormsstað um helgina.

Þórarinn Lárusson, formaður Framfarafélags Fljótsdalshéraðs, segir að um sjötíu manns hafi verið skráðir á byggðaþingið þar sem fólk alls staðar af landinu hélt fyrirlestra. „Á þinginu var þátttakendum skipt í umræðuhópa þar sem meðal annars var fjallað um atvinnuvegi, náttúru, þjónustugreinar og nýsköpun á svæðinu.

Niðurstöður umræðnanna voru meðal annars þær að hlúa þurfi að aukinni menntun í fjórðungum til dæmis með eflingu fjarkennslu. Þá er mikilvægt að efla atvinnulíf og að ný atvinnutækifæri skapist fyrir þá sem nú starfa við tímabundnar framkvæmdir.“

Þórarinn segir mikilvægt að gera sem minnst úr lægðinni sem búast má við í lok virkjanaframkvæmda og búa þannig um hnútana að áframhaldandi uppgangur verði í fjórðungnum.



**ATLAVÍK** Ein af náttúruperlum Austurlands en náttúra á svæðinu var eitt af umræðuefnum þingsins.

Þórarinn segir mikilvægt að hugmyndir hins almenna borgara um framtíð fjórðungsins séu ekki slegnar út af borðinu heldur teknar með í umræðurnar. -hs

Neyðaraðstoð til Darfúr:

# 20 milljónir frá íslenska ríkinu

**AÐSTOÐ** Íslensk stjórnvöld munu veita sem svarar tuttugu milljónum króna til neyðar- og mannúðaraðstoðar í Darfúr-héraði í Súdan, samkvæmt ákvörðun Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra.

Af fjárhæðinni fer annars vegar sex milljóna króna styrkur til Hjálparstarfs kirkjunnar vegna hjálparstarfs alþjóðasamtaka kirkna í Darfúr. Hins vegar rennur tæplega fjórtán milljóna króna styrkur til neyðaraðstoðar í Darfúr á vegum Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna. - sdg




# Fjórðungur sveitarstjóra er konur

**Konur eru bæjarstjórar í tveimur af tuttugu fjölmennustu sveitarfélögum landsins, Mosfellsbæ og Árborg. Sextán konur eru sveitarstjórar á landinu, en sveitarfélög landsins eru 79.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Búið er að velja eða ráða sveitar- eða bæjarstjóra í 64 af 79 sveitarfélögum landsins síðan í sveitarstjórnarkosningunum nú í maí. Af þessum 64 sveitarstjórum eru 16, eða fjórðungur, konur og 48 karlmenn, samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu.



**HUGRÚN R. HJALTADÓTTIR**



**STEFANÍA KATRÍN KARLSDÓTTIR**

Konur eru sveitarstjórar í tveimur af tuttugu stærstu sveitarfélögum landsins. Þar er Mosfellsbær fjölmennastur, en sveitarfélagið Árborg næstfjölmennast. Helga Jónsdóttir tekur við embætti bæjarstjóra Fjarðabyggðar í þessum mánuði og verða þá konur sveitarstjórar í þremur af tuttugu stærstu sveitarfélögum landsins. Karlmenn eru borgar- eða bæjarstjórar í sex stærstu sveitarfélögunum, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Reykjanesbæ og Garðabæ.

„Þeir sem verða sveitarstjórar eru ýmist pólitískt kjörnir, sem efstu menn á lista, eða ráðnir inn,“ segir Stefanía Katrín Karlsdóttir, bæjarstjóri í Árborg. „Mér sýnist þessi skipting endurspegla hlut kvenna í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu. Þetta er kynjaskipting innan samfélagsins í hnotskurn, sýnist mér. Mér finnst að alltaf eigi að ráða hæfasta einstaklinginn til starfa, en hvort karlmenn eru hæfastir í þremur af fjórum tilvikum hef ég ekki hugmynd um.“




Alls búa 27.289 Íslendingar í sveitarfélögum undir stjórn kvenkyns sveitarstjóra. Það er um níu prósent af heildarfjölda Íslendinga.

„Við teljum að jafnrétti hafi verið náð þegar hvorugt kynið hefur minni hlut en fjörutíu prósent í sveitarstjórnum,“ segir Hugrún R. Hjaltadóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

„Það virðist vera sem konur nái ekki yfir þrjátíu prósentin í íslensku samfélagi. Tilhneigingin með röðun á lista var mikið til sú að karlmenn væru í 1. sæti og konur 2. sæti. Þá segir sig sjálft að það sé ólíklegra fyrir konur að komast í áhrifastöður. Auðvitað þurfa að vera fleiri konur í forsvari fyrir sveitarstjórnir. Þetta er slæm staða,“ segir Hugrún.

steindor@frettabladid.is

## KVENKYNS SVEITARSTJÓRAR Á ÍSLANDI

**Sveitarfélög þeirra og íbúafjöldi**

| | |
|---|---|
| Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Mosfellsbær | 7.266 |
| Stefanía Katrín Karlsdóttir, Árborg | 7.095 |
| Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði | 2.120 |
| Svanfríður Inga Jónasdóttir, Dalvík | 1.937 |
| Unnur Brá Konráðsdóttir, Rangárþing eystra | 1.686 |
| Oddný Guðbjörg Harðardóttir, Garður | 1.400 |
| Erla Friðriksdóttir, Stykkishólmur | 1.167 |
| Sigríður Finsen, Grundarfjörður | 972 |
| Jóna Fanney Friðriksdóttir, Blönduós | 910 |
| Margrét Sigurðardóttir, Flóahreppur | 528 |
| Ásdís Leifsdóttir, Strandabyggð | 505 |
| Guðrún María Valgeirsdóttir, Skútustaðahreppur | 410 |
| Guðný Sverrisdóttir, Grýtubakkahreppur | 368 |
| Sigríður Þorsteinsdóttir, Grímsnes- og Grafningshr. | 364 |
| Eyrún I. Sigþórsdóttir, Tálknafjörður | 305 |
| Ólína Arnkelsdóttir, Aðaldælahreppur | 256 |

Lög um grunnskóla í skoðun:

# Nefndin vill fá álit almennings

**MENNTAMÁL** Nefnd sem vinnur að heildarendurskoðun laga um grunnskóla auglýsir eftir athugasemdum og ábendingum frá almenningi um hvaða meginsjónarmið ætti að hafa að leiðarljósi við endurskoðunina og hver framtíðarsýn eigi að vera í málefnum grunnskólans.

Nefndin, sem var skipuð af menntamálaráðherra, hefur haldið fundi með fjölmörgum hagsmunaaðilum og. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum í ársbyrjun 2007.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins. - sdg

Sænskur prestur, sem lagði á ráðin um morð á eiginkonu sinni, hefur játað:

# Fossmo var alvaldur í söfnuðinum

**SVÍÞJÓÐ** Sænski presturinn Helge Fossmo hefur viðurkennt að hafa skipulagt morð á eiginkonu sinni í bænum Knutby í Svíþjóð fyrir nokkrum árum. Fossmo viðurkenndi morðið í sjónvarpsviðtali í síðustu viku, að sögn vefútgáfu Expressen.

Í ársbyrjun 2004 var lögreglu tilkynnt um skotárás á tvo menn í Knutby, þar á meðal eiginkonu Fossmos sem fannst látin í rúmi sínu. Barnfóstra fjölskyldunnar, Sara Svensson, játaði strax á sig morðið.

Nokkrum vikum síðar var Helge Fossmo tekinn höndum. Um leið hófst rannsókn á andláti fyrri eiginkonu hans sem lést þegar hún datt í baði árið 1999.

Við rannsókn lögreglu kom í ljós að Fossmo hafði ægivald yfir barnfóstrunni, hafði skipulagt morðið á eiginkonu sinni og notað Svensson sem handbendi sitt. Þetta var þó aðeins hluti af heildarmyndinni því Fossmo var alvaldur í söfnuðinum í Knutby. Söfnuðurinn hafði einangrað sig frá umheiminum.

Sumarið 2004 var Svensson dæmd til vistar á réttargeðdeild en Fossmo dæmdur í ævilangt fangelsi. Hann var dæmdur á grundvelli skipana í sms-skilaboðum til Svensson en hann hefur alltaf neitað hlutdeild í morðinu þar til nú. - ghs



**LÖGREGLA KÖLLUÐ TIL** Barnfóstra fjölskyldunnar játaði á sig morðið fljótlega eftir að rannsókn lögreglu hófst en presturinn játaði ekki fyrr en í sjónvarpsviðtali í vikunni.

Deilur um söguskoðun:

# Annan lítilsvirtur í Íran

**TEHERAN, AP** Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, þótti óvirtur af forseta Írans í heimsókn sinni þangað á dögunum.



KOFI ANNAN

Annan hafði mælst til þess að ríkjandi söguskoðun um helför gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni, væri ekki dregin opinberlega í efa af írönskum ráðamönnum, því það myndi vekja reiði Ísraelsmanna. Lokadag heimsóknar Annans tilkynntu Íranar hins vegar um væntanlega ráðstefnu í Íran, en á henni er ætlað að rannsaka svokallaðar ýkjur um helförina.

Kofi Annan brást við með yfirlýsingu um að hann teldi helförina „óyggjandi sögulega staðreynd“. - kóþ



**UNDIRRITUN** Jón Viggó Gunnarsson, forstjóri EJS, og Óskar Örn Guðbrandsson, framkvæmdastjóri SKB, undirrituðu samninginn að viðstöddum Jóhanni Bjarna Þorsteinssyni, Snædísi Björtu Ágústsdóttur og Þóri Valdimarssyni sem fengu fartölvu að gjöf.

EJS styrkir krabbameinssjúka:

# Fá tölvur sem nýtast í fjarnámi

**LÍKNARMÁL Styrktarfélag Krabbameinssjúkra barna og EJS, umboðsaðili Dell á Íslandi, skrifuðu í liðinni viku undir samstarfssamning, en öll börn á aldrinum tíu til átján ára sem greinast með krabbamein munu fá Dell fartölvu að gjöf frá EJS.**

**Samningurinn, sem er til tveggja ára, skiptir sköpum fyrir þjónustu Styrktarfélagsins, en krabbameinssjúk börn eru oft fjarri skóla vegna lyfjameðferðar og munu fartölvurnar nýtast börnunum í fjarnáminu. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna varð fimmtán ára á laugardag.** - rsg

## LÖGREGLURÉTTIR

### Tveir ölvaðir undir stýri

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði um liðna helgi tvo ökumenn sem reyndust ölvaðir undir stýri. Báðir voru þeir stöðvaðir við reglubundið eftirlit.


KAUPIÐ JEPPADEKKIN HJÁ OKKUR

Gott verð, traust ráðgjöf og fyrirmyndarþjónusta



Eitt mesta úrval landsins af jeppadekkjum á flestar gerðir jeppa – breyttra sem óbreyttra



ARCTIC TRUCKS®

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0026 KC

## „ORÐRÉTT“

**Glæpir**

*„Hvers vegna voru menn að leggja svona mikið á sig við að smygla inn efni sem er auðveldlega hægt að fá á landinu?“*

**Jóhann R. Benedidiktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, um skipulagða glæpahópa frá Litháen. Morgunblaðið 4. september.**

**Köngulær**

*„Ég skil ekki hvers vegna fólk heldur að þetta sé eitthvað nýtt, því hún hefur verið hér öldum saman.“*

**Erlingur Ólafsson dýrafræðingur um fjölda fyrirspurna um krossköngulær sem geta bitið í gegnum mannsskinn. Fréttablaðið 4. september.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR

## *Himinlifandi með stuðninginn*

Um helgina var Ljósanótt í Reykjanesbæ haldin í fjórða sinn og líkt og áður var efnt til lagakeppni. Lag og texti Védísar, Ástfangin, stóð uppi sem sigurvegari eftir kosningu á netinu sem um 1.500 manns tóku þátt í.

„Ég er fyrst og fremst alveg himinlifandi með þennan mikla stuðning og meðbyrinn sem ég finn fyrir,“ segir Védís og bætir við að samkeppnin hafi verið mjög hörð. „Mér fannst nú líklega að meiri reynsluboltar en ég myndu sigra.“

Plata með laginu og níu öðrum úr keppninni er komin út. „Þetta eru mestu verðlaun sem hægt er að fá fyrir lagasmíðar á Íslandi, verðlaunaféð er 400.000 kr. sem kemur sér vel,“ segir Védís. Hún tók virkan þátt í hátíðarhöldunum um liðna helgi og naut þeirra í faðmi fjölskyldu sinnar og átti að sögn dásamlega helgi.

Védís fékk Regínu Ósk til að syngja sigurlagið fyrir sig. Með því vildi hún halda fjarlægð við sólóferilinn sem hún hefur verið að leggja grunninn að úti í London síðustu árin.

„Það eru komin heil sex ár frá fyrstu sólóplötunni minni, en plata sem ég hef verið að vinna að lengi kemur út eftir áramót. Tónlistin er ljúf og þægileg og textarnir fjalla um það hvað lífið er fallegt.“ Védís starfar ytra undir verndarvæng tveggja Breta sem stjórna upptökum á plötunni auk þess að gefa hana út. „Þetta eru miklir mógúlar og hafa unnið með bæði Michael Jackson og Elton John,“ segir Védís um samstarfsmennina.

Védís býr hér heima eins og er en segist alltaf vera með annan fótinn úti í London. „Ég er mjög heimakær þannig að það er erfitt fyrir mig að sleppa takinu af klakanum,“ segir Védís Hervör Árnadóttir að lokum.



## SJÓNARHÓLL

HVALVEIÐAR

## *Ein þjóð í einu landi*



STEFANÍA KATRÍN KARLSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI ÁRBORGAR

Ég tel mjög varhugavert að taka einn hlekk í lífkeðjunni út og vernda. Það þarf að horfa á þetta í heild sinni og stuðla að hagkvæmni í nýtingu allrar keðjunnar, og hvalveiðar eru inni í því. Við vitum það náttúrulega að hvalurinn étur mikið af fiski og þetta er okkar auðlind. Að þessu leyti styð ég hvalveiðar. En auðvitað þarf alltaf að vera skynsemi í þessu eins og öðru.

Ég held að vel sé hægt að stunda hvalveiðar meðfram hvalaskoðun. Skynsemi þarf að vera í nýtingu og að veiðar geti fallið að öðrum atvinnuvegum. Ég held það sé frekar spurning um skipulagslegt atriði, að þessu sé stýrt almennilega. Það er óþarfi að vera með veiðar við hliðina á skoðunarbát, við þurfum að vinna þetta saman sem ein þjóð í einu landi.





GRUNNNÁM Í PHOTOSHOP



**Að eiga stafræna myndavél og kunna ekki á Photoshop er eins og að eiga bíl og kunna ekki að keyra!**

Á þessu námskeiði er lögð áhersla á hvernig hægt er að nota þetta magnaða forrit til eftirvinnslu og lagfæringar stafrænna mynda úr myndavélum eða skönnum. Áhugavert og skemmtilegt 30 stunda námskeið í þessu frábæra forriti.

- **Kvöldnámskeið**
  Mánudaga og miðvikudaga frá 18-22.
  Byrjar 11. sept. og lýkur 25. sept.
- **Morgunnámsskeið**
  Þriðjudaga og fimmtudaga frá 8:30-12:30
  Byrjar 12. sept. og lýkur 26. sept.

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS


# Hvert örstutt spor um heiminn

**Sjónvarpsmyndin Hvert örstutt spor, sem byggir á reynslu Auðar Guðjónsdóttur og dóttur hennar, Hrafnhildar Thoroddsen, verður sýnd víða um heim. Nýlega hljóp listamaðurinn Teddi í fang Auðar í Perlunni og færði henni listaverk til að styrkja hana í átakinu sem miðast að því að opna augu almennings og yfirvalda gagnvart mænuskaða.**



**AUÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR OG MAGNÚS THEODÓR MAGNÚSSON EÐA TEDDI** Listamaðurinn rauk í fang Auðar þegar hann sá hana í Perlunni og gaf henni listaverk sitt sem ber heitið Hamskipti. Mynd byggð á reynslu Auðar verður sýnd víða um heim á haustmánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég var á leiðinni úr Perlunni þar sem ég var í erfidrykkju ásamt dóttur minni þegar Teddi kemur að okkur og segist vera svo hrifinn af því sem við séum að gera að hann vilji endilega gefa okkur listaverk eftir sig,“ segir Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún hefur til fjölda ára barist fyrir því að beina athygli stjórnvalda og almennings að málefnum mænuskaddaðra og undanfarin ár hefur sú barátta heldur betur borið ávöxt. Fyrir tilstilli hennar var árið 2001 haldið alþjóðlegt þing hér á landi með brautryðjendum í lækningum á mænuskaða undir merkjum íslenskra heilbrigðisyfirvalda og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, WHO. Árið 2005 var framleidd sjónvarpsmyndin Hvert örstutt spor en hún byggir á reynslu þeirra mæðgna, Hrafnhildar Thoroddsen og Auðar, en Hrafnhildur lamaðist fyrir neðan mitti eftir að hún lenti í bílslysi fyrir 16 árum. Nú hafa tekist samningar um að myndin verði tekin til sýningar á haustmánuðum á Englandi, Írlandi, Skotlandi, Mön, Ermarsundseyjum, Möltu, Ísrael og Danmörku. Sjónvarpsstöð þýskra stjórnvalda, Deutche Welle, hefur einnig samþykkt að sjónvarpa myndinni í þýsku-, ensku- og spænskumælandi löndum í nóvembermánuði næstkomandi. Þar að auki hefur myndin verið talsett á spænsku fyrir sjónvarpsstöðvar í Suður-Ameríku.

Ekki er afrekalistinn tæmdur því fyrr á þessu ári var opnaður, fyrir tilstilli Auðar, alþjóðlegur gagnabanki um mænuskaða undir merkjum íslenskra stjórnvalda og WHO.

„Þetta hefur verið mikil þrautaganga en það sem mér er mest um vert er stuðningur almennings sem ég hef fengið að njóta allt frá upphafi,“ segir Auður. Hún er því ekki óvön því að menn komi að henni og lofi verk hennar. Myndin sem Teddi gaf henni heitir Hamskipti og hefur fjölmiðlafyrirtækið 365 keypt verkið og segir Ari Edwald, forstjóri þess, að kaupin feli í sér stuðning við mænuskaðaverkefnið.

Teddi segir að honum hafi ekki komið annað í hug en að gefa Auði verkið þegar hann sá hana og segist hann gruna að aðrir listamenn eigi það örugglega til hjá sér að bregðast við með þessum hætti.

jse@frettabladid.is

# Lunknir nemar í lífsleikni

„Þetta er lífsleikni í verki,“ sagði Áslaug Traustadóttir, umsjónarkennari 9-D bekkjar í Rimaskóla, stolt þegar Sigurður Sturla Bjarnason afhenti Guðrúnu Margréti Pálsdóttur, formanni ABC bjarnahjálpar, 75 þúsund króna ávísun fyrir hönd bekkjarins í síðustu viku.

Þessi peningur sem bekkurinn ákvað að gefa var þó ekki hristur fram úr erminni. „Bekkurinn lenti í þriðja sæti í samkeppni sem reyklausir bekkir alls staðar af landinu geta tekið þátt í og fyrir vikið hlaut hann 75 þúsund krónur,“ segir Áslaug. „Svo var það ákveðið í leynilegri kosningu að gefa ABC verðlaunaféð í staðinn fyrir að fara í mikla óvissuferð.“

Þegar forsvarsmenn Netbankans heyrðu af þessu vildu þeir ekki láta sitt eftir liggja svo Soffía Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Netbankans, kom færandi hendi með sömu upphæð.

Verkefnið sem bekkurinn var verðlaunaður fyrir kölluðu nemendurnir Ruslaskrímslið. „Þau útbjuggu reykingarskrímsli úr vírum,“ útskýrir Áslaug, „svo gengu þau í hús og leyfðu fólki að tæma öskubakkana í skrímslið en þeir sem áttu eitthvað í öskubakka til losunar fengu í staðinn skrifleg ráð um það hvernig það gæti hætt að reykja.“

- jse



**AFHENDIR FORMANNI ABC 75 ÞÚSUND AÐ GJÖF** Sigurður Sturla Bjarnason afhendir Guðrúnu Margréti Pálsdóttur, formanni ABC barnahjálpar, ávísun upp á 75 þúsund krónur sem bekkurinn ákvað að gefa frekar en að nota í óvissuferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS



# Sæktu þér þekkingu – sæktu þér aukinn styrk

## STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

// Tímastjórnun og skipulagning
**hefst 12. sept.**

// Excel 2000 II –- fjármál og rekstur
**hefst 12. sept.**

// Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard): Framkvæmd og innleiðing *í samstarfi við Stjórnvísi*
**hefst 13. sept.**

// Greining ársreikninga
**hefst 18. sept.**

// Sönn leiðtogahæfni: I – V
**hefst 27. sept.**

// Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
**hefst 27. sept.**

## MENNING OG SJÁLFSRÆKT

// Vínsmökkun 1: Listin að meta vín
**hefst 19. sept.**

// Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
**hefst 19. sept.**

// Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
**hefst 20. sept.**

// Orisha - hinn afríski guðaheimur á Kúbu
**hefst 21. sept.**

// Egilssaga
**hefst 26. sept.**

// Sigmund Freud I: Ævi, saga og kenningar
**hefst 28. sept.**

Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

**// AÐ VAXA OG DAFNA**
Endurmenntun sinnir sí- og endurmenntun á háskólastigi og uppfyllir þarfir fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega. Í boði eru u.þ.b. 200 styttri námskeið á fjölmörgum fræðasviðum ásamt fjölbreyttu framboði á námi samhliða starfi.

sími 525 4444
www.endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

## Svona erum við

> Gistinætur Íslendinga í skálum í óbyggðum




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÓEIRÐIR OG KYNÞÁTTAHATUR Í KARJALAHÉRUÐUNUM Í RÚSSLANDI:

# *Íbúarnir gengu um rænandi og ruplandi*

Ofbeldisalda og kynþáttahatur hefur riðið yfir rússnesku borgina Kondopoga um 150 kílómetra frá finnsku landamærunum. Borgin tilheyrir rússneska hluta Karjalahéraðanna sem eitt sinn tilheyrðu Finnlandi. Aðeins búa um 40 þúsund manns í þessari borg sem heitir Kontupohja á finnsku en mótmælendurnir skipta hundruðum.

**Hvað gerðist eiginlega?**

Yfir eitthundrað einstaklingar voru teknir höndum um helgina þegar nýnasistar og reiðir íbúar kveiktu í verslunum og byggingum í eigu manna frá Kákasíu, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet. Óeirðirnar hófust á þriðjudaginn í síðustu viku þegar tveir Rússar létu lífið í slagsmálum á krá. Í framhaldi af því söfnuðust saman nokkur þúsund reiðir íbúar í miðborginni á laugardaginn og kröfðust þess að öllum athafnamönnum frá Kákasíu yrði vísað út úr héraðinu. Borgarstjórnin hefur tekið í sama streng.

Mótmælin fóru fljótlega úr böndunum og nokkur hundruð drukknir mótmælendur fóru um borgina og eyðilögðu og rændu eigum Kákasíumanna. Kveikt var í mörgum bílum. Veitingastaðurinn þar sem Rússarnir létu lífið var skemmdur. Talið er að þeir sem myrtu Rússana hafi verið frá Tsétséníu en eigendur veitingastaðarins eru tsétsénskir.

**Er kynþáttahatur algengt í Rússlandi?**

Kynþáttahatur hefur margsinnis blossað upp frá því að Sovétríkin liðuðust í sundur og stjórnvöld hafa lítið unnið gegn því, að sögn leiðtoga múslima. Sjónvarpsmyndir teknar af áhugamönnum sýna hvernig lögreglan lætur afskiptalaust þegar kveikt er í veitingastöðum. Nýnasismi hefur átt miklu fylgi að fagna á sumum svæðum í Rússlandi og ekkert er reynt að sporna við honum.



Nýnasismi á fylgi að fagna í Rússlandi.

## SPURT & SVARAÐ

VINNA BARNA OG UNGLINGA

### *Höfðum til foreldra*



GUNNAR PÁLL PÁLSSON FORMAÐUR VR

Meðalaldur félagsmanna VR í matvöruverslunum og stórmörkuðum hefur hríðfallið undanfarin ár. Dæmi er um að börn vinni við afgreiðslustörf á nóttinni en reglugerð um vinnu barna og unglinga kveður á um að vinna eftir klukkan átta á kvöldin sé óheimil nema í undantekningartilvikum. Þrettán og fjórtán ára börn mega vinna 35 klukkustundir á sumrin og tólf klukkustundir á viku með skóla.

**Hvað veldur því að meðalaldur í þessum störfum hefur lækkað svo mikið?**

Það er bæði vinnutíminn og samkeppni á þessum markaði. Eldra fólk og fjölskyldufólk vill síður vinna á þessum tíma, á kvöldin og um helgar.

**Sækja fyrirtækin í þetta vinnuafl til að lækka launakostnað?**

Ég veit það ekki en maður veltir því óneitanlega fyrir sér.

**Hvað er hægt að gera til að snúa þessari þróun við og er það æskilegt?**

Ég held að fólk ætti ekki að vera mikið yngra en fimmtán, sextán ára í þessum störfum til dæmis vegna öryggisþátta og fleira. Það er æskilegt að breyta þessu og við höfum höfðað til foreldra í því samhengi og hvetjum til þess að fólk hugleiði þetta.

# Starfsfólk og sjúklinga skortir val

**Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, segir einokun og skort á samkeppni helstu meinbaugina sem fylgt hafa sameiningu spítalanna. „Við höfðum varað við að vandamál einokunar, sem eru oft skert þjónusta og lakara vinnuumhverfi, myndu fylgja þegar hvorki þarf að keppa um starfsfólk né sjúklinga lengur.“**



**LÆKNIR Á GANGI BORGARSPÍTALANS** Ákveðið var að sameina tvö stærstu sérgreinasjúkrahús landsins, Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur, í eitt hátækni- og kennslusjúkrahús í febrúar árið 2000 og varð þá til Landspítali - háskólasjúkrahús.FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Í ályktun nýafstaðins aðalfundar Læknafélags Íslands er stjórn félagsins hvött til að standa vörð um atvinnufrelsi lækna með því að stuðla að því að læknar geti beitt þekkingu sinni og veitt þjónustu á fleiri en einum vinnustað og verði ekki háðir einum vinnuveitanda. Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á Landspítalanum í lok seinasta árs og í kafla um stjórnunarvanda kemur fram að læknar sem ekki geti sætt sig við stjórnarhætti og fyrirkomulag starfseminnar ættu að leita annað. En þar sem Landspítalinn sé í raun eini vinnustaðurinn fyrir flesta lækna sé þó erfitt um vik að því leyti.

Sigurbjörn segist vita dæmi þess að menn eigi enga aðra kosti en að vinna á Landspítalanum og halda sig á mottunni til að vera ekki sparkað. „Sem myndi þýða að viðkomandi þyrfti að taka sig upp með fjölskyldu og flytja til útlanda. Fyrir utan það að sjúklingar eiga ekkert val heldur.“

Sigurbjörn segir að til þess að taka á þeirri einokunarstöðu sem skapast bæði gagnvart starfsmönnum og sjúklingum sé vert að velta fyrir sér áframhaldandi rekstri á Borgarspítalanum sem yrði þá ekki háskólasjúkrahús og hugsanlega í höndum einkaaðila. „Það geta komið aðrir fjárfestar að því heldur en bara heilbrigðisstéttir. Þetta fylgir lögmálum annars atvinnurekstrar og það er alveg eðlilegt að menn velti þessu fyrir sér, bæði núverandi eigendur spítalans og þeir sem að kynnu að hafa áhuga á að standa að slíkum rekstri. Það kann að vera heppilegra og þjálla að fá þjónustu á sjúkrahúsi sem hefur ekki allar skyldur háskólasjúkrahúss og það er ýmislegt að sem slíkt sjúkrahús gæti unnið hratt og vel.“

Í greinargerð sem fylgdi tillögu að ályktuninni á aðalfundinum er bent á að fámenni landsins sé engin afsökun fyrir að hafa ekki fleiri en eitt sjúkrahús í Reykjavík og bent á að samkeppni þrífist milli háskóla á svæðinu um nemendur og starfsmenn sem dæmi. Enn fremur er það sagt almannavarnarmál að hafa fleiri en eitt sjúkrahús í Reykjavík svo að Reykvíkingar verði ekki sjúkrahúslausir komi eitthvað fyrir á þeim eina og þrönga stað þar sem nú er ætlunin að byggja sjúkrahús.

> Sérhæfðir heilbrigðisstarfmenn, sem eru með púlsinn á straumum og stefnum innan alþjóðasamfélagsins í sínu fagi, verða að hafa val í Reykjavík
>
> **SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR**
> STJÓRNSÝSLUFRÆÐINGUR

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur við rannsóknarstofnina LSE Health and social care, segir að byggja eigi upp á báðum stöðum þar sem höfuðáhersla er lögð á öryggi og aðgengi fyrir notendur annars vegar og samkeppni og fjölbreytileika fyrir starfsfólk hins vegar. „En við megum ekki gleyma því að hverju sem menntun og vísindum líður, og allt gott um þann þátt að segja, þá er það starfsfólkið sem er lykillinn að gæðum og framþróun þjónustunnar eins og hún er veitt frá degi til dags. Þar er Landspítalinn í samkeppni við einkamarkaðinn hér á landi og einnig í alþjóðlegri samkeppni, því íslenskir læknar eiga ennþá góða atvinnumöguleika erlendis. Nettó niðurstaða samkeppninnar eins og hún er núna er alls ekki að skila íslenskri heilbrigðisþjónustu því sem góð samkeppni getur gert.”

Sigurbjörg segir nauðsynlegt að skapa skilyrði fyrir fjölbreytleika og tryggja að heilbrigðisstarfsmenn eigi þess kost að velja milli vinnustaða. „Þess vegna þurfum við samkeppni milli sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu um starfsfólk. Slík samkeppni er forsenda fyrir umræðu og uppbyggilegri gagnrýni um heilbrigðis- og sjúkrahúsmál, gagnrýni sem getur gefið tóninn fyrir öfluga umbóta- og þróunarstarfsemi innan sjúkrahúsanna. Sérhæfðir heilbrigðisstarfmenn, sem eru með púlsinn á straumum og stefnum innan alþjóðasamfélagsins í sínu fagi, verða að hafa val í Reykjavík.“



FRÉTTASKÝRING

**SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.**
sdg@frettabladid.is

Áttar sig ekki á hugmyndafræði Læknafélags Íslands:

## Eitt sjúkrahús er best

„Það er ljóst að í landi með 300 þúsund íbúa er eðlilegt að það sé eitt sérgreinasjúkrahús sem sér um þjónustuna sem þarf að sinna. Almennt er talið að það þurfi upp undir 750 þúsund manns sem æskilegan fjölda íbúa á bak við sérgreinasjúkrahús,“ segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og bætir við að fagleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi við gæði þjónustunnar.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

„Og maður spyr sig hver á að greiða fyrir annað sjúkrahús, á þetta að vera einkarekstur alfarið eða á ríkið að eiga aðkomu að þessu? Ég hef ekki heyrt hvernig menn hafa séð það fyrir sér og hvort ríkið eigi að greiða fyrir þessa svokölluðu samkeppni eða hvort sjúklingurinn eigi að greiða fyrir þjónustuna. Ég átta mig ekki á þessari hugmyndafræði í ályktun Læknafélags Íslands.“

Siv segir að fram hafi komið að sameining spítalanna hafi verið rétt skref faglega og einnig gagnvart betri nýtingu fjármuna eins og fram hafi komið í úttekt Ríkisendurskoðunar. „Meginskylda þeirra sem halda utan um heilbrigðisþjónustuna hlýtur að vera að þjónustan við sjúklingana sé eins hagkvæm og hægt er. Og góð þjónusta næst best með því að hafa öflugt sérgreinasjúkrahús.“ - sdg



# ÍTALÍA

– allt það besta!

# Nýtt á Íslandi

beint frá Ítalíu




## Spennandi nýjungar!

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Átök við unglinga í Skeifunni:

## Lögreglu sé sýnd virðing

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Um helgina þurfti lögreglan í Reykjavík ásamt liðsauka að beita kylfum til að hafa hemil á ungmennum fyrir utan hús í Skeifunni. Þar hafði hópur framhaldsskólanema safnast saman fyrir utan hús, þar sem jafnaldrar þeirra höfðu efnt til samkvæmis. Lögreglan var kölluð á staðinn vegna ósæmilegrar hegðunar ungmennanna í anddyri heimabanka, og í kjölfar afskipta lögreglunnar af óróaseggjum, urðu lögreglumennirnir að kalla á aðstoð því veist var að þeim, er þeir handtóku einn úr hópnum. Allt tiltækt lið lögreglunnar í Reykjavík var sent á staðinn, alls um 30 manns, og það var ekki fyrr en allur sá hópur var kominn í Skeifuna að það tókst að ná stjórn á ástandinu.

Það er ekki á hverjum degi sem lögreglan þarf að beita kylfum til að verja sig, að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns: „Það þarf að vera mjög alvarlegt til að lögreglan beiti kylfum. Það gerðist síðast fyrir nokkrum árum á svipuðum slóðum“, sagði hann í viðtali við Fréttablaðið í gær.

Þegar hópur ungmenna gerir aðsúg að lögreglunni, kastar grjóti og flöskum í farartæki hennar og lögregluþjónar verða að grípa til þess ráðs að beita kylfum, er greinilegt að eitthvað er að. Þarna voru 150-200 unglingar, sem hlýddu ekki fyrirmælum lögreglunnar með fyrrgreindum afleiðingum. Tíu þeirra voru teknir og látnir sitja í fangageymslum það sem eftir var nætur.

Þetta atvik leiðir hugann að því að í þjóðfélaginu virðist virðingarleysi gagnvart náunganum og lögum og reglum fara vaxandi. Birtist þetta í ýmsum myndum, og nærtækast er þá að kenna uppeldi unglinganna um hvernig komið er. Hér hafa átt sér stað miklar þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum, ekki aðeins í efnahagsuppsveiflu síðustu missera, heldur mun fyrr. Það er alkunna að agamál í skólum hafa verið mikið áhyggjuefni margra nú um nokkurra ára skeið, og það er eins og sumir foreldrar vilji varpa allri uppeldisábyrgðinni á skólakerfið, því þeir hafa ekki tíma til að sinna börnunum í þeirri kaffihúsa- og lífsgæðauppsveiflu sem verið hefur hér. Skólakerfið virðist heldur ekki hafa verið undir það búið að mæta þeim breytingum sem orðið hafa á lífsháttum landsmanna, þegar báðir foreldrarnir vinna úti, eða þegar um einstæða foreldra er að ræða. Þá hefur fjölskyldumynstrið tekið miklum breytingum, og það er ekki óeðlilegt að eitthvað bjáti á hjá ungmennum þegar þau eru allt í einu komin í gjörbreytt umhverfi á heimilum sínum, foreldri þeirra komið með annan maka og börn sín inn á heimilið og svo eiga bara allir að vera vinir! Slíkar breytingar eru sumum ungmennum hreinlega ofviða, og þau leita þá kannski meira út fyrir veggi heimilisins og safnast saman eins og í Skeifunni á laugardagskvöld. Þar fá þau útrás, fyrir innri óróleika vegna heimilisaðstæðna og hann brýst út í virðingarleysi fyrir lögreglunni. Kennarar þekkja þessi sálrænu vandamál barna og unglinga vel og nú beinist þetta kannski meira að lögreglunni. Borgararnir vilja góða löggæslu og því er það skylda þeirra að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða og skapa lögreglunni viðunandi vinnuumhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFANG: **ritstjorn@frettabladid.is**

**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hættur eða hvað

„Ég tel mig vera að fara algjörlega út úr pólitík þó ég gangi til þessa starfs sem þarna er nefnt til sögunnar enda fer það ekki saman að sinna því starfi og pólitík um leið,“ sagði Davíð Oddsson á fréttamannafundi í Valhöll þann 7. september í fyrra. Í ljósi ummæla þess sama Davíðs um Kárahnjúkavirkjun, dómskerfið og varnarviðræðurnar við Bandaríkjamenn í viðtölum við Ríkisútvarpið síðustu daga velta menn fyrir sér merkingu orðanna „að fara algjörlega út úr pólitík“. Þau virðast í það minnsta ekki þýða að sá sem þau mælir sé þar með hættur að tala um pólitík, enda Davíð orðheldinn maður.



### Ennþá starfandi

Steingrímur J. Sigfússon fjallaði um Davíð í ræðu sinni á flokksráðsfundi VG á föstudag. Sagði hann forsætisráðherrann fyrrverandi vera kominn úr felum og tímabært væri að leiðrétta þann misskilning að Davíð væri hættur í stjórnmálum. Um leið væri Ísland að brjóta blað því hvergi í heiminum, í það minnsta svo vestarlega sem Ísland er á hnettinum, væri seðlabankastjórinn ekki bara fyrrverandi stjórnmálamaður og pólitískt ráðinn heldur starfandi stjórnmálamaður samhliða seðlabankastjórastörfunum.

### Kappræður

Steingrímur talaði líka um Pál Magnússon útvarpsstjóra en fyrir helgi brást Steingrímur illa við ákvörðun starfsfólks Kastljóssins þess efnis að tala einslega við Valgerði Sverrisdóttur um Kárahnjúkamál eftir að hún hafði neitað að mæta honum í sjónvarpssal. Steingrímur sagði ritstjóra Kastljóss hafa reynt að svara opnu bréfi sínu um málið með málefnalegum hætti en annað væri um Pál Magnússon að segja. „Hann hreytir í mig skætingi,“ sagði Steingrímur og bauð Páli upp á kappræður, helst í Kastljósinu, um hvort eðlilegt væri að Ríkisútvarpið lyti valdi ráðherranna.



bjorn@frettabladid.is

# Virðingarleysi í umferðinni



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Umferðaröryggi

*Ég vil ekki sætta mig við að fjölskylda mín og vinir séu í lífshættu nánast dag hvern vegna þess eins að þeir eiga erindi milli bæjarhluta eða landshluta.*

„Lífið er lotterí“ segir í gömlum dægurlagatexta og má til sanns vegar færa. Það er þó heldur lakara að stundum virðist lífið líkast rússneskri rúllettu og jafnvel hættulegra að bregða sér akandi milli bæjarhluta eða landshluta en taka þátt í sjálfri rúllettunni alræmdu.

Það virðist nærtækara að tala um umferðarómenningu á Íslandi en menningu og á þessu ári hefur alltof mörgum mannslífum verið fórnað í því hættuspili sem umferðin er frá degi til dags. Skýringa og úrbóta hefur verið leitað en þrátt fyrir mikla umræðu um varkárni, fræðslu og hámarkshraða halda ökumenn áfram að gerast sekir um hraðakstur, jafnvel ofsaakstur, og ógna þannig lífi og limum sínum og samferðamanna sinna. Rætt er um hækkaðan bílprófsaldur, breytingar á bifreiðum svo þær komist ekki hraðar en 90 km á klukkustund, aukna fræðslu og ýmislegt fleira. En umferðin heldur áfram að vera mannskæð og ástandið hefur sjaldan verið verra en nú. Sitt sýnist hverjum um ofangreindar leiðir til úrbóta. Margir leggjast gegn því að hækka bílprófsaldur úr 17 árum í 18 og vitna í reynslu nágrannaþjóða, þar sem ástandið er víst engu betra. Uppalendur vita þó að ungmenni taka út mikinn þroska frá ári til árs á milli tektar og tvítugs svo frá því sjónarmiði mætti ætla að það væri til bóta að fresta bílprófi um eitt ár.

90 km hámarkshraðahugmyndin, þ.e. að bifreiðir verði stilltar þannig að þær komist ekki hraðar, er auðvitað óraunsæ með öllu. Um vegina aka stórir jeppar, dragandi enn stærri hjólhýsi, stórar rútur og síðast en ekki síst afar stórir flutningabílar með enn stærri tengivagna. Ég er ekki tilbúin að vera föst aftan við slík fyrirbæri á þjóðvegum landsins, vitandi ekkert hvað er framundan.

Bætt vegakerfi er auðvitað mikilvægur þáttur í bættri umferðarmenningu og kannski mætti setja hraðatakmörkun í bíla við 110-120 km hraða en það þarf að vera svigrúm til að taka fram úr þeim sem hægara aka. Það gæti líka verið til bóta að koma á laggirnar æfingasvæði þar sem ungir og óreyndir ökumenn gætu spreytt sig á hraðakstri við tiltölulega öruggar en þó mismunandi aðstæður og án þess að ógna lífi og limum annarra. Sú hugmynd hefur reyndar verið til umræðu árum saman og undarlegt að ekkert skuli hafa gerst enn. En ef til vill er aukin virðing og tillitsemi í þjóðfélaginu mikilvægasti þátturinn. Það er auðvitað ólíðandi að nokkrum manni skuli detta í hug að ógna lífi okkar hinna með hraðakstri á vegunum og þetta gerist aftur og aftur, oft með skelfilegum afleiðingum. Í slíku athæfi felst takmarkalaust virðingarleysi fyrir sjálfum sér og öðrum. Þetta virðingarleysi speglast reyndar víða í samfélaginu.

Umgengni um náttúruna, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, hefur hrakað á síðustu árum og nánast daglega sé ég rusli fleygt út úr bíl á ferð, svo lítið dæmi sé tekið. Mér er með öllu fyrirmunað að skilja hugsanaganginn þar á bak við. Kannski er þetta aukna virðingarleysi afleiðing af aukinni efnishyggju síðustu ára. Ekkert skiptir máli því það er alltaf hægt að kaupa nýtt og betra. En það er ekki hægt að kaupa nýja og betri náttúru ef þeirri sem við búum við hefur verið spillt og það er enn síður hægt að kaupa nýtt og betra líf ef við fórnum því sem okkur er gefið í upphafi. Virðingarleysi fyrir sjálfum sér og öðrum birtist allsstaðar; í umferðinni, í biðröðum, á veitingahúsum, úti í móa, í samskiptum fólks á ólíkum vettvangi. Vissulega er meirihluti fólks kurteis, tillitsamur og aldeilis ágætur í samskiptum. En hinir eru of margir sem virðast telja sig öðrum æðri og þurfi því ekki að taka tillit til eins né neins. Þetta viðhorf er mishættulegt og kannski hættulegast í umferðinni.

Ég vil ekki sætta mig við að fjölskylda mín og vinir séu í lífshættu nánast dag hvern vegna þess eins að þeir eiga erindi milli bæjarhluta eða landshluta. Það verður að bæta og auka virðingu fólks fyrir sjálfum sér og öðrum og auka tillitsemi, jafnt í umferðinni sem annars staðar.

# Hverjir falla í prófkjöri?

**UMRÆÐA** |
Baráttan innan Samfylkingar



BJÖRN INGI HRAFNSSON

Það er skynsamlegt hjá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur að tilkynna strax um framboð sitt. Aðeins liðu nokkrar klukkustundir frá því ákveðið var að viðhafa opið stuðningsmannaprófkjör í báðum Reykjavíkurkjördæmunum og þar til Steinunn Valdís sendi frá sér yfirlýsingu um að hún byði sig fram til forystusætis. Þar með getur enginn sakað hana um að fara fram gegn einhverjum einum þingmanni eða þingkonu í prófkjörinu, því hún var fyrst fram á sviðið og slíkar tímasetningar geta einmitt ráðið úrslitum í heimi stjórnmálanna.

Steinunn Valdís gefur kost á sér í fjórða sætið í prófkjörinu og það þýðir að hún ætlar sér 2. sætið á öðrum framboðslistanum hjá flokknum í borginni. Við skulum því gefa okkur að hún telji öruggt að fyrir framan sig á listanum verði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir sem enn sem fyrr er talin ógnarsterk í prófkjörum. Samfylkingin fékk átta þingmenn í borginni í síðustu alþingiskosningum, fjóra í hvoru kjördæmi og telja fæstir að útkoman verði svo góð næsta vor. Er fremur talið líklegt að fimm til sjö þingmenn náist og það þýðir að ansi þröngt verður um marga núverandi þingmenn, t.d. Mörð Árnason, Helga Hjörvar, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, að ekki sé minnst á núverandi varaformann Samfylkingarinnar Ágúst Ólaf Ágústsson sem satt að segja gæti átt í verulegum vandræðum með að ná kjöri á eigin flokkslista, hvað þá aftur inn á þing.

Spurningin er líka hvort Steinunn Valdís verði sú eina sem geri tilkall inn á lista Samfylkingarinnar. Hvað mun t.d. Stefán Jón Hafstein gera? Eiríkur Bergmann Einarsson, Kristrún Heimisdóttir og Árni Páll Árnason munu víst líka vera að hugsa sinn gang og ég teldi reyndar að Árni Páll myndi vera Samfylkingunni geysilegur liðsauki. En ekkert af þessu fólki er ný stærð í pólitík eða óvænt stjarna, eins og margir Samfylkingarmenn vilja tefla fram. Leitin að slíkri stærð stendur því áfram yfir og þess vegna mun enn þrengja að þingmönnum og þingkonum á næstu dögum og vikum.

*Höfundur er formaður borgarráðs.*

# Leyniþjónusta í staðinn fyrir her?

**UMRÆÐAN**
Þjóðaröryggisdeild

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra má eiga það að hugmyndir hans vekja athygli. En það þýðir ekki að hugmyndir hans séu endilega góðar. Nú vill hann sannfæra þjóðina um nauðsyn þess að stofna leyniþjónustu.

**Engin þörf á leyniþjónustu**

Síðastliðið vor var samþykkt frumvarp dómsmálaráðherra um sérstaka greiningardeild Ríkislögreglustjóra sem rannsaka á landráð og skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverk og óvini ríkisins. Slík deild er algjört nýmæli hér á landi og á hún m.a. að sinna rannsóknum áður en nokkur glæpur er framinn. Í umræðunni um greiningardeildina boðaði ráðherrann að valdheimildir til þessarar greiningardeildar yrðu auknar í framtíðinni.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Og nú ætlar Björn Bjarnason að ganga enn lengra og er farinn að tala fyrir íslenskri leyniþjónustu. Að mínu mati er engin þörf á leyniþjónustu á Íslandi. Það er hins vegar full ástæða til að óttast slíka starfsemi. Vonandi man almenningur eftir aðgerðum ríkisvaldsins gegn Falun Gong en þá komu íslensk stjórnvöld á fót fangabúðum í Njarðvík og stöðvuðu ferðamenn á grundvelli litarhafts og studdust við svarta lista um meinta iðkendur Falun Gong. Það er áhugavert að velta því fyrir sér hvaða hlutverki leyniþjónustan hefði getað gegnt við þessar aðstæður.

*Að mínu mati er engin þörf á leyniþjónustu á Íslandi. Það er hins vegar full ástæða til að óttast slíka starfsemi.*

Hættan á misnotkun á starfsemi á borð við leyniþjónustu er svo sannarlega fyrir hendi. Og það að tengja brotthvarf hersins við hugsanlega þörf á slíku apparati tekur engu tali. Bandaríski herinn var aldrei með leyniþjónustu fyrir Ísland og því þarf ekki að setja á fót slíka starfsemi vegna brotthvarfs hans.

Að auki má benda á að íslensk stjórnvöld hafa ekki sýnt af sér þann sóma eða þroska að afhenda eldri gögn sem varða hleranir og stendur nú virtur lögmaður í stappi við yfirvöld um afhendingu þessara gagna.

**Verkin tala**

Séu þessar áherslur dómsmálaráðherrans settar í samhengi við fyrri verk hans aukast áhyggjurnar enn frekar. Nýlega lagði dómsmálaráðherra fram lagafrumvarp sem átti að heimila símhleranir án dómsúrskurðar. Hann lagði einnig til frumvarp sem heimilar lögreglu að halda eftir gögnum frá verjanda ótímabundið. Ráðherrann hefur þrefaldað fjölda sérsveitarmanna á skömmum tíma og aukið fjárframlög til Ríkislögreglustjóra um 30%. Þá var samþykkt frumvarp Björns Bjarnasonar sem skerða möguleika fólks á gjafsókn vegna réttarhalda, sérstaklega í málum sem geta varðað málsóknir gegn ríkisvaldinu.

Útlendingalög Björns Bjarnasonar eru sömuleiðis þekkt, þar sem réttindi fjölda Íslendinga til að sameinast erlendum maka sínum á grundvelli hjúskapar voru skert vegna 24 ára reglunnar svokölluðu. Í lögunum er einnig að finna heimild til Útlendingastofnunar til að fara fram á lífsýnatöku úr útlendingum. Eitt ósanngjarnasta atriðið í þessari lagasetningu er þó sennilega það að sönnunarbyrði var snúið við þannig að Íslendingar og erlendir makar þeirra þurfa nú að sanna fyrir yfirvöldum að þeir búa ekki í málamyndahjónabandi.

Til að bæta ofan á alla þessa upptalningu hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins varið skilyrðislausan rétt atvinnurekenda til að taka lífsýni úr starfsfólki sínu og lögfest að afhending IP-talna í tölvum skuli vera án dómsúrskurðar.

Mér finnast þessi verk ríma afskaplega illa við hugmyndir um einstaklingsfrelsi eða þá hugmyndafræði að verja einstaklinginn fyrir ágangi ríkisvaldsins.

**Frelsið fer hægt**

Frelsisskerðing er oftast nær hægfara þróun en verður ekki í einu vetfangi. Aukið eftirlit og skerðing á persónuréttindum eru ætíð réttlætt með góðum tilgangi. Það er styttra í stóra bróður George Orwell en margur heldur.

*Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Þingmönnum ekki boðið

**Athugasemd frá Sjálfstæðisflokknum vegna fréttar á sunnudag**

Vegna frétta í gær og í dag af reiðtúr um Hengilssvæðið þar sem forráðamenn Eldhesta voru sagðir hafa boðið þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum í skoðunarferð um hugsanlegt virkjanasvæði Orkuveitu Reykjavíkur er rétt að taka fram að þingmönnum Sjálfstæðisflokksins var ekki boðið fyrir milligöngu undirritaðrar, eins og algengt er um slík boð. Þeir þingmenn sem undirrituð hefur haft samband við, kannast ekki við að hafa verið boðið og borgarfulltrúar ekki heldur. Samkvæmt upplýsingum frá Hróðmari Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Eldhesta, var reynt að ná í þrjá eða fjóra þingmenn með eins dags fyrirvara. Ekki náðist í nema einn og sá gat ekki þegið boðið. Af fréttum um ferðina að má draga þá ályktun að öllum þingmönnum og öllum borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins hafi verið boðið en enginn þeirra þegið. Hið rétta er að ekki nema einn vissi um ferðina og sá sér ekki fært að þiggja hana með svo skömmum fyrirvara.

**Gréta Ingþórsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins.**

### Spurningar til borgarstjóra

**Samtök um betri byggð vilja Reykjavíkurflugvöll burt**

Samtök um betri byggð hafa lengi barist fyrir bættu skipulagi höfuðborgarinnar með aðaláherslu á að flugvöllur fari úr Vatnsmýri og að þar rísi miðborgarbyggð.
[...]
Það vakti því furðu Samtaka um betri byggð, að við athöfn á Þingeyrarflugvelli á dögunum, lýsti samgönguráðherrann því yfir, að valdataka nýs meirihluta í Reykjavík, vekti sér vonir um að takast mundu samningar um áframhaldandi veru Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni! Samtökin hafa beðið eftir svari borgarstjórans við þessum furðulegu ummælum, en hafa enn ekki orðið vör við það.
Því er spurt:
Hvaða tilefni hefur samgönguráðherrann, Sturla Böðvarsson, til að gera sér vonir um að hinn nýi meirihluti í borginni svíki þetta kosningaloforð sitt? Hefur eitthvað gerst eftir kosningar sem gefur honum tilefni til þess? Þögn meirihlutans við þessum orðum ráðherrans er óskiljanleg.




Margir einstaklingar eru heftir í sínu daglega lífi vegna verkja í hnjám. Þetta ástand orsakast meðal annars vegna líkamlega erfiðra vinnuaðstæðna, íþróttameiðsla eða vegna þróunar slitgigtar. Stór hluti þessara einstaklinga þjáist meira en hann þyrfti. Glucomed er nýtt lyf notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hnjám. Það inniheldur glúkósamín sem er náttúrulegt efni í liðum.




Glucomed® 625 mg
Glucosamine

LD1060803

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur (1250 mg) einu sinni á dag til að draga úr einkennum.
*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*

# Utanríkismál orðið innanríkismál

**UMRÆÐAN | Varnarmál**



RÓBERT TRAUSTI ÁRNASON

Var afdráttarlaus tilkynning Bandaríkjanna 15. mars sl. um brottför varnarliðsins atlaga að okkur? Nei – ekki finnst mér það enda hlaut að koma að þessu. Tilkynningin segir mér það eitt að nú eru tækifæri og sá tími kominn að við búum okkur undir það að axla ábyrgð á eigin vörnum og öryggi við nýjar aðstæður og á eigin forsendum í samstarfi við grannþjóðir.

Íslandi er ekki um megn að taka á sig þær skyldur sjálfstæðs ríkis að tryggja öryggi borgarana, hvað svo sem sagt er af efasemdarfólki.

Komið er að því að endurnýja stefnuna í varnar- og öryggismálum og afla því sjónarmiði fylgis að nú látum við að okkur kveða í þeim málum án bandarísks varnarliðs, enda verðum við hvort eða er að leysa það lið af hólmi til að tryggja varnir og öryggi landsins.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur réttilega bent á það að þetta markar þáttaskil innan stjórnarráðsins og leiðir til nýrra starfshátta og nýrrar verkaskiptingar milli ráðuneyta.

*Komið er að því að endurnýja stefnuna í varnar- og öryggismálum og afla því sjónarmiði fylgis að nú látum við að okkur kveða í þeim málum án bandarísks varnarliðs, enda verðum við hvort eða er að leysa það lið af hólmi til að tryggja varnir og öryggi landsins.*

Varnar- og öryggismál Íslands eru nú meira innanríkismál en utanríkismál og því eiga fagráðuneyti að taka við þessum málum. Nú blasir það við að endurskipuleggja íslenska stjórnkerfið til að bregðast rétt við breyttum kringumstæðum með allri ábyrgð okkar sjálfra á eigin vörnum og öryggi.

Ég hef heyrt málsmetandi aðila mæra borgaralegt andóf og hvetja fólk til að brjóta lög og óhlýðnast lögmætum fyrirmælum yfirvalda. En sömu aðilar sumir hverjir skipta litum þegar rætt er um öryggi borgara og ríkisins.

Í mínum huga er það tóm tjara að verja réttinn til andófs og óhlýðni en ekki réttinn til sjálfsvarnar.

Undanfarin misseri hefur verið rætt um hlutverk og skipulag stjórnvalda í baráttu við glæpa- og hryðjuverkasamtök. Afbrotatíðni á Íslandi er fremur lág og Ísland er sennilega enn sem komið er ekki meðal aðalskotmarka alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka þó að alþjóðleg glæpasamtök geri nú vart við sig hér.

Skipan löreglumála hér á landi hefur reynst fullnægjandi gegn glæpum og árásum sem eiga rætur sínar innan lands. Engu að síður ber að gæta þess, að það virðist tiltölulega auðvelt að framkvæma árás utan frá. Við verðum því að leggja okkar af mörkum í baráttu gegn glæpa- og hryðjuverkasamtökum og því komumst við ekki hjá því að sjá til þess að lagalegur grunnur sé fyrir fullnægjandi skipulagi og tilhögun hjá löggæslu- og öryggisstofnunum hér á landi til þess að þær meti og rannsaki þær hættur sem við blasa.

Ógnin er viðvarandi hvort sem framhjá henni er horft eða gert er sem minnst úr henni. Hætta sú sem stafar af glæpa- og hryðjuverkasamtökum er því raunveruleg og hún vex hér á landi ef ekkert er að gert og Ísland verður þá ekki jafningi í samfélagi grannþjóða ef varnar- og öryggisráðstafanir stjórnvalda hér á landi verða taldar ófullnægjandi. Hvað er að því að sett séu lög sem heimila rannsóknir og mat á því hvaða ógnir steðja að Íslandi?

Björn Bjarnason hefur lög að mæla þegar hann segir að það hái umræðum og að þær fari alltaf á byrjunarreit, þegar minnst er á einhverja þætti varnar- og öryggismála sem við eigum sjálf að sinna, hvað þá heldur nýjungar í þeim efnum og málefnaleg rök séu þar gerð að hornrekum.

*Höfundur er fyrrverandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu og var um árabil starfsmaður NATO.*

# Grænlenska sleðahundaheilkennið

**UMRÆÐAN**
Landsbyggðin



ANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR

Ívor bárust fréttir af því að félagsmálaráðherra hefði ákveðið að flytja þjónustu fæðingarorlofssjóðs til Norðurlands vestra og þar með fjölga opinberum þjónustustörfum á svæðinu. Nú hafa stöðugildin verið auglýst í Húnaþingi vestra og fyrir liggur að opinberum þjónustustörfum verður einnig komið upp á Skagaströnd. Innheimtu umferðasekta hefur verið fundinn staður á Blönduósi. Þetta er allt fagnaðarefni því íbúar landsbyggðarinnar, ekki síst íbúar Norðvesturkjördæmis, hafa borið mjög skarðan hlut frá borði við fjölgun opinberra starfa á síðustu árum. Þeim hefur þó fjölgað gífurlega á þessu kjörtímabili en eru næstum öll á höfuðborgarsvæðinu.

**Tæknin leysir ýmislegt**

Nútíma tækni gerir okkur kleift að vinna fjölbreytt störf, nánast hvar sem er á landinu. Tæknin þarf aðeins að vera aðgengileg – sem að vísu hefur ekki verið unnið nógu hratt að á vissum svæðum – og að hafa víðsýni og vilja til að dreifa starfsemi. Stjórnvöld hafa því miður staðið sig afar illa í þessum efnum og af því leiðir að fólk sem gengur menntaveginn á oft á tíðum ekki kost á því að nýta sér menntun sína við störf nema á örfáum stöðum á landinu. Reynslan hefur þó sýnt að fjölmargir einstaklingar sækja um hvert starf sem býðst hvort heldur er í Skagafirði, Húnaþingi vestra eða annars staðar í dreifbýlinu. Mýtan um að ekki fáist fólk til að sinna störfunum er ekki rétt nema í undantekningartilfellum. Bættar samgöngur munu gera það enn ákjósanlegra en nú að sækjast eftir vinnu í friði og ró og nábýli við náttúru dreifbýlisins.

*Hegðun stjórnarflokkanna er alveg sambærileg við umhirðu Grænlendinga um sleðahundana sína. Grænlendingarnir halda hundunum sínum við hungurmörk allan þann tíma sem þeir þurfa ekki að nota þá.*

**Undantekning**

Flutningur starfa út á land er því miður undantekning. Oftar er dregið saman eða lokað, stundum vegna tækniþróunar, hagræðingar eða einkavæðingar en alltaf skortir vilja til að koma upp störfum í staðinn.

Þessi flutningur starfa nú er undantekning og hluti af mynstri sem kemur í ljós í aðdraganda hverra kosninganna eftir aðrar. Þetta mynstur má líka sjá í veitingu fjármagns til vegamála. Við munum eftir aukafjármagninu sem veitt var til vegagerðar rétt fyrir kosningar 2003 og hvernig stjórnarherrarnir börðu sér á brjóst við það tækifæri. Strax eftir kosningar var síðan dregið saman um tvo milljarða, þá aðra tvo og í ár er búið að boða samdrátt um rúman milljarð og tæpa 8 milljarða á næsta ári.

Spá mín er sú að stjórnarflokkarnir muni draga þennan síðasta samdrátt til baka fljótlega – sennilega uppúr áramótum – rétt fyrir kosningarnar. Og það vona ég svo sannarlega því samdrátturinn kemur harðast niður á þeim sem síst skyldi, þeim sem búa við stórhættulegt vegakerfi, ónýta vegi af völdum þungaflutninga, einbreiðar brýr, bratta fjallvegi, hættu af snjóflóðum og grjóthruni og holótta malarvegi á löngum köflum. Afleiðing alls þessa er m.a. að á Vestfjörðum er vöruverð hærra en gerist annars staðar á landinu. Það er óþolandi!

**Sleðahundaheilkennið**

Ástæða þess að ég reikna með að vonir mínar rætist er sú staðreynd að Framsókn og Sjálfstæðisflokkur haga sér alltaf eins, hvert kjörtímabilið á fætur öðru. Ég kalla þetta atferli „grænlenska sleðahundaheilkennið“ vegna þess að hegðun stjórnarflokkanna er alveg sambærileg við umhirðu Grænlendinga um sleðahundana sína. Grænlendingarnir halda hundunum sínum við hungurmörk allan þann tíma sem þeir þurfa ekki að nota þá. Þegar vetrar og hundarnir eiga að fara að draga sleða húsbónda síns er farið að fóðra þá, hundarnir styrkjast og draga sleða húsbónda síns þangað sem honum þóknast. Nú er að koma að kosningum og það þarf að hafa kjósendur góða. Þess vegna er verið að „fóðra þá“ með störfum núna og þess vegna reikna ég með að vegaféinu verði skilað til baka.

Ég tel alveg fullreynt að þessi ríkisstjórn hefur ekki áhuga né krafta sem þarf til þess að endurreisa atvinnulíf á landinu. Samfylkingin hafnar grænlenska sleðahundaheilkenninu en vill áætlun um hvernig eigi að færa atvinnulíf til nútímans, m.a. á þeim svæðum sem eru að fara halloka vegna þess að hefðbundnir atvinnuvegir eru á undanhaldi. Við þurfum skipulag og stöðuga þróun í atvinnu- og byggðamálum, þróun í rétta átt en ekki atferli sem hentar ráðamönnum hverju sinni og leiðir í raun til stöðugrar hnignunar. Er ekki kominn tími til að landsmenn krefjist stefnu í búsetu- og atvinnumálum landsins?

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi,*


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele
Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600
Tilboð:
Kr. 15.990
Fæst nú bæði í rauðu og ljósgrábláu
35% AFSLÁTTUR
Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði
Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is


## AF NETINU

### Krónur og aurar

**Viðbrögð við leiðara**

Mér sýnist nú því miður að því sjónarmiði hafi sífellt vaxið fiskur um hrygg hin síðari árin að hinn eini mælikvarði sem máli skipti séu krónur og aurar. Rétt og rangt, siðlegt og siðlaust, löglegt og ólöglegt eru bara gamaldags lummur, það eina sem máli skiptir er hagnaður eða tap og ef ég hagnast og kemst upp með það er allt í fína... Rétt eins og gildi kaþólsku kirkjunnar urðu alls ráðandi á tímum rannsóknarréttarins, hafa hagfræði og viðskiptafræði hægt og bítandi verið að leggja undir sig hugi mannanna, á kostnað heimspeki og siðfræði. Sorgleg þróun finnst mér, á þessari rímlausu skeggöld...

**Webhawk svarar leiðara Hafliða Helgasonar á skoðun á Vísir.is.**

### Sönnunarbyrði

**Viðbrögð við leiðara**

Annar angi þessa máls er skaðabótakrafa Reykjavíkurborgar á hendur olíufélaganna. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því máli vegna þess að sönnunarbyrði í skaðabótamálum hefur hingað til verið mikil og hefur þurft að rökstyðja hverja krónu þess tjóns sem brotaþoli telur sig hafa orðið fyrir (enda er upphæðin tiltekin uppá krónu í þeim dómum sem fallið hafa.). Nú bregður svo við að bótakrafan er slétt 150 miljónir það bendir nú frekar til huglægs mats en að nokkur útreikningur liggi að baki.

**Grimurk bætir við athugasemd við leiðara Jóns Kaldal á Vísir.is.**



## AÐ KLJÁST VIÐ NETFÍKN

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur skrifar um áhættuþætti netfíknar.

HEILSA 4



## JAÐARÚTGÁFA AF ÍÞRÓTTAÁLFINUM

Kajakmaðurinn Mummi segir jaðaríþróttir snúast um útreiknaða áhættu og að hræðsla hefti fólk í öllu sem það gerir.

HEILSA 2



## ALLT HITT

[ HEILSA ]



**Evrópusambandið** mun fljótlega banna notkun sextíu og þriggja efna sem notuð eru í hárlitunarvörur á vettvangi sínum, samkvæmt því sem kemur fram í frétt á vef Umhverfisstofnunar, http://www.umhverfisstofnun.is. Efnin sem til stendur að banna eru talin skaða bæði almenna neytendur og starfsfólk á hárgreiðslustofum og var ákvörðunin tekin í kjölfar.

**NordForsk** mun í samvinnu við norræna rannsóknarsjóði veita um það bil 2,3 milljónum evra árlega til verkefnisins Matvæli, næring og heilsa – norrænt öndvegissetur 2006-2011 á meðan það stendur yfir. Þann 1. september síðastliðinn var umsóknarfrestur í verkefnið opnaður og verður hann til 23. október næstkomandi. Nánari upplýsingar má finna á http://www.nordforsk.org og vef Rannís, http://www.rannis.is.

**Ráðstefna** um tóbaksvarnir verður haldin í Reykjanesbæ 14.-15. september næstkomandi. Ráðstefnan ber yfirskriftina LOFT 2006 og áherslur hennar að þessu sinni verða reyklausir vinnustaðir og óbeinar reykingar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 5. september, 248. dagur ársins 2006.**

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| 6.21 | 13.26 | 20.30 |
| 6.01 | 13.11 | 20.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sandra er í hlaupahópi hjá Avion Group og Air Atlanta, og auk þess að hlaupa reglulega heldur hópurinn úti öflugri heimasíðu eingöngu ætlaða meðlimum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í heilsuátaki með vinnufélögunum

***Sandra Sif Morthens er í hlaupahópi Avion Group og flugfélagsins Air Atlanta sem ætlar sér stóra hluti um næstu áramót.***

„Við vildum taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu, en aðeins einn í hópnum var í nógu góðu formi til þess svo við hinum sátum eftir með sárt ennið,“ segir Sandra um aðdragandann að stofnun hópsins. „Þegar annar horfði síðan á eftir syni sínum í maraþonið var mælirinn fullur og við drifum okkur út í sameiginlegt átak starfsmanna Avion Group og Air Atlanta.“

Hlaupahópurinn, sem samanstendur af sex konum og körlum á aldursbilinu 26-50 ára, hefur hist síðan Reykjavíkurmaraþoninu lauk og hleypur þrisvar sinnum í viku eftir æfingaáætlun sem Sigurður Pétur Sigmundsson hannaði. „Við skokkum mestmegnis en tökum líka spretti, hraða- og styrktaræfingar,“ segir Sandra. „Markmiðið er að hlaupa 10 km gamlárshlaup ÍR, en í bili látum við okkur nægja að brjóta fimm km múrinn.“

Átakið lýtur þó ekki aðeins að góðri hreyfingu heldur breyttu mataræði. „Ávaxtabíllinn kemur einu sinni í viku til okkar og blandari var keyptur undir prótíndrykki,“ segir Sandra hlæjandi og bætir við að það sé af sem áður var þegar alls kyns þungmetis var neytt. „Regluleg hvatningarverðlaun eru veitt sem halda manni við efnið, svo við ættum að vera í fínu formi um áramótin.“ *roald@frettabladid.is*

## Bóluefni fækkar dauðsföllum

TÖLVULÍKAN TELUR LÍKLEGT AÐ NÝTT BÓLUEFNI FÆKKI DAUÐSFÖLLUM AF VÖLDUM KRABBAMEINS Í HÁLSI UM 75 PRÓSENT.

Samkvæmt breskri rannsókn getur dauðsföllum að völdum krabbameins í hálsi fækkað um 75 prósent ef allar tólf ára stúlkur verða bólusettar.

Bóluefnið sem um ræðir vinnur á móti tvenns konar papillomavírusum, sem meðal annars valda vörtum og ráðast einna helst á skinn og slímhúð. Í rannsókninni var tölvulíkan notað til að spá fyrir um afleiðingar þess að gefa öllum breskum tólf ára stúlkum bóluefnið, alls 376.385 stúlkum.



Nýtt bóluefni gegn krabbameini í hálsi lofar góðu.

Miðað við tölur sem fyrir liggja um krabbamein í hálsi reiknaðist tölvunni til að eftir bólustningu yrðu dauðsföll 262 á ári, á móti um 1.000 miðað við núverandi ástand. Þá myndi nýjum tilfellum fækka úr 2.841 niður í 682.






**D-vítamín** Framleiðsla líkamans fer minnkandi þegar daginn fer að stytta og minna um sólarljós. Því er mikilvægt að muna eftir lýsinu sem færir líkamanum góðan skammt af D-vítamíni.

# Jaðarútgáfa Íþróttaálfsins

***Kajakmaðurinn Mummi segir jaðaríþróttir snúast um útreiknaða áhættu og að hræðsla hefti fólk í öllu sem það gerir.***

Guðmundur Vigfússon er mjög duglegur að hreyfa sig og rækta líkamann. Líkurnar á því að þú hittir hann á líkamsræktarstöð eru samt engar, enda stundar hann allar sínar íþróttir utandyra.

„Ég stunda straumkajakinn mest og er líka mikið á wakeboard. Það eru bretti sem maður er dreginn á yfir öldur, til dæmis í kjölfari báta. Ég er með 4 metra háan ísklifurvegg í garðinum hjá mér á veturna en get stundað venjulegt klifur í honum á sumrin. Svo er ég á snjóbretti og kyteboard eða flugdrekabretti. Þá er maður á vatni eða sjó og lætur flugdreka draga sig,“ segir Guðmundur, eða Mummi eins og hann er oftast kallaður.

„Ég er svona ofur-fíkill. Það eru nokkur prósent okkar sem þurfa svolítið meira og þetta snýst um að vera með lausn fyrir hvern dag fyrir sig. Ef ég kem seint heim úr vinnu og orðið of dimmt til að fara á kajak, þá get ég farið út í garð að klifra.

Þegar ég var krakki var ég eins og flestir að leita að einhverri íþrótt sem ætti við mig. Ég prófaði boltaíþróttir, frjálsar, karate og meira að segja fimleika og fékk bara aldrei neitt út úr því. Svo fyrir fimmtán árum rakst ég á snjóbretti í verslun sem ég fór í og keypti það. Það var svona byrjunin á jaðarsportinu fyrir mér, fyrir utan að ég er alinn upp við það í Eyjum að príla í fjöllum og spranga,“ segir Mummi um þessa óhefðbundnu nálgun sína á íþróttir og hreyfingu. Hann segist mest stunda straumkajakinn í dag og þegar blaðið fór í prentun var hann hæstur í Íslandsmeistarakeppni í þeirri íþrótt en síðasta mótið fer einmitt fram í dag.

Mummi segist ekki vera spennufíkill og að jaðaríþróttir þurfi ekki að vera hættulegar. „Ég vil meina að þetta sé útreiknuð áhætta. Áhættan sem þú tekur er bara það sem þú treystir þér til að gera og einblínir á að gera. Þannig kemstu í gegnum það. Maður verður að gleyma því að eitthvað geti farið úrskeðis og einbeita sér að réttu leiðinni. Ef maður er að fara á straumkajak niður stóra á sem væri alveg hægt að deyja í má maður ekki hugsa um þá staðreynd. Ef maður fer að horfa eftir því hvar hættulegu staðirnir eru aukast líkurnar á að maður lendi á þeim. Maður má ekki hugsa um það.“

Mummi segir að hræðslan leiki fólk líka oft grátt. „Þar sem hugurinn fer, þar fer líkaminn. Ef það er hræðslugen í þér verður það að víkja, annars mun það hefta þig í öllu sem þú gerir. Fólk á snjóbretti stendur stundum ekki í lappirnar bara af því að það er hrætt við að detta.

Fimm ára dóttir mín stóð upprétt alla brekkuna í fyrsta sinn sem hún fór á bretti, bara af því að hún var ekki hrædd. Svo er auðvitað til fólk eins og ég, sem vill ganga aðeins lengra, prófa eitthvað tvísýnt.“

Mummi hefur mikið starfað með unglingum í gegnum árin og oftar en ekki tekur hann unglinga úr Hveragerði, þar sem hann býr, með sér og leyfir þeim að prófa. „Ég á mikið af búnaði og vill endilega gefa þeim tækifæri til að vera unglingar og nota orkuna í sport, kenna þeim að njóta íþróttanna.

Ég vil hvetja þau til að gera eitthvað annað en spila tölvuleiki og leiðbeini þeim af stað. Ég hef get þetta síðan ég var í skátastarfi og maður fær eitthvað út úr því að gefa af sér.“ Mumma er stundum líkt við Íþróttaálfinn sem líka kennir börnum og unglingum að njóta íþrótta. „Ég mundi segja að ég væri jaðarútgáfan af honum,“ segir hann hlæjandi að lokum.

*einareli@frettabladid.is*



Mummi er forfallinn jaðaríþróttamaður sem hefur verið að kenna unglingum að stunda jaðaríþróttir og einnig hefur hann starfað með þeim í skátahreyfingunni. Á heimasíðunni www.activeiceland.com má fá upplýsingar um ýmsar íþróttagreinar. LJÓSMYNDIR ÚR EINKASAFNI



Wakeboard mætti þýða sem öldubretti. Íþróttin gengur út á að stökkva á öldum og framkvæma brögð í loftinu.



Mummi sýnir listir sínar á flugdrekabretti. Stöngin sem hann heldur á eru stjórntækin fyrir flugdrekann.



Mummi að sigla straumkajak afturábak niður fossinn Faxa, fyrst óvart og svo viljandi strax á eftir.



Ísklifur í blautum fossi er ekki fyrir inniskræfur. Mummi í Hengladalsá.

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

09. sept. kl. 11:00 - 13:30 **Hvað er lifandi fæði?** - *Guðmundur Ragnar Guðmundsson*
12. sept. kl. 17:30 - 19:00 *Helgi Valdimarsson* **“Þarmaflóran og heilbrigði”**
13. sept. kl. 18:00 - 21:00 **Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
19. sept. kl. 17:30 - 19:00 *Sigurlín Guðjónsdóttir* **“Ayurveda”**



„Ég hef hafið störf á nýjum stað og vil bjóða viðskiptavini, jafnt nýja sem gamla, hjartanlega velkomna.“

**Snæbjörn H. Blöndal**
Heyrnarsérfræðingur

**HEYRNARSTÖÐIN**
Læknastöðin Uppsölum • Kringlunni 4-12 • Sími 568 6811
www.heyrnarstodin.is

**Ljósheimaskólinn**
Vegur til andlegs þroska og þekkingar

Skólinn er fyrir alla þá sem vilja kynnast fleiru en hinu efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, fræðslu, hugleiðslu og öðrum æfingum. Það spannar 3 ár, alls 30 vikur árlega frá september til maí.

**Námið hefst í annari viku september.**

**Nánari kynning á á www.ljosheimar.is eða í síma 862-4545**




uniQue
Húð, hár og heilsuvörur
Förðunar lína
Volare






Kíktu á www.volare.is
Verðum í Egilshöll 7-11 sept.

**Jurtanámskeið**
**í Jurtaapótekinu**

- **Tíu helstu lækningajurtirnar**, 11. september
- **Smyrsla- og olíugerð**, 18. september
- **Kremgerð**, 25. september

*Kennari er Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir*

JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is



151 þátttakandi á kanadískri ráðstefnu um alnæmi hefur leitað hælis þar í landi.

# Leita hælis í Kanada

***137 suður-afrískir þátttakendur á alnæmisráðstefnu sækja um hæli sem flóttamenn.***

Suður-afrísk yfirvöld segjast nú vera að rannsaka fréttir af því að 137 konur úr þarlendri sendinefnd á ráðstefnu um alnæmi, sem fram fór í Toronto í Kanada, hafi sótt um hæli sem flóttamenn.

Alls mun 151 þátttakandi af ráðstefnunni hafa sótt um hæli, til dæmis frá löndum eins og El Salvador, Simbabve og Úganda. Kanadískur lögmaður innflytjenda segir konur sæta gróflegri mismunun í þessum löndum. Þær misstu hemili sín og vinnu og þeim væri oft á tíðum hótað ofbeldi.

Stefna Suður-Afríku í alnæmismálum sætti harðri gagnrýni á ráðstefnunni. Þar er óheðfbundnum lækningum haldið hæst á lofti og forsetinn, Thabo Mbeki, styður þá stefnu. Því hefur verið kennt um hversu hægt gengur að koma alnæmislyfjum í umferð þar í landi og var það mikið umtalsefni á ráðstefnunni.

Stephen Lewis, talsmaður sameinuðu þjóðanna um alnæmi, segir stefnu Suður-Afríku frekar hæfa vitstola öfgamönnum en mannúðlegu ríki. Heilbrigðisráðuneyti Suður-Afríku hefur skipað opinberum starfsmönnum sínum að sniðganga Lewis í væntanlegri heimsókn hans.

Hælisleitendurnir gista á gistiheimili í Toronto þar til beiðnir þeirra hljóta afgreiðslu, sem getur tekið heilt ár.

## Ekki alltaf síþreyta

EINKENNI SEM LÍKJAST SÍÞREYTU GETA BENT TIL ANNARRA KVILLA.

Margir líkamlegir og andlegir kvillar geta haft þreytu og slen í för með sér. Það er því mikilvægt að skoða málið vel áður en einkenni eru greind sem síþreyta.



Síþreytt? Eða er kannski eitthvað annað að hrjá hana?

**Meðal þeirra þátta sem geta útilokað síþreytu eru:**

- **Kæfisvefn.** Hann er algengur meðal offitusjúklinga en eins og aðrar svefnraskanir getur hann orsakað þreytu.
- **Óvirkni skjaldkirtils.**
- **Viðloðandi hjartavandamál**, til dæmis þar sem hjartað dælir of litlu.
- **Fylgikvillar lyfja.**
- **Misnotkun áfengis** eða fíkniefna, jafnvel mánuðum eftir að neyslu líkur.
- **Sýkingar** á borð við lifrabólgu B og C og sum illkynja æxli geta haft þreytu í för með sér.
- **Mikil koffínnotkun**, svosem í kaffi, te eða súkkulaði.
- **Járnskortur** kvenna sem missa mikið tíðablóð.
- **Loks geta andlegir kvillar** á borð við þunglyndi, geðhvarfasýki og ímyndunarveiki orsakað þreytu, ásamt átröskunum á borð við búlimíu og anorexíu.

Til að geta með vissu útilokað einhvern eða alla þessa þætti er rétt að fara í vandlega læknisskoðun og heimsókn til geðlæknis.

# Drykkja foreldra

***Börn alkóhólista eru líklegri til að ánetjast áfengi.***

Sérfræðingum ber saman um að börn sem alast upp hjá alkóhólistum beri tilfinningaleg, hegðunarleg og andleg ör. Skýrsla, byggð á rannsókn þar sem börn breskra alkóhólista voru skoðuð, sýndi fram á að þau voru fjórum sinnum líklegri til að ánetjast áfengi en önnur börn, auk þess sem hættan á fíkniefna- og spilafíkn jókst líka.

Í skýrslunni kemur líka fram að 55 prósent tilfella heimilisofbeldis og 90 prósent barnamisnotkunar fóru fram á heimilum alkóhólista og að æska barna þeirra einkenndist oft af óreiðu, áföllum, ruglingi og nokkuð oft kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi. Með tilliti til fyrirliggjandi gagna og áliti sérfræðinga komust höfundar skýrslunnar að þeirri niðurstöðu að þau vandamál sem börn alkóhólista upplifa í æsku hafi gríðarleg áhrif á þau síðar á lífsleiðinni.



Ofdrykkja getur haft varanleg áhrif á börn þeirra sem hana stunda.

Í skýrslunni segir að börn geti brugðist við á þrjá ólíka vegu; þau draga sig inn í skel, fara í afneitun eða nota reynsluna til að styrkja sjálfa sig. Mörg þeirra, jafnvel þau sem leita í skelina, verða þó á fullorðinsárum almennileg, ljúf og nærgætin. Vandamálin komi hins vegar í ljós þegar glíma þurfi við vandamál og eins eiga þau erfiðara með náin samskipti við annað fólk. Sem betur fer geta börnin þó brotist út úr þessum vítahring og mörg þeirra velja annað líf en foreldrar sínir.

allt matur
Alla föstudaga

Allir þurfa að sofa vel, þú líka ..............

STILLANLEG RÚM




Veldu þér eitt með öllu

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

SWISSFLEX
50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

BIFLEX



Einn góður á frábæru verði.

Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.




IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

**Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.**

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY *www.betty.de*



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni *www.outlast.com*
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. *www.thinsulate.com*
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

Veldu það besta




WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com

Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar







Svefn & heilsa
★★★★★

Verið velkomin

www.svefn.is




★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
Sértímar fyrir bakveika

Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Hinn fullkomni þjálfari!
Life Fitness – vænstu þess besta
X9i
- Allt að 50% meiri hitaeiningarnotkun

Life Fitness
þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Hagstæð greiðslukjör | Opið 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is



## Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Að kljást við netfíkn

Í ljósi aukinnar umræðu um netfíkn í fjölmiðlum undanfarið, ákvað ég að fara hér stuttlega yfir helstu áhættuatriði netfíknar. Netfíkn er vandi sem hrjáir gjarnan ungt fólk og því geta vel upplýstir og undirbúnir foreldrar gripið inn í vandræðaástand áður en það ágerist. Líkt og með svo margt annað, er best að vinna með vandann snemma. Þegar um ungt fólk er að ræða hafa foreldrar ákveðna valdastöðu sem unnt er að nýta til meðferðar og þegar fólk er eldra, hafa ástvinir og ættingjar ákveðna stöðu sem hægt er að nýta til að vekja forfallinn einstakling til umhugsunar. Það er því afar mikilvægt fyrir foreldra, vini og ættingja að læra að þekkja áhættueinkenni netfíknar.

Grunnskilgreining á netfíkn felst í því að um er að ræða tímaþjóf og því miða fræðimenn oft við það að þegar netnotkun hafi náð 38 tímum á viku sé orðið um alvarlegt vandamál að ræða. Tími tölvunotkunar er því vissulega eitt fyrsta atriðið sem ber að fylgjast með. Er einstaklingurinn sífellt að auka tölvunotkun sína á kostnað annarra athafna? Þegar einstaklingur kýs ítrekað netið umfram aðrar athafnir sem voru honum mikilvægar áður, er hugsanlegt að um vandamál sé að ræða. Mjög fljótlega getur slík hegðun undið upp á sig og haft áhrif á sjálfsmynd og félagsfærni einstaklingsins og þannig versnar vandinn smám saman. En að sjálfsögðu viljum við grípa tímanlega inn í vandamálin og helst áður en þau verða of alvarleg og því er mikilvægt að fylgjast vel með og grípa inn í strax þegar okkur finnst hegðunin vera orðin óhófleg. Gott er að fylgjast með hvort einstaklingurinn sé mjög upptekinn af netinu, hvort hann feli eða neiti að viðurkenna hve miklum tíma hann verji í tölvunni, sé farinn að ljúga um tölvunotkunina, segist eiga alla sína vini á netinu eða eingungis spjalla við þá þar, finnist aðrar athafnir orðnar leiðinlegar og svo hvort einstaklingurinn verði óhóflega reiður eða pirraður þegar hann er truflaður við tölvunotkunina eða hún stöðvuð. Þessi atriði er hægt að sjá hjá einstaklingum sem ánetjast tölvunotkun áður en hún nær að verða það alvarleg að einstaklingurinn verji 38 tímum við tölvuna og því verður að hafa í huga að vandinn getur verið til staðar áður en því marki er náð.

Þegar einstaklingar byrja að ánetjast netinu er oftast um að ræða flóttahegðun þar sem þeir flýja óþægilegar aðstæður í raunveruleikanum og finna betri veru í andlitslausu umhverfi netheima. Atriði sem geta leitt til aukinnar tölvunotkunar eru félagsfælni, lágt sjálfsmat, einmanaleiki og samskiptavandamál eins og hjónabandserfiðleikar, einelti og langvarandi veikindi eða einangrun. Það er því mikilvægt að fólk fylgist með hvort börn þeirra eigi í erfiðleikum í skóla eða utan hans og grípi inn í ef vandamál skapast í umhverfi þeirra. Þegar börn hætta skyndilega að vilja mæta í skóla, einkunnir lækka og þau hætta að vilja taka þátt í íþróttum og öðrum utanskólaathöfnum eru það allt þættir sem geta bent til þess að barninu líði illa og geta svo leitt til þess að það flýr á netið. Þegar barnið hefur svo eitt sinn flúið á netið ýkist hegðunin gjarnan sem á undan gekk og það hættir nánast alfarið að mæta í skóla, læra eða sinna utanskólaáhugamálum.

Allt of oft velja foreldrar að líta undan og láta börnin útkljá málin sín á milli en nú til dags í harðnandi heimi getur slíkt hæglega reynst börnum um megn. Börnin geta í raun lært að takast á við slík vandamál með því að fara að fordæmi foreldranna og því er mikilvægt að þau sýni þeim rétta hegðun í verki.

Umræða, eins og sú sem hefur farið fram undanfarið, getur vakið fólk til umhugsunar og vonandi haft jákvæð áhrif á þróun þessa mála. Það er því mikilvægt að foreldrar hvetji börnin sín til dáða og kenni þeim að umgangast tölvur af hófsemi.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Í hreyfilandi er margt í boði fyrir foreldra og börn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tónlist fyrir börn

***Hreyfiland er fjölskyldu- og barnvæn heilsuræktarstöð þar sem boðið er upp á ýmiss konar leikfimi fyrir börn og foreldra. Í vetur verður einnig boðið upp á tónlistarnámskeið fyrir ungabörn í Hreyfilandi.***

Tónlistarnámskeiðin í Hreyfilandi eru hugsuð fyrir þriggja til tólf mánaða gömul börn. „Ungabörn eru mjög næm á tónlist, sérstaklega klassíska tónlist og fallega tónlist,“ segir Krisztina G. Agueda, eigandi og framkvæmdastjóri Hreyfilands.

Á tónlistarnámskeiðunum munu börnin hlusta mikið á tónlist og syngja með foreldrum sínum. „Kennarinn spilar á gítar og það verður mikið um lifandi tónlist í tímunum sem eru fjörtíu og fimm mínútur í senn. Foreldrarnir fá síðan geisladisk með lögunum með sér heim svo að börnin geta hlustað á hann þar,“ segir Krisztina. *- eö*

TT námskeið
Taktu þér tak!
Viltu ná kjör-þyngd?

OPNUM NÝJAN, STÆRRI OG ENN BETRI STAÐ! OPNUNARHÁTÍÐ 10. SEPTEMBER KL. 14 - 17
Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin
Innritun hafin á ný í síma 581 3730.
Öflug átaksnámskeið fyrir stelpur á aldursbilinu 16-20 og 21-30!
- Líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- Leiðbeiningar um mataræði
- Fundir, aðhald, vigtun og mælingar
Kvöldtímar
Um er að ræða 6 vikna námskeið, 3 x í viku.
Vertu velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is



# Betri aðstaða fyrir útikörfubolta

***Fyrsti útikörfuboltavöllur landsins var tekinn í notkun í Reykjanesbæ um síðustu helgi.***

Nýr körfuboltaútivöllur var tekinn í notkun um síðustu helgi við Holtaskóla í Reykjanesbæ, og er talið að það muni verða mikil lyftistöng fyrir útikörfubolta. Völlurinn er fyrstur sinnar tegundar á Íslandi og voru það körfuboltaáhugamenninrnir Sigurður Ingimundarson og Tómas Tómasson sem áttu frumkvæði að því að panta völlinn frá Bandaríkjunum, en fyrirtækið Sport Court hefur selt slíka velli til yfir 80 landa.

Háþróað efni er notað við gerð hans.Það þolir breytilega veðráttu og er betra en malbik. Sérstakt frárennsli er frá vellinum þannig að bleyta á ekki að safnast þar fyrir. Körfurnar eru einnig vandaðri en á öðrum útivöllum.

Að sögn Sigurðar Ingimundarsonar var Reykjanesbær fljótur að bregðast við umleitan þeirra að flytja inn völlinn enda bæjarfélagið fljótt að tileinka sér nýjungar í íþróttum. Hann nefnir þar sem dæmi að Reykjanesbær hafi verið fyrstur til að taka í notkun NBA gólf í íþróttahúsum sínum, og þegar hafa verið lagðir upphitaðir og upplýstir gervigrasvellir við alla grunnskólana.

Sigurður segist vona að fleiri vellir af þessari tegund verði settir upp við grunnskólana í bænum enda bjóði þeir upp á miklu betri aðstæður og skemmtilegri körfubolta.


Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, var fyrstur til að taka skot á körfuna á nýja vellinum.

Fljótlega er fyrirhugað að halda körfuboltamót á vellinum og gert ráð fyrir að hann verði vel nýttur.





Íslendingar mega vera duglegri að borða fisk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Meiri fisk

***Lýðheilsustöð birti nýverið tölur um fæðuframboð á Íslandi árin 2004-2005.***

Tölurnar sýna hver þróunin er í mataræði Íslendinga og eru reiknaðar í kg/íbúa/ár samkvæmt jöfnunni: fæðuframboð = framleiðsla + innflutningur - útflutningur - önnur not (t.d. dýrafóður).

Niðurstöðurnar sýna að inntaka ávaxta hefur aukist til muna á síðustu tveimur árum eða um 13,2 kg á hvern íbúa. Neysla grænmetis hefur einnig aukist að einhverju marki. Inntaka ávaxta og grænmetis er þó minni hérlendis en á hinum Norðurlöndunum.

Íslendingar eiga met í neyslu nýmjólkur og innbyrðing á osti hefur aukist bæði árin. Þá er sykurneysla enn talsverð hérlendis samanborið við önnur lönd eða tæpt kg á íbúa á viku, en þar spila gosdrykkir stórt hlutverk og var framboðið 156 lítrar/íbúa árið 2004. Sælgætisneysla hefur aukist reglulega og var 18,5 kg á hvern íbúa 2004.

Athygli vekur að fiskneysla hefur minnkað á milli ára, þótt tekið sé fram að það byggi ekki á nógu nákvæmum upplýsingum. Áhyggjur eru vegna þessarar þróunar og mælt með því að landsmenn neyti fisks minnst tvisvar sinnum í viku. Á móti er varað við neyslu of harðrar fitu og fremur bent á að borða olíu eða mjúka fitu. Þetta kemur fram á heimasíðunni www.lydheilsustod.is. *- rve*



## Sojabaunir, bragðgóð hollusta

Sojabaunir eru uppfullar af prótíni og sumir álíta að þær innihaldi efni sem hafi fyrirbyggjandi áhrif á krabbamein, þar á meðal brjóstakrabbamein, og beinþynningu. Að auki er talið að þær geti dregið úr líkum á hjartasjúkdómum. Sojabaunir voru fyrst ræktaðar í Asíu fyrir þúsundum ára og eru mikið notaðar í japanskri matargerð en dæmigerður Japani borðar sojabaunir í einhverri mynd (tofu, olíu og sojasósu) í morgun-, hádegis- og kvöldmat. Sojabaunir eru tilvaldar í hummus og alls kyns hrærsteikta rétti svo dæmi séu tekin.



## Rafvirkjun




## Viðgerðir

Rörverk ehf. Nýlagnir og viðgerðir. Löggiltur meistari. Sími 894 0938.

## Önnur þjónusta

**Pípulagningarþjónusta**
Viðhald og breytingar. Gummi pípari í síma 897 3159.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Hafnarfjörður í kvöld. Skráning í Heilsuklúbbinn á www.kolbrunrakel.is 869 7090.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

nuddnámSOVÍ

**Nudd.is**
**SOV meðferð**
**Uppl. í s. 696 0970. N@nudd.is.**

30 rúmlesta skipstjórnarnám í fjarnámi við Framhaldsskólann í A-Skaftafellssýslu. Skráning á vefnum www.fas.is sími 470 8070. Umsóknarfrestur til 7.september.

## Námskeið




**Námskeið í tréskurði**
Örfá byrjendapláss laus. Hannes Flosason. Sími 554 0123.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu hornsófi. Verð 15 þúsund. Uppl. í s. 553 2702 & 861 1028.

## Heimilistæki

**AEG Uppþvottavél stál**
Til sölu vegna flutninga AEG Favorite Sensor Logic. 5 kerfi. Ísl. stjórnb. Verð 57 þús. S. 865 0703 & 693 8900.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

Til sölu yndislegir Chihuahua. Uppl. í s. 661 2845.

## Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska




Útsala á hestavörum 30-70% afsl. Beisli, hnakkar, skálmar, úlpur, peysur, hanskar. Ístölt, Bæjarlind 2. S. 555 1100.

HRAFN hnakkur ásamt fylgihlutum til sölu. Uppl. í s. 554 0123 & 863 8034.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Meðleigjandi óskast í 101.**
meðleigjandi óskast í hjarta R.vík, 100 fm og er fullbúið húsgögnum. Leiga 56.250, 1 mán. fyrirfram, leigist frá 01. sept -01. júní. Reykleysi og reglusemi skilyrði. Keli, s. 849 0864.

35 fm stúdíóíbúð á Arnarnesi, fullbúin húsgögnum, ísskápur, sjónvarp, allt í eldhúsi, s2 og sýn, rafmagn og hiti. Leiga 75 þús. á mán. Uppl. í s. 696 1078.

Herbergi til leigu á sv. 104, útlendingar velkomnir. Aðgangur að eldhúsi, baði og þvottahúsi, rúm og sjónvarp til staðar. S. 693 9101.

Til leigu er góð 2ja herb. íbúð auk stæðis í bílageymslu á svæði 107 fyrir kr. 75þús. á mán. auk rafmagns og hita. Sími 8975850

Til leigu 119 fm íbúð í Baugakór Kópavogi, stór sólpallur, glæsileg íbúð, leiga 150 þús. pr. mán., rafmagn, hiti og hússjóður innifalið. Uppl. veitir Baldvin í s. 898 1177.

## Húsnæði óskast

57 ára bandaríkjamaður oskar eftir einstaklingsíbúð eða herbergi í gistihúsi, helst með aðgang að þvottahúsi, í miðbænum. Reglusamur maður, ég mun vera á Íslandi frá byrjun ókt fram til jóla til þess að taka þátt í námskeið. Hafðu samband brad_morton@hotmail.com

Óska eftir herb./íbúð til leigu í 1-2 mánuði. Uppl. í s. 659 1922.

Ungt par óskar eftir íbúð á höfuðborgarsv. Greiðslugeta 70 þús. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 840 4927.

Skilvíst, reglusamt og reyklaust par á fertugsaldri óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu (helst í Hafnarfirði). Uppl. í s. 690 0567.

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott 240 fm hús jarðhæð 120 fm efrih 120 fm 1 salur á jarðhæð+mótaka, uppi skrifstofa, kaffistofa ,geimsla,hreinlætisaðstaða, húsið er við Vagnhöfða 110 Rvk sím 5872330 og 6995390.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnarfjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Fyrirtæki, stofnanir. 75 íbúðir til leigu með eða án húsgagna. Þjónusta/þrif/þvottur/morgunmatur. Skoðið uppl. og myndir á www.ibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

PÍTAN

**Pítan**
**Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864 9861) alla virka daga milli 14-18 Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.**




allt
auglýsingasími
550 5880

## TIL SÖLU









### Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn

**Villtu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dug-leg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuð-borgarsvæðinu.**

**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898 2130) milli 9-17.**

### American Style í Skipholti og Tryggvagötu

**Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstakl-inga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslensku-kunnátta nauðsynleg**

**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veit-ir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

### Bakaríið hjá Jóa Fel

**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.**

**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

### Bakaríið hjá Jóa Fel

**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í fullt starf á virkum dögum og um helgar.**

**Uppl. fást hjá Söru 868 6304 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Smáralind.**

Starfsfólk óskast á frístundaheimil-in við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

### Smart - Starfsfólk

**Starfsfólk óksast á sólbað-stofuna Smart, Grensásveg Dagvinna. Reyklaus vinnu-staður.**

**Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

### Reykjanesbær - Soffía frænka

Nokkrum (25) ósjálfbjarga karlmönn-um vantar ákveðna konu til að sjá um hreinlætis og kaffimál á vinnustað byggingafyrirtækis. Um er að ræða 1/2 starf til framtíðar. Upplýsingar gefur Páll í s. 840 6100.

### Húsvörður.

**Húsfélagið Sléttuvegi 11-13, 103 Reykjavík, óskar eftir að ráða húsvörð til starfa frá og með 1. Nóvember 2006, starfinu fylgir 3 herbergja íbúð.**

**Nánari upplýsingar hjá for-manni hússtjórnar í síma 553 5996.**

Vantar 3 daga í viku frá 14 til 19 í verslun okkar að Vitastíg. Nánari uppl. á adamogeva.is

### Kjúklingastaðurinn Suðurveri

**Vaktstjóra og starfsfólk óskast í vaktavinnu. Einnig vantar fólk í hlutastörf. Íslensku kunnátta æskileg. Ekki yngri enn 18 ára.**

**Upplýsingar í síma 553 8890.**

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfs-krafti í afgreiðslu eftir hádegi - kl. 19. Einnig vantar frá kl. 15 - 19. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

### Bílstjóri með meirapróf!

**Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan bílstjóra með meirapróf.**

**Uppl. í s. 860 8486.**

### Steinsteypusögun og kjarnaborun

**Duglegir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnabor-un. Fjölbreytt starf - Góð laun í boði.**

**Upplýsingar í s. 893 3236**

### Kökuhúsið Auðbrekku

**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 12-17:30**

**Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093**

### NK Kaffi Kringlunni

**Óskum eftir að ráða starfsfólk til ýmisa starfa.**

**Upplýsingar á staðnum og í s. 693 9091 & 568 9040**

### Ítalía - veitingahús

**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal, fullt starf. Vaktavina frá kl. 11 - 23. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára.**

**Nánari upplýsingar eru ein-ungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.**

### Garðabær bakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

### Starfsmaður á lukkuhjól

Atlantsolía leitar að starfskrafti til að sjá um lukkuhjól fyrirtækis-ins í Kringlunni eða Smáralind. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi þar sem verið er að taka á móti umsóknum fyrir Dælulykla. Vinnutími frá 12 til 18.30. Möguleiki á sveigjan-legum vinntíma. Allar nánari upplýs-ingar veitir Hugi Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is eða 825 3132.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vinnutíma frá kl 07-13 eða 13-18.30 daglega. Góð laun í boði fyrir duglega aðila. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma; 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Sólarræstingar ehf. Starfsfólk vantar í ræstingar víða í Hafnarfirði. Uppl. í s. 5814000 og Daiva s. 8204062.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraust-um starfsmanni í vinnu við háþrýsti-þvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf strax. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sott-hreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Amma óskast á Þorfinnsgötu fyrir 15 mán. stúlku. Uppl. í s. 661 5219.

### Smiðir-verktakar!

Tilboð óskast í smíði sökkla undir 9 raðhús. Upplýsingar í síma 898 9313.

Vantar smiði og verkamenn í vinnu í vetur. S. 869 9814.

### Veitingahúsið Hornið.

Vill ráða snyrtilegan og reglusaman þjón í sal. Reynsla æskileg. 100% Vaktavinna. Upplýsingar í síma 898 6481.

## Atvinna óskast

28 ára karlmaður óskar eftir atvinnu er ábyrgur og heiðarlegur. Upplýsingar í síma 849 3550, Bjarki Már.

Sudumadur fra Lettlandi oskar eftir vinnu a Islandi. MIG/MAG/TIG suda. S.8457158

## Viðskiptatækifæri

### Splunkunýtt viðskipta-tækifæri

www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

### Barrekstur til sölu

Á spáni. Verð sem kemur á óvart. Upplýsingar í s. 00 346 3990 2488 & 00 349 2876 7532 & 699 6320.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

### Símaspjall 908 6060 & 908 5959.

Hæ ég heiti Margrét. Ég er heit og ljúf og langar að heyra í þér. Opið allan sólarhringinn. S. 908 6060 & 908 5959.

## ATVINNA

# Skemmtileg vinna!

**Okkur vantar góða skemmtilega starfsmenn! Fólk til að tala í síma og veita frábæra þjónustu!**

Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.

SKÚLASON

Skúlason símaver ehf - Sími 575 1500 - www.skulason.is

BM ráðgjöf

## Kvöldvinna

### Akureyri, Reykjavik og Reykjanesbær.

Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.

Góð laun í boði.

Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í sima 590-8000/822-5057

## ATVINNA

# Vinna með námi hjá Hive

**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og frábærir tekjumöguleikar í boði.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is.

Hive

# Vigtarmenn

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldið á Neytendastofu Borgartúni 21 dagana 18., 19. og 20. sept. nk

Endurmenntunarnámskeið 25. sept..
Allar nánari upplýsingar og skráning þátttakenda á Neytendastofu sími 510-1100 og á heimasíðunni www.ls.is/mælifræði/vigtarmenn/námskeið.

Skráningu lýkur fimmtudag 14.sept.nk..

NEYTENDASTOFA

## TILKYNNINGAR

# Afurðaverð Sláturhúss KVH ehf. og Kjötafurðastöðvar KS.

## Verðskrá fyrir sauðfjárafurðir haustið 2006

| | 1 | 2 | 3 | 3+ | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| DE | 394 | 394 | 376 | 340 | 252 | 236 |
| DU | 378 | 378 | 362 | 330 | 250 | 230 |
| DR | 350 | 362 | 339 | 285 | 220 | 210 |
| DO | 310 | 348 | 292 | 275 | 200 | 200 |
| DP | 265 | 265 | 265 | 265 | | |
| VR | | | 245 | | 210 | |
| VP | 210 | | | | | |
| VHR | | | 50 | | 50 | |
| VHP | 50 | | | | | |
| FR | | | 100 | | 42 | |
| FP | 40 | | | | | |

Innlegg verður greitt að fullu 7 dögum eftir sláturdag.
Innmatur, gærur og flutningur er innifalinn í kjötverði.

Greitt verðir álag á alla flokka og er það sem hér segir:
Vika 36 40 kr/kg
Vika 37 30 kr/kg
Vika 38 10 kr/kg

Óskum einnig eftir stórgripum til slátrunar.
Tekið á móti pöntunum hjá eftirtöldum:
Sláturhús KVH ehf. Magnús, 455-2329 eða í netpósti á magnus@skvh.is
Kjötafurðarstöð KS. Pétur, 455-4523 eða í netpósti á petur.fridjonsson@ks.is



## Bifvélavirki eða laghentur maður óskast til framtíðarstarfa.

Starfið er fjölbreytt og fellst m.a. í viðgerðum og afgreiðslu varahluta. Eðli starfsins krefst þess að viðkomandi geti unnið sjálfstætt, hafi þjónustulund, gott mannorð og hreint sakavottorð. Góð laun eru í boði fyrir réttan mann.

Upplýsingar um menntun, hagi og fyrri störf sendist til Fréttablaðsins merkt "Framtíðarstarf" fyrir 19. september.

---

VOPNAFJARÐAR HREPPUR

Vopnafjarðarhreppur auglýsir rekstur Hótels Tanga á Vopnafirði til leigu. Nýlokið er við gagngerar breytingar á hótelinu. Leitað er eftir aðila, sem er tilbúinn að taka að sér spennandi en jafnframt krefjandi rekstur, hótels á Vopnafirði.

Æskilegt er að umsækjandi hafi rekstrarmenntun eða reynslu á sviði hótel og veitingareksturs.

Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps í síma 473-1300 eða á netfangi **steini@vopnafjardarhreppur.is**

Umsóknum skal skila á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, fyrir fimmtudaginn 7. september n. k.

Vopnafjarðarhreppur

---

## RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf. RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA

### Lager afgreiðslu og aðstoðarmaður

Lager afgreiðslu og aðstoðarmaður óskast. Mjög fjölbreytt starf í boði.

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra, Bjarni H. Matthíasson, bjarni@ri-verslun.is

www.ri-verslun.is

---

STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA

## Styrktarfélag vangefinna
## Matráður

Ás Vinnustofa óskar eftir matráð í 80 - 100% starf. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi. Matreitt er fyrir um 35 starfsmenn.

Ás er verndaður vinnustaður, staðsettur í Brautarholti 6 og er opin frá 8.30 til 16.30 á virkum dögum. Þangað sækja um 50 starfsmenn vinnu.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir og Valdís Erlendsdóttir í síma 414-0530. Upplýsingar um Styrktarfélagið má nálgast á heimasíðu þess, http://www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

---

## Smiðir og verkamenn

Óskum eftir að ráð vana smiði eða smiðsgengi. Jafnframt óskast duglegir verkamenn.

Upplýsingar í síma 660 4177

Verkstofan
Verktakar - Sími 660 4177

---

RE/MAX HEIMILI OG SKIP

## Sölufulltrúar óskast

Remax heimili og skip óska eftir 2—3 reyndum sölufulltrúum til starfa ásamt starfandi sölufulltrúum í nýju útibúi miðsvæðis í Reykjavík. Áhugasamir sendi inn umsóknir í gegnum tölvupóst: stefanp@remax.is eða pantið viðtal hjá Huldu í síma 420 0800.

533412 FASTEIGNAMIÐLUN Fr 14.7.6 12:05

---

allt
auglýsingasími
550 5880



RE/MAX
FASTEIGNIR Engjateig 9 105 Reykjavík Sími 578-8800 Fax 578-8801
Þórarinn Arnar Sævarsson
Löggildur fasteignasali

## RE/MAX FASTEIGNIR hafa fengið byggingarreit til sölu á besta stað í Reykjanesbæ



## VÍKURBRAUT 23 STENDUR VIÐ BRYGGJUNA Í KEFLAVÍK

Fyrir liggur leyfi fyrir því að reisa 5000fm fjölbýlishús á lóðinni. Á lóðinni stendur iðnaðarhúsnæði í dag. Reykjanesbær hefur verið í mikilli uppbyggingu og er þetta svæði eitt það eftirsóttasta í Reykjanesbæ.

Aðilar sem áhuga hafa á að kynna sér gögn og afla sér upplýsinga um lóðina hafi samband við RE/MAX fasteignir í síma 578 8800 eða við Stefán Pál í síma 821 7337



**Verð: 95.000.000**

Stefán Páll Jónsson
Gsm: 821-7337
e-mail stefanp@remax.is

# SJÓNARHORN



Gengið um Goðaland í Þórsmörk í blíðskaparveðri.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# TOPP 5: OFURHETJU-MYNDIR

Ofurhetju-myndir eru misvinsælar og sjálfsagt vinsælastar á ófriðartímum. Ástæðan er rakin til óskhyggju áhorfenda um að vandamálin hverfi eins og dögg fyrir sólu, með svipuðum hætti og hetjan á hvíta tjaldinu bjargar málunum með einu handtaki. Vinsældir slíkra mynda undanfarin ár renna stoðum undir þá kenningu, auk þess sem tölvubrellur nútímans hafa rutt brautina fyrir alls kyns sjónhverfingum sem voru áður illframkvæmanlegar.

**1. V for Vendetta (2005):** Hefndarengill leitar leiða við að sækja spilltan þjóðarleiðtoga og glæpahyski hans til saka fyrir samfélagslega glæpi. Sannkallaður hvalreki fyrir unnendur ofurhetjumynda, enda sjaldan sem myndir af þessu tagi eru jafn innihaldsríkar og vel leiknar.

**2. Batman Begins (2005):** Eftir ósköpin sem leikstjórinn og fyrrum gluggaskreytingamaðurinn Joel Schumacher framreiddi með fjórðu myndinni um Leðurblökumanninn var ekki annað hægt en að byrja seríuna upp á nýtt. Handrit, lágstemmdur leikur og svartur húmor gera hana að þeirri bestu í röðinni.

**3. X-men (2000) og X-Men 2:** X-Men United (2003) deila með sér þriðja sæti yfir bestu ofurhetju-myndir allra tíma. Hér er valinkunnur maður í hverju hlutverki með þau Hugh Jackman, Patrick Stewart og Famke Jessen fremst í flokki stökkbrigða sem þrá samfélagslega viðurkenningu.

**4. Spiderman 2 (2004):** Peter Parker togast á milli ástar og hetjudáða. Í seinni myndinni er unnið út frá sögunni sem grundvölluð var með fyrstu myndinni í trílógíunni, en að uppbyggingu eiga þær síðan ískyggilega mikið sameiginlegt með fyrstu tveimur Superman-myndunum.

**5. Superman (1978):** Er þetta fugl?! Nei! Er þetta flugvél? Nei þetta er Superman! Vísindamaður sendir barnungan son sinn til jarðar til að bjarga mannkyninu áður en heimapláneta hans tortímist. Myndin ber með sér öll einkenni stórmyndar, meira að segja þakkarlistinn í lokin er yfir sjö mínútna langur, sem var met á þeim tíma.

## SKEMMTILEGAST/LEIÐINLEGAST

## *Hugarfarið skiptir öllu*

Handknattleiksmaðurinn Gísli Rúnar Guðmundsson, sem gekk nýverið í raðir danska liðsins Ajax Heros í Kaupmannahöfn, segir andlegt ástand sitt ráða miklu um það hvað honum finnist skemmtilegt eða leiðinlegt að gera. „Það sem mér finnst skemmtilegast eða leiðinlegast að gera er í raun og veru bara spurning um andlegt ástand hverju sinni. Ég segi alveg frá hjartanu að það er ekkert eitt frekar en annað sem mér finnst leiðinlegra eða skemmtilegra en annað.

Þetta er allt spurning um það hvernig maður er stemmdur hverju sinni. Það getur til dæmis verið grútleiðinlegt að ryksuga þegar maður er þvingaður til þess. Þegar maður aftur á móti er einn heima, rétt stemmdur og setur góða tónlist á fóninn getur verið mjög gaman að ryksuga.

Þannig er þetta með alla hluti, bara spurning um stemninguna hverju sinni og það er okkar að hafa hana okkur í hag og gera þannig alla hluti skemmtilega.“



GÍSLI RÚNAR GUÐMUNDSSON LÍTUR SPEKINGSLEGUM AUGUM Á TILVERUNA.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.109 **+0,74%** **Fjöldi viðskipta:** 406 **Velta:** 3.159 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | +1,58% | **Icelandic Group** | -3,17% |
| **KB banki** | +1,09% | **Mosaic** | -1,70% |
| **FL Group** | +1,06% | **Actavis** | -1,07% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,00 -1,07% ... Alfesca 4,56 +0,00% ... Atlantic Petroleum 581,00 +0,52% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Avion 33,60 +0,30% ... Bakkavör 54,40 +0,18% ... Dagsbrún 5,12 -0,39% ... FL Group 19,00 +1,06% ... Glitnir 20,10 +1,01% ... KB banki 837,00 +1,09% ... Landsbankinn 25,70 +1,58% ... Marel 77,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,40 -1,70% ... Straumur-Burðarás 16,90 +0,60% ... Össur 125,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**A380 FRÁ AIRBUS** Starfsmenn Airbus fara um borð í risaþotuna á mánudag. Þotan er stærsta farþegaþota í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Þotan loks í loftið

A380 risaþota frá samevrópsku flugvélasmiðjunni Airbus fór í loftið frá flugvelli í Toulouse í Frakklandi í gær. Þetta var fyrsta tilraunaflug vélarinnar af fjórum í vikunni með áhöfn og farþega innanborðs. Flugið tók sjö klukkustundir en farþegarnir voru allir starfsmenn Airbus.

Fram til þessa hafa 16 flugfélög pantað 159 vélar frá Airbus en fyrirhugað er að afhenda Singapore Airlines þær fyrstu í desember, hálfu ári á eftir áætlun.

Þetta þykir stórt skref fyrir EADS, stærsta hluthafa Airbus, sem hefur orðið fyrir nokkrum skakkaföllum vegna tafa á framleiðslu vélanna. Bæði hefur gengi hlutabréfa í félaginu lækkað mikið síðan greint var frá seinkuninni í júní auk þess sem félagið á yfir höfði sér skaðabótamál vegna þessa.

Í ofanálag hafa tveir af æðstráðendum félaganna þurft að taka poka sína. Gustav Humbert, forstjóri Airbus, sagði af sér vegna tafa en Noel Forgeard, yfirforstjóri samstæðu EADS, hvarf á braut í kjölfar ásakana um að hann hefði selt hluti sína og fjölskyldu sinnar í EADS áður en greint var formlega frá seinkun á afhendingu A380 risaþotanna. - jab

## Spá talsverðri lækkun á verðbólgu

Útlit er fyrir 0,8 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs milli ágúst og september og allt bendir til þess að verðbólga hafi þegar náð hámarki og muni minnka á næstu mánuðum. Þetta kemur fram í endurskoðaðri verðbólguspá Greiningardeildar Glitnis.




Í Morgunkorni Glitnis segir að eldsneytisverð hafi lækkað að undanförnu og geti lækkað frekar á næstu dögum í ljósi gengishækkunar krónunnar og lækkunar á heimsmarkaðsverði. Útsölur séu nú að ganga til baka en reiknað er með minni áhrifum á vísitöluna en í fyrra. Tiltæk gögn bendi hins vegar til þess að íbúðakostnaður muni reynast hærri en í síðasta mánuði.

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs þann 12. september. Gangi spá Greiningardeildar Glitnis eftir mun verðbólga lækka talsvert, úr 8,6 prósentum í 7,8 prósent. - hhs

## Segir rétta tímann til krónukaupa

Núna gæti verið rétti tíminn til að kaupa íslenskar krónur þar sem gengi krónunnar er hagstætt um þessar mundir. Þetta er haft eftir Momtchil Pojarliev, sérfræðingi hjá svissneska bankans Pictet & Cie, í frétt á vefsíðu Bloomberg í gær þar sem fjallað var um íslensku krónuna. Sagði hann líkur til þess að krónan muni styrkjast um sex prósent fyrir lok ársins. Hægari hagvöxtur í Bandaríkjunum og Japan sannfæri fjárfesta um að þarlendir seðlabankar muni ekki hækka stýrivexti frekar í bráð. Þar með verði vaxtamuninum, sem sóst er eftir, við haldið.



Í fréttinni kemur fram að íslenska krónan, sem stóð sig einna versta allra gjaldmiðla á fyrri hluta ársins 2006, sé nú komin ofarlega á blað hjá erlendum vogunarsjóðum, sem nú sækja í íslensk skuldabréf. Á núverandi ársfjórðungi hefur krónan styrkst um tíu prósent gagnvart dollaranum. Styrkingin kemur að hluta til af því að fjárfestar taka lán í löndum þar sem vextir eru lágir og fjárfesta hér, þar sem vextir eru háir. Íslenskir stýrivextir standa nú í 13,5 prósentum. - hhs




Margir einstaklingar eru heftir í sínu daglega lífi vegna verkja í hnjám. Þetta ástand orsakast meðal annars vegna líkamlega erfiðra vinnuaðstæðna, íþróttameiðsla eða vegna þróunar slitgigtar. Stór hluti þessara einstaklinga þjáist meira en hann þyrfti. Glucomed er nýtt lyf notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hnjám. Það inniheldur glúkósamín sem er náttúrulegt efni í liðum.




LD1060801

**Glucomed® 625 mg**
Glucosamine

**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur (1250 mg) einu sinni á dag til að draga úr einkennum.

*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*



*Elskaður eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,*

**Árni Stefán Árnason**
matreiðslumeistari, Þrastarási 12, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 30. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. september klukkan 13.00.

**Kristín Þóra Kristjánsdóttir**
**Arna Þórdís Árnadóttir** — **Sigurþór Hjalti Gústafsson**
**Svava Dagný Árnadóttir**
**Óðinn Birgir Árnason**
**Svava Sverrisdóttir** — **Árni Stefánsson**
**Þórdís A. Sigurjónsdóttir** — **Kristján B. Einarsson**
**Hjördís Árnadóttir**
**Sigurbjörg Árnadóttir**
**Gísli Sverrir Árnason** — **Guðrún Baldursdóttir**
**Guðlaug Árnadóttir** — **Hólmgrímur Elís Bragason**
**Gauti Árnason** — **Ragnheiður Rafnsdóttir**
**Hrefna Kristjánsdóttir** — **Magnús Hafsteinsson**
**Einar B. Kristjánsson** — **Árný Eiríksdóttir**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hjördísar Jónsdóttur**
Einilundi 10e, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

**Halldór Kristjánsson**
**Kristján Halldórsson** — **Olga Guðnadóttir**
**Sólveig Halldórsdóttir** — **Garðar Jóhannsson**
**Harpa Halldórsdóttir** — **Kristján Guðnason**
**Halla Bergþóra Halldórsdóttir** — **Brynjar Bragason**
**Hjördís Halldórsdóttir** — **Magnús Rúnar Magnússon**
**Sólveig Hjaltadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, dóttur og systur,*

**Ástu Unnar Jónsdóttur**
Gullengi 39, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og séra Anna Sigríður Pálsdóttir.

**Eyjólfur Guðsteinsson**
**Inga Birna Guðsteinsdóttir** — **Róbert Már Ingvason**
**Inga Hilmarsdóttir** — **Jón Ingvarsson**
**og bræður.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Gísladóttir**
Klapparstíg 5, Akureyri,

lést í Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri 30. ágúst. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju miðvikudaginn 6. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta kvenfélagið Baldursbrá eða F.S.A. njóta þess.

**Andrés Bergsson**
**Arnar Andrésson** — **Hrefna Kristín Hannesdóttir**
**Gísli Andrésson** — **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Jón Andrésson** — **Margrét Pálsdóttir**
**Guðrún Andrésdóttir** — **Jakob Tryggvason**
**ömmu- og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

**FREDDIE MERCURY HEFÐI ORÐIÐ SEXTUGUR Í DAG**

*„Ég vissi alltaf að ég væri stjarna og núna virðist öll heimsbyggðin vera orðin sammála mér.“*

***Freddie Mercury, fyrrum söngvari Queen, hefði orðið sextugur í dag. Hann lést úr alnæmi árið 1991, aðeins 45 ára.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. SEPTEMBER 1997

## *Móðir Teresa fellur frá*



Nóbelsverðlaunahafinn Móðir Teresa dó á þessum degi, 87 ára gömul. Fékk hún hjartaáfall á aðalskrifstofum trúboðsstöðvarinnar Charity í Kalkútta á Indlandi.

Þessi heimsfræga nunna hafði barist við erfið veikindi í þó nokkur ár áður en hún féll frá. Þegar fréttir bárust af andláti hennar sagði páfinn að þarna færi kona sem hefði sett mark sitt á sögu aldarinnar.

Móðir Teresa var skírð Agnes Bojaxhiu þegar hún fæddist í litlu þorpi rétt fyrir utan Skopje í Makedóníu. Hún tók nafnið Systir Teresa í klaustri á Írlandi en var þjálfuð af Loreto-systrunum þar ytra. 1948 setti hún svo á stofn sína eigin reglu og hóf hjálparstörf í fátækrahverfum Kalkúttaborgar á Indlandi. Hindúar gagnrýndu hana á stundum, töldu hana reyna um of að kristna hina fátæku. Frjálslynt fólk á Indlandi gagnrýndi hana líka en þá fyrir íhaldssöm viðhorf hennar hvað varðaði fóstureyðingar og getnaðarvarnir. Restin af heiminum lítur á nafn hennar sem tákn fyrir góðmennsku og samhug.

SKAGAMAÐURINN RÍKHARÐUR JÓNSSON: FAGNAR METJÖFNUN EIÐS SMÁRA GUÐJOHNSEN

# Skoraði 17 mörk í 33 leikjum



**RÍKHARÐUR JÓNSSON** Ríkharður var mikill markaskorari á árum áður og skoraði meðal annars fjögur mörk gegn Svíum á Melavellinum.

Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona og fyrirliði íslenska landsliðsins í fótbolta, jafnaði markamet goðsagnarinnar Ríkharðs Jónssonar þegar hann skoraði sautjánda mark sitt fyrir landsliðið í fræknum útisigri á Norður-Írlandi um síðustu helgi.

Ríkharður, sem gerði garðinn frægan með Skagamönnum, setti metið árið 1951 og hélt síðan áfram að bæta það næstu árin. Lagði hann síðan skóna á hilluna margfrægu árið 1965 eftir afar farsælan feril.

Hann segir að það hafi verið löngu kominn tími á að metið yrði jafnað. „Þetta er ekkert sem hryggir mig þó að ég sé jafnaður eftir öll þessi ár. Ég er ekki að gera lítið úr einum eða neinum þó ég segi að það hefði átt að vera búið að þessu fyrir löngu,“ segir Ríkharður. „Ég er samt mjög ánægður með það að fá að vera jafnfætis Eiði Smára fram að Danaleiknum. Það er ekki oft sem maður getur jafnað sig við svona toppmenn,“ segir hann.

Ríkharður spilaði 33 landsleiki á um tuttugu ára tímabili og telst því árangur hans enn merkilegri ef miðað er við það. Meðal annars átti hann stórleik gegn Svíum á Melavellinum árið 1951 þegar hann skoraði öll mörk Íslands í 4-3 sigri.

Ríkharður sá landsleikinn gegn Norður-Írum og heillaðist af spilamennsku okkar manna. „Þetta er með því albesta sem ég hef séð til landsliðsins. Mér fannst leikurinn alveg frábær og frammistaðan yfirhöfuð stórkostleg. Ég reiknaði samt ekki með þessu því jafntefli hefðu verið mjög góð úrslit,“ segir hann og vonast til að Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari nái að fylgja árangrinum eftir. „Það er ekkert sem ætti að koma í veg fyrir að Eyjólfur geti þetta. Það var reyndar heldur ekkert sem átti að koma í veg fyrir að Ásgeir [Sigurvinsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari] gæti þetta. Ég held bara að fjöldinn átti sig ekki á því hvað þetta er mikið stemningsmál.“

Ríkharður segir að Eiður Smári sé toppspilari. „Þó mér finnist hann góður þá hef ég alltaf á tilfinningunni að hann geti mikið meira en hann hefur sýnt. Það kom fram í þessum leik og hann var virkilega að njóta sín. Það fer ekki á milli mála að hann er toppspilari enda væri hann ekki þarna sem hann er. Hann er einn af okkar bestu mönnum og verður það áfram og vonandi helst þetta áfram hjá honum.“

Íslendingar taka á móti Dönum á morgun. Ríkharður segir það vont fyrir íslenska liðið að mæta því danska eftir leikinn gegn Norður-Írum. „Ég hefði viljað að þetta væri lið sem hefði spilaði álíka fótbolta og við, eins og Finnar, Svíar, Englendingar eða Norðmenn. En Danirnir spila allt annan fótbolta með stuttu spili,“ segir Ríkharður, sem vonast engu að síður eftir góðum úrslitum. „Við höfum aldrei unnið Dani þannig að jafntefli væri mjög gott áframhaldi af þessum leik,“ segir hann og er greinilega með báða fætur á jörðinni.

**freyr@frettabladid.is**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sóley Kristinsdóttir**
Dalbraut 27,

sem andaðist mánudaginn 28. ágúst, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 7. september kl.15.

**María Anna Þorsteinsdóttir** — **Rúnar E. Indriðason**
**Kristinn E. Pétursson** — **Björk Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Árni Kristinn Hansson**
áður Digranesvegi 62, Kópavogi,

sem lést 24. ágúst, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni Kefas, Fagraþingi 2A,Vatnsenda, Kópavogi miðvikudaginn 6. september kl 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð sem hefur verið stofnaður og ber hans nafn. Sjóðnum er ætlað að vera til styrktar þeim sem minna mega sín í þjóðfélagi okkar. Upplýsingar í síma 862 8180.

**Björg R. Árnadóttir** — **Ármann J. Lárusson**
**Ingibjörg Árnadóttir**
**Ragnheiður D. Árnadóttir** — **Bragi Sigurjónsson**
**afabörn og fjölskyldur.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Bjarka Magnússonar**
læknis, Laugarnesvegi 87, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Birna Friðgeirsdóttir**
**Magnús K. Bjarkason** — **Guðlaug Pálmadóttir**
**Hólmfríður Bjarkadóttir** — **Páll E. Ólason**
**Anna Elín Bjarkadóttir**
**Nanna Snorradóttir** — **Herleifur Halldórsson**
**Rósbjörg Jónsdóttir**
**Valgerður G. Bjarkadóttir** — **Orri Jóhannsson**
**afabörn og langafabarn.**

# SAMSUNG kæli- og frystiskápar

NÝ TÆKNI
## SILVER NANO
sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla** í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun**.

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.



**RSEB8JPUS** - Stál
Hæð 187,4 ı Breidd: 94 ı Dýpt: 67,8
kælir er 296 l og frystir 199 l alls 495.
Orkunotkun 529 kwh á ári. **399.000,-**



**RS21DGUS** - Burstað stál
Burstað stál með vatni og klaka. Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
**279.900,-**

## Stál - kámfríir
SAMSUNG

Kynntu þér SILVER NANO



**RS21KCSM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
Kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l. Orkunotkun 538 kwh á ári.
**249.900,-**



**RS21DNSM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.
**209.900,-**

# Dyrnar
## að þínum draumum

## Skápur til innbyggingar
## Rústfrítt stál
SAMSUNG



**RS21KLSR** - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla. Kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l.
Orkunotkun 538 kwh á ári.
**299.900,-**

## Hvítir kæliskápar
SAMSUNG



**RS21DASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.
**189.900,-**



**RS21NASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð. Kælir 346 l og frystir 211 l eða alls 557 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
**139.900,-**



**RS21FASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l. Orkunotkun 538 kwh á ári.
**199.900,-**

## Einfaldir kæliskápar
SAMSUNG



**RL39WBMS** - Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn. Kælir 241 l og frystir 104 eða alls 345 l. Orkunotkun er 404 kwh á ári.
**99.990.-**

**RL36EBSW**
Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir.
Kælir 221 l og frystir 104 l. Orkunotkun 394 kwh á ári.
**79.990.-**

**RL39WBSW** - Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn. Kælir 241 l og frystir 104 eða alls 345 l.
Orkunotkun er 404 kwh á ári.
**89.990.-**

**RL39EBSM**
Stál lakkaður
192 cm á hæð, kælir og frystir. Kælir 246 l og frystir 104 l.
Orkunotkun 404 kwh á ári.
**89.990.-**

## Umboðsmenn:
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

SAMSUNG
STÆRRI en þú heldur

ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800
KEFLAVÍK Sími 421 1535
ormsson.is

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

imago



27.september - 1. október

Dagskrá

17.september - sunnudagur
Upphitun fyrir Jazzhátíðina
TYFT
(Hilmar Jensson, Jim Black & Andrew D'Angelo)
NASA
- : -
27.september - miðvikudagur
Opnunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur
Bill Holman ásamt Stórsveit Reykjavíkur - NASA
Tríó Lasúr - óvíst
- : -
28. september - fimmtudagur
Tobias Delius, Han Bennink og Valdi Kolli - NASA
Gammar - NASA
Laser - óvíst
- : -
29. september - föstudagur
Tore Brunborg/Sunna Gunnlaugs Kvartett - Kaffi Reykjavík
Dialect - NASA
Kvintett Asgeirs Asgeirssonar - NASA
Andrzej Jagodzinski Trio - Þjóðleikhúskjallarinn
- : -
30. september - laugardagur
YNJC - Sal FIH Rauðagerði
Stórtónleikar í Háskólabíó
Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór Kvartett
Kurt Elling with Laurence Hobgood Trio
BIT - Latínsveit Tómasar R - NASA
- : -
1. október - sunnudagur
Kristjana Stefáns/Agnar Már - NASA
Oriental Express - NASA
- : -
14. október - laugardagur
Utlendingahersveitin - útgáfutónleikar
NASA

Allar nánari upplýsingar á:
www.jazz.is

GLITNIR VISA olís



# STUÐ MILLI STRÍÐA Haugurinn í Vesturbænum

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** LÍTUR Í EIGIN BARM



Tiltekt hefur aldrei verið mín sterkasta hlið í heimilisverkunum. Ég get vaskað upp án þess að einhver þurfi að koma á eftir og gera allt upp á nýtt og ryksugað undir styrkri stjórn húsfreyjunnar. Vankunnátta mín hvernig á að beita tusku með sápuvatni er slík að heimilisfólkið á bænum hefur margoft velt því fyrir sér hvort ekki væri nær að senda mig á námskeið hjá Mörthu Stewart, sjónvarpskonunni geðþekku.

Ef ég hefði verið uppi á víkingaöldinni hefðu örlög mín örugglega verið mjög sorgleg. Ég hefði verið bundinn við staur úti á miðju túni eins og Ingjaldsfíflið eða verið látinn vaka yfir ánum uppi á fjalli. „Drengurinn getur hvort eð er ekki gert neitt annað," hefði húsbóndinn sagt og lamið mig með priki enda áttu börn erfitt uppdráttar á Íslandi í gamla daga.

Ég hefði hins vegar notið mín vel á ensku hefðarheimili um miðja 19. öldina þegar sérstakt þjónustufólk gekk um og þreif eftir mann skítinn. Kannski var ég breskur hefðarkarl í fyrra lífi sem skýrir vankunnáttu mína á skrúbbi og þrifum en slíkar afsakanir duga ekki fyrir konu með gula hanska í árásarhug gegn skít og drullu. „Láttu ekki svona," sagði húsfreyjan einu sinni þegar ég þóttist falla í trans og fór að tala tungum. „Ég þarf te og kex núna áður en ég fer út að ríða," sagði ég en uppskar ryksugu og hvíta tusku.

Ég hef reynt allar afsakanir þegar kemur að hvers kyns tiltekt. Tímabundin blinda, eymsl í baki og ofþornun eru allt útskýringar sem ég hef reynt með misjöfnum árangri. Ég hef jafnvel reynt að koma mér undan heimilisverkum með því að þykjast reka tána í og láta sem ég sé illa tábrotinn. Besta afsökunin er hins vegar án nokkurs vafa að reyna fresta heimilisverkunum til morguns. „Ég er svo þreyttur en verð í geðveiku stuði á morgun," en yfirleitt tala ég fyrir daufum eyrum og er bent á að illu er best af lokið.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ INNRÉTTINGAR

omega

## TILBOÐ!



WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900



WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 56.900



WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 69.900



WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900



WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900



WLU-149 116 x 49 cm
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900



WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 26.900



WLU 126 50x40 sm
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Verð stgr. kr. 28.900

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**! Kl. 12.00**
*Inga Þöll Þórgnýsdóttir hdl. heldur fyrirlestur á vegum Lögfræðitorgs Háskólans á Akureyri um málsmeðferðarreglur stjórnsýslunnar. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 25 í Þingvallastræti 23.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Draugalög og hestasöngvar

Barítónsöngvarinn Jón Svavar Jósefsson heldur sérstaka tónleika ásamt píanóleikaranum Helgu Bryndísi Magnúsdóttur í Dalvíkurkirkju í kvöld en þar verður lögð áhersla á drauga- og hestalög. Á efnisskránni eru til að mynda klassísk hestalög eins og „Sprettur“ og „Á Sprengisandi“ í krassandi flutningi en að sögn Jóns Svavars verður skrautfjöðurin líklega „Draugadans“ Jóns Leifs. „Það er all sérstakt lag sem ekki allir þekkja en draugalegt er það,“ úskýrir hann. Auk þess flytja Jón Svavar og Helga Bryndís nokkrar aríur og átthagalög.

Jón Svavar stundar nám í óperudeild Tónlistarháskólans í Vín í Austurríki en á sumrin járnar hann hesta og kveðst hafa af því gaman. „Það er góð tilbreyting,“ útskýrir hann. „og það er líka yndislegt að syngja í hesthúsum, þar er góður hljómur og hestarnir eru prýðisáheyrendur – hvort sem þeim líkar það betur eða verr.“

Hestamennskan er sameiginlegt áhugamál Jóns og Helgu en hún starfar sem organisti og kórstjóri í Möðruvallasókn og í Svarfaðardal. Helga Bryndís lauk kennara- og einleiksprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1987 og stundaði síðar framhaldsnám í Vínarborg og Helsinki. Helga hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið til dæmis með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Caput-hópnum.



**HESTAMENNSKA OG SÖNGUR HEFUR LÖNGUM FARIÐ SAMAN** Jón Svavar og félagi hans Sælimon frá Stokkseyrarseli.

Næstkomandi fimmtudagskvöld halda Jón Svavar og Helga tónleika steinsnar frá höfuðborginni en þá koma þau fram á Draugasetrinu á Stokkseyri. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og er frítt inn á þá báða fyrir drauga og ófermda.

## > Ekki missa af...

sýningunni **Guðs útvalda þjóð** í gallerí **Kling & bang** við Laugaveg. Líðlega þrjátíu listamenn, bæði myndlistar- og tónlistarfólk taka þátt í þessu eldfima samstarfsverkefni en sýningarstjóri er **Snorri Ásmundsson**.

fyrstu tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í vetur. Ef veður leyfir munu hljóðfæraleikararnir mæta á **Austurvöll** næstkomandi fimmtudag og leiða gesti inn í vetrardagskrána með ljúfum útitónleikum.

**Jazzhátíð í Reykjavík** sem hefst í lok mánaðarins. Góðir gestir og liðtækir heimamenn leiða saman hesta sína en í ár mæta meðal annars **Kurt Elling** og **Bill Holman**.

## ÆVINTÝRALESNING

Vaka-Helgafell endurútgefur bókina Undan illgresinu eftir Guðrúnu Helgadóttur en þar segir frá Mörtu Maríu sem flytur í dularfullt hús þar sem skrítnir nágrannar valda henni heilabrotum og furðulegir hlutir eiga sér stað. Guðrún Helgadóttir er einn ástsælasti barnabókahöfundur landsins en þessi bók hennar hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin árið 1992. Um myndskreytingar sér Gunnar Karlsson.




**LEYNDARDÓMAR Í GÖMLU HÚSI** Marta María þolir ekki leyndarmál.




Ævintýri sjóræningjanna sem farið hafa hamförum á hvíta tjaldinu undanfarið rata nú á bók en Vaka-Helgafell gefur út bókina Sjóræningjar Karíbahafsins: Dauðs manns kista í þýðingu Árna Óskarssonar. Í sögunni kynnast lesendur baráttu skúrksins og skipstjórans Jack Sparrow við hinn ógurlega Davy Jones sem stýrir draugaskipinu Hollendingnum fljúgandi en hið ólukkulega par, Elísabet Swann og Will Turner, dragast á ný inn í vandræði hans.

**BREYSKAR HETJUR HVÍTA TJALDSINS Á BÓK** Ævintýri sjóræningjanna hafa slegið í gegn.

Sagan um Dimmalimm eftir myndlistarmanninn Guðmund Thorsteinsson, Mugg, er nú endurútgefin í tíunda sinn. Bók þessi hefur um árabil verið ein vinsælasta barnabók Íslendinga, ekki síst vegna hrífandi myndskreytinga listamannsins en ævintýrið samdi Muggur árið 1921 handa lítilli frænku sinni.
Sagan um Dimmalimm hefur verið þýtt á fjöldamörg tungumál og gengið í endurnýjun lífdaga bæði í formi leikrita og tónverka en tímalaus boðskapur sögunnar virðist alltaf eiga við og snerta hjörtu fólks á öllum aldri.




**EIN VINSÆLASTA BARNABÓK ALLRA TÍMA** Sagan um Dimmalimm kemur út í tíunda sinn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

2 3 4 **5** 6 7 8

**Þriðjudagur**

### ÚTIVIST

☐ 18.45 **Gönguhópur SÁÁ** tekur stefnuna á **Helgafell**, suðaustur af Hafnarfirði. Fararstjóri verður **Valgerður Rúnarsdóttir**, læknir á Vogi, og eru þátttakendur hvattir til að taka með sér gesti. Mæting við bílastæðið við **kirkjugarðinn** í **Hafnarfirði**.

### SÝNINGAR

☐ 12.00 **Hildur Margrétardóttir** sýnir í **Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur**. Sýningin er opin milli kl. 12-19 virka daga en 13-17 um helgar. Hildur hefur haldið utan um tug einkasýninga og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum á síðustu tíu árum. Auk ljósmyndaverka hefur hún gert bókverk, innsetningar, kvikmyndir og gjörninga. Sýningin stendur til 27. september. Í safninu stendur einnig yfir sýning á ljósmyndum **Andrésar Kolbeinssonar**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 10.00 Sýningunni **Sú þrá að þekkja og nema** í anddyri **Amtsbókasafnsins** á **Akureyri** lýkur um helgina. Sýningin fjallar um ævi og störf **Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili** og er sett upp í tilefni af 150 ára afmæli hans. Á sýningunni gefur á að líta ýmsa muni úr eigu Jónasar meðal annars messuhökla, skjöl, bækur og önnur rit.

### BÆKUR

☐ 12.05 **Hjaltlandseyjaskáld** sækja Ísland heim og lesa úr verkum sínum á vegum **Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur** í **Lögbergi**, stofu 102. Fram koma **Lise Sinclair**, **Donald S. Murray**, **Matthew Wright** og **Jen Hadfield**,

**hvar@frettabladid.is**




# Mega vott í Hafnarborg

**Síðastliðinn laugardag var opnuð í Hafnarborg sýningin Mega vott. Aðstandendur sýningarinnar eru fjórir íslenskir listamenn, þær Ragnhildur Stefánsdóttir, Anna Eyjólfsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Rúrí, auk Jessicu Stockholder frá Bandaríkjunum.**

Jessica Stockholder hefur haldið sýningar um allan heim síðustu tvo áratugi. Verk hennar hafa vakið mikla athygli og eru það ekki síst efnistök hennar sem þykja merkileg. Jessica finnur efnivið sinn oft í hversdagslegum hlutum, og eins verða innviðir innsetninga hennar hluti af verkinu. Grindur, stoðir og snúrur hvers konar þjóna þannig fagurfræðilegum tilgangi.

Verk Ragnhildar á sýningunni snúast um „sjálf“ manneskjunnar sem nær út fyrir hinn líffræðilega líkama. „Sjálfið geymir allt sem við höfum upplifað, allar minningar og alla reynslu ævi okkar,“ segir Ragnhildur.

„Hinn líffræðilegi líkami er alltaf að breytast og frumurnar endurnýjast. Samt sem áður geyma þær þessar minningar. Ég vinn með þetta ósýnilega minni líkamans,“ útskýrir Ragnhildur, sem segir þessar hugmyndir tengjast hugmyndum um áru fólks. „Við gefum alltaf frá okkur einhverjar bylgjur og finnum fyrir þeim hvort hjá öðru. Við höfum áhrif hvort á annað. Það sem ég geri þér geri ég sjálfri mér líka. Þessa óljósu stöðu tilfinninganna – ósýnileg tengslin milli fólks – reyni ég að vinna með í verkum mínum.“

Þórdís og Anna nota eins og Jessica oft hversdagslega hluti úr umhverfinu í sín verk og á sýningunni eru þær með stórar innsetningar. Rúrí sýnir einnig innsetningu sem er samansett af myndbandsverki og ljósmyndum.

Hluti af sýningunni er gjörningurinn Tileinkun eftir Rúrí sem íslensku listamennirnir ásamt fleirum munu flytja við Almannagjá á Þingvöllum við brúna yfir Öxará (Drekkingarhyl) kl. 18 í dag.

Listamennirnir koma allir að viðfangsefnum sínum úr ólíkri átt, en þó má finna ákveðinn sameiginlegan þráð í verkum þeirra sem er athuganir á margbreytileika samtímans. Sýningin er heildstæð upplifun, mjög kraftmikil staðfesting á þeirri grósku sem er að finna í skúlptúr bæði hér á landi og í heiminum. Það er óhætt að mæla með því að lesendur blaðsins skelli sér til Hafnarfjarðar á næstunni. Mega vott stendur yfir til 2. október.



**RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR** Vinnur með hið ósýnilega minni líkamans.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**sunna@frettabladid.is**

# Linnulaust

Vegna fjölda áskorana verður sýningum á myndbandstónverkinu „Eins og sagt er“ eftir Ólöfu Arnalds haldið áfram í Þjóðmenningarhúsinu en verið var sýnt þar á Menningarnótt.

Í verkinu flytur Ólöf frumsamda tónlist og syngur á átján tungumálum í níu myndrömmum samtímis svo úr verður alþjóðleg tónkviða. Ólöf gerði heimildarmynd um söfnun textanna í New York borg sumarið 2005. Þar tók hún viðtöl við fólk af ólíku þjóðerni og kynnti sér viðhorf þess til uppruna síns, tónlistar og móðurmálsins.



**ÓLÖF ARNALDS**

Heimildarmyndin og verkið eru sýnd viðstöðulaust milli kl. 11-17 en sýningunni lýkur þann 22. september. **- khh**

# Opið hús í orkustöð

Nú stendur yfir opin vika í Kramhúsinu í Bergstaðastræti en í ár er þar í fyrsta sinn boðið upp á skipulagða prufutíma. Tímarnir eru ætlaðir þeim sem vilja kynna sér úrvalið og stíga sín fyrstu spor, til dæmis í karabískum dansi, flamengó, afró eða magadansi.

Auk dansins er líka boðið upp á leikfimi og jóga í Kramhúsinu auk leiklistar- dans- og hugleiðslunámskeiða fyrir börn og unglinga.

Dagskrá Kramhússins hefst svo samkvæmt stundaskrá mánudaginn 11. sept. en einstaka fyrir hefjast fyrr. Fyrsti gestakennari vetrarins er Guyom, frá Frakklandi, einnig er von á magadansdívunni Sofiu Vester frá Danmörku.

Nánari upplýsingar um dagskrá vetrarins má finna á www.kramhusid.is. **- khh**



**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI** Forvitnir geta stigið sín fyrstu tangóspor í vikunni.

# HREYFING, HEILBRIGÐI, SKEMMTUN.

### Herþjálfun
Nýtt á Íslandi!
Sérútbúinn
herþjálfunarvöllur
innanhúss.

### Eitt L.Í.F.
Námskeið fyrir börn
og unglinga
yfir kjörþyngd.

### Lífsstílsnámskeið
Fyrir konur og karla.
Fjölbreytt og
persónuleg þjálfun.

### Mömmuþrek
Í form eftir barnsburð.
Fjölbreyttar æfingar
og góður félagsskapur.

### Fólk á besta aldri
Fjölbreytt námskeið
fyrir 60 ára og eldri.

### Rope Yoga
Heildrænt heilsu-
ræktarkerfi sem
sameinar hug,
líkama og sál.

### Fit-Pilates
Fit-Pilates þjálfar
djúpvöðva líkamans án
hamagangs.

### Yoga
Grunnnámskeið í yoga.
Kraftyoga.
Besta úr báðum áttum.
(Hatha Yoga
og Rope Yoga).

### Scifi
Scientific fighting.
Scifi brennsla.
Kali.

### Dans
Dansskóli Birnu Björns:
freestyle, jassballet,
hip hop og
söngleikjadans
fyrir börn og unglinga.

### Sundnámskeið
Mosfellsbær
Ungbarnasund.
Sund fyrir leikskólabörn.
Skriðsund fyrir fullorðna.

heilsuakademían

## sími: 594 9666 – www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða!
Námskeið hefjast 18. september 2006.
Öll námskeiðin eru haldin í Egilshöll nema að annað sé tekið fram.




# Söngur og góðir gestir

Messósópransöngkonan Guðbjörg Sandholt heldur tónleika í Dómkirkjunni í kvöld ásamt fjölmörgum góðum gestum. Á efnisskránni eru verk eftir Mozart, Schumann, Tsjaíkovskí, Kurt Weill og Karl O. Runólfsson.

Guðbjörg lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík í vor og mun hefja framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama í London næstkomandi haust.

Með henni á tónleikunum koma fram píanóleikararnir Anna Helga Björnsdóttir, Bjarni Frímann Bjarnason og Ingileif Bryndís Þórsdóttir en söngkonan Arnbjörg María Danielsen og klarinettuleikarinn Arngunnur Árnadóttir koma einnig fram. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00. **- khh**



**GUÐBJÖRG SANDHOLT MESSÓSÓPRAN** Syngur m.a. músík eftir Mozart og Weill.


Brottnámið úr kvennabúrinu W. A. Mozart

**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 14. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá
EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

SITJI GUÐS ENGLAR
Frumsýning fös. 29/9 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00.

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sun. 10/9 uppselt, sun. 17/9, fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins nokkrar sýningar í haust.

FAGNAÐUR
Sun. 24/9.

**KASSINN KL. 20:00**

PÉTUR GAUTUR
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 uppselt,
fim. 21/9, fös. 22/9, lau. 23/9, lau. 30/9.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

SUMARDAGUR
Frumsýning lau. 9/9 uppselt, fös. 15/9, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.

**KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!**
**MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS**
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fim 7/9 kl. 20 Sun 10/9 kl. 20
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 9/9 kl. 20 Fös 22/9 kl. 20
Lau 23/9 kl. 20 Fim 28/9 kl. 20

**MANNAKORN**
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Í kvöld kl. 20 Í kvöld kl. 22

**HÖRÐUR TORFA**
AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30 Fös 8/9 kl. 22

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI**
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**PINA BAUSCH**
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.

Sun 17/9 kl. 20
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.

Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

**MEIN KAMPF**
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20

MIÐASALA HAFIN.

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Atvinnumál og alþjóðavæðing

Fyrsti opni vetrarfundur Femínistafélags Íslands fer fram á Thorvaldsen Bar í kvöld en þar verður rætt um málefni kvenna í tengslum við hnattvæðingu og atvinnumál.

„Umræðuefni kvöldsins er raunar tvíþætt,“ útskýrir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hjá Femínistafélaginu. „Annars vegar hefur verið rætt talsvert undanfarið um málefni tveggja erlendra kvenna sem neitað var um dvalarleyfi hér á landi eftir að hafa komið úr ofbeldisfullum hjónaböndum með íslenskum mönnum og hins vegar hafa skapast líflegar umræður um heimilishjálp á póstlista Femínistafélagsins og því munum við helga þetta fyrsta „hitt“ alþjóðavæðingu og kynjavídd hennar.“

Steinunn bendir á að margar erlendar konur hafi tekið að sér þrif á heimilum Íslendinga en slík vinna sé oft ekki gefin upp og því njóti slíkir starfskraftar ekki trygginga og réttinda sem lögleg atvinna veitir. „Þetta er áhugavert í samhengi við baráttu verkalýðsfélaganna sem hafa undanfarið barist gegn undirboðum og svartri vinnu. Þar er í langflestum tilvikum um karlastörf að ræða en konur hafa verið í meirihluta erlends vinnuafls hér á landi þar til virkjunarframkvæmdirnar fóru í gang. „Mér að vitandi hefur ekki verið gerð úttekt eða rannsókn á þessum óopinbera geira atvinnumarkaðarins hérlendis og því er ekki hægt að segja til um hversu algengt þetta er,“ útskýrir Steinunn.



**STEINUNN GYÐU- OG GUÐJÓNSDÓTTIR** Fyrsta vetrarfundur Femínistafélags Íslands fjallar um atvinnumál kvenna í tengslum við alþjóðavæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Frummælendur á fundinum í kvöld verða Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, sem mun fjalla um alþjóðavæðinguna og áhrif hennar á stöðu kvenna; Tatjana Latinovic, formaður Félags kvenna af erlendum uppruna, ræðir um stöðuna hér á landi og hvernig okkur tekst að gera Ísland að fjölmenningarsamfélagi og að lokum mun Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur hjá Alþjóðahúsi, fjalla um lagalegar hliðar og mál þau sem koma til kasta Alþjóðahússins.

Fundurinn er öllum opinn en hann hefst kl. 20 í Bertelstofu en að loknum erindum verða umræður þar sem gestum gefst gott tækifæri til að kryfja málin. **- khh**

# Sannur tónn í tilgerðarlausu verki

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

***Afgangar***

Ísmedia, Austurbær

**Höfundur og leikstjóri** Agnar Jón Egilsson / **Tónlist** Hallur Ingólfsson / **Ljós** Halldór Örn Óskarsson / **Leikmynd og búningar** Arnheiður Vala Magnúsdóttir og Ólafur Stefánsson **Leikarar** Elma Lísa Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson.

Það er fátt jafn skemmtilegt og að fara í leikhús með litlar sem engar væntingar og láta koma sér fullkomlega á óvart. Að sama skapi er fátt leiðinlegra en leiksýningar sem búið er að hæpa upp sem einhver algjör möst og valda manni síðan vonbrigðum þegar upp er staðið. Ég hef leitast við að leiða hjá mér allt fyrirfram umtal um leiksýningar sem mér er falið að skrifa um einmitt í því augnamiði að vera ekki litaður af því sem aðstandendur viðkomandi sýninga vilja koma á framfæri.

Sem ég rölti hægum skrefum upp gamla stigann í Silfurtunglinu dáðist ég að gömlu veggmyndunum og lét mér detta í hug hvort ekki mætti koma upp margra sala leikhúsi í þessu sögufræga bíói þar sem hægt væri að setjast jafnvel niður með kaffibolla, glugga í ljóðabækur eða leikrit, hlusta á fallega músík og spjalla við andans menn um ástina, listina og gengi hlutabréfa í menningarlífinu. Hér var það sem ég árum saman sótti barnaskemmtanir barnavinafélagsins Sumargjafar, sá miðnætursýningar Leikfélags Reykjavíkur, fór á tónleika með Robertino, horfði á Roy í þríbíó á sunnudögum og svo fóru menn að tala um að rífa húsið. Undanfarin ár hafa ýmsar leiksýningar fengið inni í húsinu og nú hefur efri hæðin (Silfurtunglið) verið tekin í notkun og litlum bíósal breytt í svartan kassa sem tekur liðlega hundrað manns í sæti. Það var heitt í veðri þetta frumsýningarkvöld og ekki síður heitt í leikhúsinu. En það kom ekki að sök. Agnar Jón Egilsson hefur verið geysilega virkur í íslensku leikhúslífi og vílar ekki hlutina fyrir sér. Hann hefur stundum farið geyst og færst oft mikið í fang.



**STERK UPPLIFUN Í AUSTURBÆ** Nýtt leikrit Agnars Jóns Egilssonar er með allt öðrum brag en fyrri verk hans.

Þegar ég stóð upp að lokinni þessari sýningu fannst mér allur annar bragur og áferð á verki Agnars en ég hef séð eða upplifað áður. Hann hefur vaxið og þroskast sem höfundur og ég verð að hrósa honum fyrir vel smíðuð og trúverðug samtöl í þessari sýningu. Textinn er byggður upp á setningum sem eru rétt um það bil ein lína á kjaft og á köflum tekst honum að koma hugsun sinni á framfæri með einni línu. Það væri þó fráleitt að ímynda sér að textinn einn og sér nægði til þess. Til þess þarf leikara sem kunna sitt fag. Leikstjórinn tekur við af höfundinum og leggur af stað í langferð með hópnum sínum og mótar leir höfundarins af trúmennsku við höfundinn því þeir eru einn og sami maðurinn í tveimur hlutverkum og þau verður að sætta. Hér hefur Agnar Jón tekið þann pól í hæðina að láta leikarana njóta sín og sleppir að mestu tæknifylleríi sem er gott en hugsanlega hefði hann mátt treysta texta höfundarins enn betur, af þeirri einföldu ástæðu að hann var jafnan hreinn og tær og yfirleitt laus við tilgerð.

Mátulega miklu var haldið leyndu nógu lengi til að viðhalda áhuga áhorfandans en ég er ekki frá því að með því að raða senunum upp í krónólgíska röð hefði fengist heilsteyptari bygging í þróun sambandsins milli persónanna. Mér fannst þessi hlaup fram og aftur í tíma vera einungis til þess falin að gera söguna óskýra. Ef til vill hefði það verið betra fyrir leikarana og fá hreinlega Aristólelíska uppbyggingu fyrir innri þróun persónanna. En svona hlutir eru alltaf spurning um val leikstjórans. Við þurfum ekki alltaf að finna upp hjólið. Stundum má alveg gera hlutina „venjulega“. Það sem skipti sköpum í þessari sýningu var vinna leikaranna. Elma Lísa og Stefán Hallur léku á als oddi. Þeim tókst að gæða þennan knappa texta miklu og blæbrigðaríku lífi.

Húmorinn er aldrei langt undan en sár undirtónn eins og rauður þráður í gegn. Það er til marks um sterka upplifun í leikhúsi þegar leikarar ná að snerta mann og eins þegar það sem gerist í leikhúsinu eða það sem sagt er nær að hreyfa við manni. Að undanskilinni leikmynd sem mér fannst of hlutlæg og raunsæ fyrir hugblæ verksins þá er þessi litla sýning á efri hæðinni í Austurbæ vel þess virði að sjá.



**HAFÞÓR YNGVASON HORFIR TIL HIMINS** Forstöðumaðurinn kynnti nýja stefnu Listasafns Reykjavíkur og heimavöll samtímalistarinnar í Hafnarhúsinu.

# Pakkhúsið opnað

Íslensk samtímalist verður framvegis á heimavelli í Hafnarhúsinu en um helgina opnaði þar sýningin Pakkhús postulanna. Ellefu listamenn sem allir eru fæddir eftir árið afdrifaríka 1968 sýna verk sín þar en búið er að bylta húsinu í bókstaflegum skilningi. Fjölmenni var við opnunina og gerðu gestir góðan róm að úrvali og frumleika listafólksins enda öllu til tjaldað. Ýmsir viðburðir eru skipulagðir í tengslum við sýninguna sem stendur fram yfir miðjan október.



**UNDIRVITUNARGJÖRNINGUR Á OPNUN** Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir fengu öflugt liðsinni við sinn flókna verknað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ALMENN ÁNÆGJA RÍKTI MEÐ SÝNINGUNA** Fjölmargir lögðu leið sína í Hafnarhúsið á föstudaginn.

# Sakbitið myndasafn

Hvað eiga Frank Sinatra og 50 Cent sameiginlegt með Al Capone, Martin Luther King, Sid Vicious og Jósef Stalín? Þá er alla að finna í bókinni Under Arrest sem geymir 350 „glæpamannamyndir“, sem verðir laganna hafa tekið af viðkomandi einstaklingum þegar grunur lék á óhreinu mjöli í pokahorni þeirra.

Í tilkynningu frá breska forlaginu Granta, sem gefur bókina út, er hún sögð veita áhrifamikla innsýn í líf fólks sem álpaðist yfir á öfugan vegarhelming eða var grunað um græsku að ógleymdum þeim bíræfnu glæpamönnum sem seinna var sannað að höfðu brotið af sér, hvort sem það brot var fjöldamorð eða of hraður akstur.

Þetta áleitna myndasafn ítalska blaðamannsins Giacomo Papi segir sögu tuttugustu aldarinnar á óvenjulegan en eftirminnilegan hátt. - khh




**SAKBITINN Á SVIPINN EN SÝKNAÐUR ÞÓ** Ein frægasta ljósmyndin af ruðningskappanum O.J. Simpson.

NÁMSKEIÐ
hefjast 6. og 7. september



1 kort og nú 5 stöðvar
BAÐHÚSIÐ
BETRUNARHÚSIÐ
ÞREKHÚSIÐ
AFLHÚSIÐ
SPORTHÚSIÐ

FJÖLBREYTT OG VEL UPPBYGGÐ ÁTAKSNÁMSKEIÐ FYRIR KARLA OG KONUR Á ÖLLUM ALDRI

STÍGÐU SKREFIÐ
*fræðsla, aðhald, eftirfylgni.*
Mjög vandað og árangursríkt námskeið sniðið fyrir þær sem vilja ná af sér 25 kg eða meira. Á þessu námskeiði hefur margur sigurinn verið unninn og konur öðlast nýtt og léttara líf.

STÆLTAR STELPUR
*lífsstíll, aðhald, árangur.*
Viltu fá gott aðhald, fræðslu og ná tökum á vigtinni. Námskeið fyrir þær sem vilja taka ábyrgð á eigin lífi og ná árangri.

MEÐGÖNGUJÓGA
*upplifun, mýkt, sveigjanleiki*
Jóga á meðgöngu stuðlar að betri meðvitund og tengingu við líkamann, hugarástand og tilfinningar.

AFRÓ
*litríkt, taktur, frelsi.*
Langi þig að sleppa fram af þér beislinu, dansa við bongótrommuslátt og kynnast öðrum menningarheimi, þá er Afró eitthvað fyrir þig!

HERÞJÁLFUN
*agi, samvinna, árangur.*
Viltu komast í toppform og ná alvöru árangri. Mikið er lagt upp úr mætingu, ströngum aga, samheldni og samvinnu hópsins.

TÖFFARAR Í TAKT
*einfalt, töff, skemmtilegt.*
Sérsniðið að þörfum karlmanna, einfalt, fjölbreytt og árangursríkt

MÖMMUMORGNAR
*móðir/barn, vellíðan, samvera.*
Námskeið ætlað konum eftir barnsburð. Með virkri hreyfingu, fræðslu og góðum félagsskap viljum við því stuðla að bættri vellíðan móður og barns.

*Innifalið á námskeiðum:*
frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
vandað fræðsluefni
fyrirlestrar
mataræði - fræðsla - eftirfylgni
ástandsmælingar
gott aðhald
matardagbækur
>>Verðlaun fyrir besta árangur

Morgunhópar
Síðdegishópar
Kvöldhópar

hönnun: linda@isf.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING:
UPPLÝSINGAR; www.isf.is, undir námskeið
SKRÁNING; s: 561-5100 og simi@isf.is

ICELAND SPA & FITNESS
ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN

fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

# Jóhannes vill Baugsmálið í bíó

Jóhannes Jónsson, kaupmaður kenndur við Bónus, hyggst koma að gerð kvikmyndar um Baugsmálið. „Ég sé fyrir mér leikna heimildarmynd um málið. Þetta er skólabókardæmi um hvernig embættismannakerfið getur misstigið sig og hvernig stjórnvöld geta leikið með þegna sína ef ekki er rétt að staðið.“

Að sögn Jóhannesar fjármagnar Baugur gerð myndarinnar að hluta til en hann vill ekki gefa upp hver skrifar handrit og leikstýrir. „Ég vil ekki greina frá því að svo stöddu, fyrir utan að við erum í sambandi við áhugasama menn, sem eru engir aukvisar í kvikmyndabransanum. Þeir eru vel upplýstir um gang málsins og umfang þess í heild.“

Myndin er enn á frumstigi en Jóhannes hefur gantast með að Örn Árnason væri kjörinn í hlutverk Davíðs Oddssonar. „Það má heldur ekki gleyma Magnúsi Ólafssyni, hann hefur leikið Davíð áður og gert það vel. Ég mun líklega leika sjálfan mig, það er að segja ef ég verð ekki orðinn fjörgamall þegar þessu máli verður loksins lokið,“ segir Jóhannes en áréttar að honum sé full alvara með myndin verði gerð. „Ég gæti trúað að myndin verði tilbúin ári eftir að Baugsmálinu lýkur, hvenær sem það verður.“

- bs

**JÓHANNES JÓNSSON** Vill ekki gefa upp hver skrifar handrit og leikstýrir myndinni um Baugsmálið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**BLOODHOUND GANG** Bandaríska hljómsveitin heldur sína þriðju tónleika hér á landi í kvöld.

# Sjóðheitir tónleikar

Hljómsveitirnar Bloodhound Gang, Dr. Mister & Mr. Handsome, XXX Rottweiler og Touch halda tónleika í Laugardalshöll í kvöld.

Hin bandaríska Bloodhound Gang, sem hefur haldið tvenna tónleika hér á landi, hefur átt mörg vinsæl lög í gegnum tíðina. Á meðal þeirra er The Bad Touch sem kom út árið 1999 á plötunni Hooray for Boobies. Textar sveitarinnar hafa jafnan þótt umdeildir, rétt eins og textar bæði XXX Rottweiler og Dr. Mister & Mr. Handsome.

Dr. Mister & Mr. Handsome hafa vakið mikla athygli undanfarið og er búist við þeim sjóðheitum á tónleikunum. . XXX Rottweiler koma sterkir inn eftir að hafa horfið hver í sína áttina til að safna kröftum. Koma þeir væntanlega tvíefldir til baka.

Miðasala á tónleikana fer fram í skor.is í Kringlunni og Smáralind og á midi.is. ■



**BAGGALÚTUR** Frétta- og samfélagsrýnivefurinn baggalutur.is er orðinn fimm ára gamall.

# Baggalútur 5 ára

Frétta- og samfélagsrýnisvefurinn baggalutur.is sneri aftur eftir sumarfrí síðastliðinn fimmtudag.

Vefurinn hefur tekið nokkrum breytingum í tilefni af fimm ára afmæli Baggalúts en fyrsta fréttin birtist á vefnum í september árið 2001. Voru fréttirnar í gær orðnar 3.530 talsins.

„Þetta er orðið uppfærsluvænna. Þetta verður einfaldara og einfaldara með hverju árinu,“ segir Bragi Baggalútur. „Þarna eru inni liðir sem hafa vakið lukku. Við erum byrjaðir aftur með þrífarana. Það var mikið kvartað þegar þeir hurfu á braut,“ segir Bragi. „Kannski dettur síðan inn eitt og eitt kvæði.“

Að sögn Braga byrjuðu þeir félagar að dunda sér við síðuna fyrir fimm árum til að æfa sig í vefsíðugerð. „Við vorum að senda þetta á milli okkar og svo komst fólk í þetta,“ segir hann.

Bragi býst ekki við neinni flugeldasýningu í tilefni afmælisins. „Það er spurning með 200 metra köku, eða kannski fimm metra,“ segir hann og hlær. „Ef menntamálaráðuneytið sér ástæðu til að heiðra okkur þá mætum við kannski á svæðið og líka ef forsetinn býður okkur í kaffi.“

Næst á dagskrá hjá Baggalúti er að fara á tónlistarhátíð þann 21. þessa mánaðar í Berlín. „Fyrir algjöra tilviljun ákváðu einhverjir Þjóðverjar að velja Baggalút sem fulltrúa Íslands á þessa hátíð. Það er næst á dagskrá en við eigum í mestu vandræðum með að fara þarna út. Við mætum samt með hattana og góða skapið meðferðis,“ segir Bragi. ■

# Krókódíla-Steve látinn

**Ástralska sjónvarpsstjarnan Steve Irwin, eða „Krókódílaveiðimaðurinn“, lést eftir að stingskata stakk hann í brjóstið í köfunarferð í gær.**

Irwin, sem var 44 ára gamall, var við vinnu á nýrri heimildarmynd um kóralrif undan ströndum Norðaustur-Queenslands, þegar atvikið átti sér stað. Irwin hafði helgað líf sitt gerð sjónvarpsefnis um krókódíla og önnur óargadýr og þótti mörgum hann vera einum of fífldjarfur í nágrenni villidýranna. Varð það honum að bana í gær þegar hann synti of nálægt einni skötunni. Hafa þær eitraðan gadd á halanum sem þær beita ósjálfrátt ef þær verða hræddar. Aðeins er þó vitað til þess að einn maður hafi látist af völdum skötunnar í Ástralíu, það var fyrir 61 ári. Irwin lést nær samstundis. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn.

Til merkis um fífldirsku Irwins þá vakti hann hörð viðbrögð víða um heim þegar hann hélt á eins mánaðar gömlum syni sínum aðeins einum metra frá krókódíl fyrir nokkrum árum. Töldu margir að hann hefði farið algjörlega yfir strikið með athæfinu.

Irwin var þekktur fyrir sjónvarpsþátt sinn The Crocodile Hunter sem hefur verið sýndur á sjónvarpsstöðinni Animal Planet. Hann var einnig tíður gestur í kvöldþætti Jay Leno og átti þar auðvelt með að vekja athygli fólks á hinum ýmsu dýrum, enda afar hress náungi að eðlisfari. ■



**HJÓN** Steve, sem var 44 ára þegar hann lést, heldur utan um krókódíl. Með honum er eiginkonan Terri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**IRWINS MINNST** Aðdáendur Steves Irwin leggja blóm til minningar um hann fyrir utan dýragarð í Beerwah, heimabæ Irwins. Hans verður sárt saknað, sér í lagi í heimalandi hans Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STINGSKATA** Stingskata varð Steve Irwin að bana í köfunarferð í gær.

# IIFF-hátíðin fer vel af stað

4.500 gestir hafa sótt alþjóðlegu kvikmyndahátíðina IIFF sem hófst fyrir helgi og eru aðstandendur hátíðarinnar afar ánægðir með mætinguna.

Tíu mynda passar hafa jafnframt selst vel og eru þeir nú uppseldir. Hugsanlega verða þó fleiri settir í sölu bráðlega.

Tvær íslenskar myndir verða frumsýndir á hátíðinni í þessari viku. Á morgun verður sýnd í Háskólabíói kung-fu myndin Öskrandi api, ballett í leynum og á fimmtudag verður sýnd í Smárabíói heimildarmyndin Þetta er ekkert mál, sem er um ævi Jóns Páls Sigmarssonar. ■



**EKKERT MÁL** Heimildarmyndin Þetta er ekkert mál verður frumsýnd á fimmtudag.







## Sirkus kemur á föstudögum!

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 4, 6, og 8 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

TAKK FYRIR AÐ REYKJA kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA

KVIKMYNDAHÁTÍÐ

| | |
|---|---|
| LEONARD COHEN: I´M YOUR MAN | kl. 6 |
| THE BOOK OF REVELATIONS | kl. 6 |
| FACTOTUM | kl. 6 |
| ENRON: THE SMARTEST GUY IN THE WORLD | kl. 8 |
| VOLVER | kl. 8 |
| WINTER PASSING | kl. 8 |
| THE WIND THAT SHAKES THE BARLEY | kl. 10 |
| STRANDVASKEREN | kl. 10 |
| DAVE CHAPELLE´S BLOCK PARTY | kl. 10.10 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 8 og 10 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 8 og 10.10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 6 |

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Ekki bara fyrir túrista

**[ TÓNLIST ]**

UMFJÖLLUN

Hugmyndin að Blue Lagoon Soundtrack mixdisknum er komin frá DJ Margeiri sjálfum. Samkvæmt texta á bakhlið plötuumslagsins er lagavalið á honum tilraun til þess að „fanga hina náttúrulegu dulúð Bláa lónsins sem hægt er að lýsa sem einstöku samspili orku, vísinda og náttúru...“ Fjölmargir mixdiskar eru gefnir út í heiminum á ári hverju. Tilgangurinn með flestum þeirra er að kynna ný lög og setja þau saman í heild sem virkar. Hér er markmiðið annað og persónulegra.

Margeir fer víða í lagavalinu. Elsta lagið er frá 1974 og þau yngstu eru glæný. Raftónlist, popp, dub, djassi og reggí eru áberandi í blöndunni, en á meðal flytjenda má nefna Ryuichi Sakamoto, Bugge Wesseltoft, Filur ásamt Stinu Nordenstam, Zero 7 ásamt José Gonzales, Tangerine Dream, Rhythm & Sound, Coldcut, Ninu Simone og eina íslenska lagahöfundinn, Daníel Ágúst. Annar Íslendingur kemur reyndar við sögu líka, Magnús Jónsson, öðru nafni Blake, sem syngur eigin texta við lag Danans Kasper Björke. Þessi fjölbreytni eykur gildi plötunnar.

Uppbyggingin er flott. Ósungin lög og sungin skiptast á og Margeir, sem hefur verið einn okkar fremsti plötusnúður síðustu tvo áratugi, kann á þetta. Það fer sæluhrollur um mann þegar fyrstu tónarnir í Calling You með Jevettu Steele (lagið úr Bagdad Café) hljóma og það sama gerist þegar maður heyrir lagið hans Daníels Ágústs, The Moss, sem nýtur sín sérstaklega vel hér.

Á heildina litið er þetta ágætis diskur. Hann virkar vel í dag, en tíminn mun skera úr um það hvernig hann eldist. Tilvísunin í Bláa lónið verður væntanlega til þess að ferðamenn kaupi hann í stórum stíl, en hann hentar innfæddum ekkert síður!

Trausti Júlíusson




DJ MARGEIR

BLUE LAGOON SOUNDTRACK

**Niðurstaða:** DJ Margeir hefur með Blue Lagoon Soundtrack sett saman persónulegan og metnaðarfullan mixdisk sem blandar saman gömlu og nýju, raftónlist, poppi, dubbi, djassi og reggí.

# Cruise biðst afsökunar

Tom Cruise hefur beðið leikkonuna Brooke Shields formlega afsökunar á því að hafa gagnrýnt hana fyrir að nota þunglyndislyf. Shields lýsti þessu yfir í spjallþætti Jay Leno. „Hann kom til mín og bað mig að fyrirgefa sér,“ sagði Shields við Leno. „Mér fannst þessi afsökunarbeiðni koma beint frá hjartanu og ég fyrirgaf honum þetta,“ bætti leikkonan við.

Cruise lét hafa eftir sér að honum þætti það næstum ógeðfellt að Shields hefði notað þunglyndislyf vegna fæðingarþunglyndis sem hún þjáðist af skömmu eftir fæðingu dóttur sinnar. Samkvæmt Vísindakirkjunni, sem Cruise aðhyllist, er það talið óheilbrigt að nota lyf og raunar er það stranglega bannað samkvæmt kenningum hennar.



**TOM CRUISE** Bað Brooke Shields afsökunar á ummælum sínum.



**MAGNI** Syngur bítlalagið Back in the U.S.S.R. og svo frumsamda lagið When the Time Comes.

# Spennan magnast í Rock Star

**Í kvöld má reikna með að þorri íslensku þjóðarinnar sitji límdur fyrir framan sjónvarpsskjána þegar Rock Star: Supernova heldur áfram.**

Magni „okkar“ Ásgeirsson verður annar í röðinni og mun fyrst flytja bítlalagið Back in the U.S.S.R. en svo reynir hann fyrir sér með frumsamda lagið When the Time Comes.

Stjórnandi þáttarins, Dave Navarro, sá sig nauðbeygðan eftir síðasta þátt til að eyða nokkrum línum á bloggi sínu þar sem hann sagðist ekki „hata Magna“. „Ég vil gera hreint fyrir mínum dyrum. Ég hata engan. Sá orðrómur hefur verið á kreiki að ég hati Magna en það er fáránlegt, ég hata engan og síst af öllum Magna enda þekki ég manninn ekki neitt,“ skrifar Navarro á bloggi sínu. „Mér finnst hann frábær söngvari líkt og allir aðrir sem eftir eru í keppninni,“ bætir gítarleikarinn við. „Ég hef aldrei sagt neitt neikvætt um frammistöðu hans en auðvitað á ég mitt uppáhald meðal hinna fimm.“

Fimm keppendur eru nú eftir og væntanlega komast fjórir áfram í úrslitaþáttinn sem verður eftir viku. Á blogginu má sjá ýmsar hugleiðingar um hverjir standi eftir en einhverjum finnst sem bæði Dilönu og Lúkasi sé farið að fatast flugið. Eru flestir sem hallast að því að Storm eða Toby verði send heim eftir frammistöðu þeirra um helgina og ef tekið er mið af kosningabrjálæðinu sem gekk yfir Ísland í síðustu viku ætti Magni að eiga greiða leið inn í úrslitaþáttinn.

- fgg



**NAVARRO** Sá sig tilneyddan til að lýsa því yfir að hann hataði ekki Magna.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

**FLYTJENDUR OG LÖG Í ROCK STAR**

**Magni:** Back in the U.S.S.R. (Bítlarnir) og When the Times Comes (Frumsamið)

**Dilana:** Behind Blue Eyes (The Who) og Supersoul (Frumsamið)

**Storm:** Suffragette City (David Bowie) og Ladylike (Frumsamið)

**Lukas:** Livin' On a Prayer (Bon Jovi) og Headspin (Frumsamið)

**Toby:** Mr. Brightside (The Killers) og Throw it Away (Frumsamið)




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| UNITED 93 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 14 |
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 5:45-8-10:20 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE VIP | KL. 8-10:20 | |
| LADY IN THE WATER | KL. 8-10:20 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 4 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6:15-8-10 | B.I. 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP | KL. 5 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| THE ANT BULLY enskt tal | KL. 6-8-10 | LEYFÐ |
| *LADY IN THE WATER | KL. 6-8:10-10:30 | B.I. 12 |
| MIAMI VICE | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8 | B.I. 12 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 8-10:10 | LEYFÐ |
| LITTLE MAN | KL. 8-10 | LEYFÐ |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| UNITED 93 | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6 | B.I. 12 |
| LADY IN THE WATER | KL. 9 | B.I. 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 10:15 | B.I. 12 |
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| BJÓLFSKVIÐA | KL. 8 | B.I. 14 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | KL. 5:40 | LEYFÐ |
| THE LIBERTINE | KL. 8 | B.I. 12 |
| A COCK AND BULL STORY | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| WHERE THE TRUTH LIES | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| DOWN IN THE VALLEY | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**PETE OG KATE** Eru sögð ætla að ganga í það heilaga þegar Pete er laus úr meðferð.

# Pete og Kate giftast

Götublaðið News of the World telur sig hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að Kate Moss og Pete Doherty muni ganga í það heilaga áður en um langt líður. Moss mun hafa staðfest þessa frétt með orðunum. „Já, við erum að fara að giftast.“

Samkvæmt götublaðinu á Kate að hafa sagt við vini sína á tónleikum Glens Matlock í Norður-London að hún elskaði Pete ákaflega mikið og að hann væri kynþokkafyllsti karlmaður heims. Fyrirsætan mun hafa setið lengi að sumbli ásamt Shane McGowan og verið ansi stóryrt um samband sitt við Pete. „Við eigum eftir að útkljá nokkur erfið mál og takast á við fortíðina en þegar því er lokið verðum við saman að eilífu,“ lýsti Kate yfir, samkvæmt News of the World. Vinum fyrirsætunnar kom það flestum á óvart hversu opinská Moss var um samband sitt við Doherty en þau eru tiltölulega nýbyrjuð að hitta hvort annað aftur.

Kate Moss og Pete Doherty er það par sem hefur verið hvað mest fjallað um í bresku slúðurpressunni en upp úr slitnaði hjá þeim þegar Moss fór í meðferð við kókaínfíkn sinni en Pete hélt uppteknum hætti.

Doherty er annálaður eiturlyfjasukkari en er víst farinn í meðferð á ný og er talið líklegt að Pete og Kate gangi í það heilaga þegar hann verður laus úr viðjum fíknefnadjöfulsins.

# Elísabet átti erfitt með sorgina

Ný kvikmynd Stephens Frears, The Queen, sló heldur betur í gegn á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum en hún fjallar um viðbrögð konungsfjölskyldunnar við dauða Díönu prinsessu sumarið 1997. Helen Mirren leikur Elísabetu drottningu og hefur fengið mikið lof fyrir túlkun sína.

Myndin þykir veita einstaka sýn inn í hvað fór fram innan veggja Buckingham-hallar þegar fregnir af bílslysinu bárust. Samkvæmt myndinni átti Elísabet í miklum erfiðleikum með að samsama sig með þeirri sorg sem greip bresku þjóðina og að það hafi verið Tony Blair sem tókst að sannfæra drottninguna um að svipta sig þeirri konunglegu „tign“ sem Elísabet hefur ætíð talað fyrir. Elísabet varð fyrir miklu aðkasti frá bresku þjóðinni vegna viðbragða sinna við dauða Díönu en Helen Mirren sagði við blaðamenn í Feneyjum að Elísabet hefði haldið að þjóðin þyrfti á sterkri konu að halda sem sýndi engar tilfinningar heldur væri jafn fjarlæg og hún væri alltaf. „Ég held að ég muni aldrei skilja hvað gerðist þetta sumar,“ segir Mirren í hlutverki Elísabetar þegar hún ræðir við Tony Blair. „Ég hef aldrei verið hötuð svona en ég vil bara halda mínum tilfinningum fyrir sjálfa mig. Það er það eina sem ég þekki,“ bætir hún við.



**ELÍSABET DROTTNING** Átti erfitt með að sýna tilfinningar sínar þegar fyrrverandi tengdadóttir hennar dó. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Fram kemur í myndinni að Tony Blair hafi sýnt konungsfjölskyldunni mikla virðingu og jafnvel litið á Elísabetu sem móðurímynd. Cherie Blair, eiginkona Tony, var hins vegar ekki jafn umburðarlynd gagnvart fjölskyldunni í Buckingham. The Queen er jafnframt hrósað fyrir mikinn húmor og fer þar Filippus, eiginmaður Elísabetar, fremstur í flokki. Honum hryllti við því að Diana fengi opinbera útför. „Það verða bara hommar og stjörnur úr sápuóperum á gestalistanum.“

- fgg



**DÍANA** Hin elskulega prinsessa heillaði heimsbyggðina upp úr skónum og var mörgum harmdauði þegar hún lést í bílslysi árið 1997.



**HELEN MIRREN** Þykir sýna stórleik sem Elísabet Bretadrottning.



**ERFIÐUR SKILNAÐUR** Basinger þarf að mæta fyrir rétti vegna brota á umgengnisrétti.

# Basinger fyrir dómara

Kim Basinger hefur verið skipað að mæta fyrir dómara vegna þess að hún braut vísvitandi á umgengnisrétti fyrrverandi eiginmanns síns, Alec Baldwin. Málið snýst um að árið 2005 var Basinger fjarverandi frá heimili sínu en hafði ekki fyrir því að segja Baldwin frá því svo að hann gæti sinnt stelpunni þeirra, Ireland. Lögfræðingur Basinger segir þetta vera storm í vatnsglasi en hjónin skildu árið 2000 og sóttu þá um sameiginlegt forræði. Það hefur gengið eins og í sögu þar til í fyrra þegar Baldwin sakaði Basinger um að reyna halda honum frá dóttur þeirra. Málið verður tekið fyrir 4. október.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657

„FYRIRGEFIÐ BANAMANNI YÐAR.“

AMADEUS
EFTIR PETER SHAFFER

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Gerðu **mikið** úr litlu!

**2 fyrir 1 í Sambíóin** alla þriðjudaga
Skráðu þig í Námsmannaþjónustu
Sparisjóðsins og þú færð
**Bíókort – 4 x frítt í bíó** og margt fleira.

Fíton/SÍA

Poppkorn er ekki bara gott, það er líka fallegt. Ef þú átt nál og tvinna er lítið mál að búa til flotta perlufesti.



SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

### > HK kærði aftur



Kæru HK vegna félagaskipta markvarðarins Egidijusar Petkeviciusar úr Fram í HK var vísað frá í gær vegna formgalla en HK-menn stóðu ekki nógu vel að kærunni. Þeir létu það ekki stöðva sig heldur lögðu inn nýja kæru vegna málsins í gær. Forsaga málsins er sú að Petkevicius taldi sig lausan allra mála hjá Fram, þar sem félagið var búið að kveðja hann og þakka honum fyrir samstarfið. Hann samdi því við HK en þegar til kastanna kom neitaði Fram að sleppa markverðinum nema gegn greiðslu sem á að vera hálf milljón króna að því er Petkevicius heldur fram. Niðurstaða ætti að fást í næstu viku.

# sport

sport@frettabladid.is

PETER GRAVESEN, LEIKMAÐUR FYLKIS: STYÐUR DANI EN BER TILFINNINGAR TIL ÍSLANDS

## *Mun hafa samúð með Íslendingum er þeir tapa*





Daninn Peter Gravesen, leikmaður Fylkis, verður að sjálfsögðu á Laugardalsvellinum á morgun þegar landar hans sækja Ísland heim í undankeppni EM. Leikurinn er einnig sérstakur fyrir þær sakir að bróðir Peters verður í eldlínunni með Dönum en eldri bróðir Peters er stórstjarnan Thomas Gravesen, leikmaður Real Madrid.

„Ég held að þetta verði erfiður leikur fyrir Danmörk enda er Ísland með sterkara lið en margan grunar og það væri heimskulegt af Dönum að vanmeta íslenska liðið,“ sagði Peter sem sá landsleik Íslands og Norður-Írlands en vissi lítið um íslenska liðið fyrir leikinn. Hann segir úrslit þess leiks sýna að Danir verði að hafa verulega fyrir hlutunum ef þeir ætla sér sigur á Laugardalsvellinum.

Peter ætlar að reyna að hitta bróður sinn á meðan hann verður á landinu en það verða engin matarboð enda fá leikmenn liðsins ekki að hreyfa sig mikið út af hótelinu.

„Reglurnar eru mjög strangar og hann fær ekki einu sinni að sjá hvar ég bý. Liðið þarf alltaf að vera saman en ég vissi af þessu og verð að taka því. Ég mun fara niður á hótel og hitta hann í staðinn. Ég er búinn að ræða við hann um leikinn en gat ekki gefið honum nein hernaðarleyndarmál,“ sagði Peter og hló dátt en hann er nokkuð sigurviss.

„Ég held að leikurinn fari 2-0 fyrir Danmörk. Ég mun styðja Danmörk á vellinum en ég ber samt tilfinningar til íslenska liðsins og ég mun hafa samúð með þeim er þeir tapa,“ sagði Peter og hló enn hærra en áður.

„Mér þykir mjög vænt um Ísland enda líður mér mjög vel hér. Íslenska liðið gæti komið á óvart og ég vona að þeir spili vel en ekki of vel.“



**MICHAEL OWEN** Sést hér á leið upp í flugvél sem flutti hann frá Þýskalandi til Englands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Michael Owen:

## Á leið í aðgerð í Colorado

**FÓTBOLTI** Enski landsliðsframherjinn Michael Owen er floginn vestur um haf, nánar tiltekið til Colorado í Bandaríkjunum, þar sem hann mun leggjast undir hnífinn hjá hinum eina sanna Richard Steadman sem sker upp alla bestu íþróttamenn heims.

„Ég fer í aðgerðina á næstu tveim dögum. Það er nauðsynlegt að fara í þessa aðgerð og ég get í raun ekki beðið eftir henni því það verður léttir að vera búinn með hana og geta síðan horft fram á veginn,“ sagði Owen í gær en hann sleit nánast allt sem hægt var að slíta í hnénu á sér á HM í sumar. Hann mun væntanlega ekkert spila með Newcastle á þessu tímabili.

- hbg

# Allir komu heilir heim frá Belfast

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu sneri heim frá Belfast á sunnudagskvöld og er enginn leikmanna liðsins tæpur fyrir Danaleikinn á morgun. Aðstoðarþjálfarinn segir frábæra stemningu í hópnum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnulandsliðið fékk flugstart í undankeppni EM þegar það lagði Norður-Íra ytra, 0-3, á laugardag. Liðið kom heim á sunnudagskvöld og æfði síðan á ÍR-vellinum í gærmorgun. Eftir það var gefið frí.

„Það er mjög gott ástand á hópnum og allir tóku þátt á æfingunni á ÍR-vellinum. Við gáfum mönnum síðan frí út daginn enda er liðið búið að vera mikið saman og menn höfðu gott af því að fá aðeins frí hver frá öðrum,“ sagði Bjarni Jóhannsson, aðstoðarþjálfari landsliðsins, en nokkrar áhyggjur voru af Kára Árnasyni en hann æfði í gær og ætti að verða klár í slaginn á morgun.

„Við munum taka eina æfingu seinni partinn á þriðjudag og það verður lokaæfingin fyrir leikinn. Við munum nýta þessa æfingu í að fínpússa ákveðna hluti og við eigum eftir að fara vel yfir leik þeirra,“ sagði Bjarni en hann segir ljóst að nokkrar áherslubreytingar verði á leik liðsins frá leiknum á laugardag.

„Við munum mæta eina best spilandi liðinu í Evrópu í dag og þeir sparka boltanum ekki fram völlinn eins og Írarnir heldur spila þeir upp völlinn. Þeir eru mjög liprir og sérstaklega hættulegir fram á við. Við verðum að gæta þess að þeir komist ekki upp vængina því þeir eiga sterka skallamenn og það þarf að passa að þeir fái sem minnsta þjónustu. Við munum reyna að ná boltanum af þeim hvar sem er á vellinum. Hugarfarið þarf líka að vera eins og gegn Írum og Spánverjum. Númer eitt er að forðast að fá á sig mark,“ sagði Bjarni en hann er geysilega ánægður með andann og stemninguna í hópnum.

„Stemningin er alveg frábær og vikan í Belfast heppnaðist mjög vel. Við verðum að byggja ofan á það og vonandi að menn átti sig á því að við verðum ekki heimsmeistarar þó við sigrum Norður-Írland,“ sagði Bjarni Jóhannsson.

henry@frettabladid.is



**LÍF OG FJÖR** Það er einstaklega góð stemning í íslenska landsliðshópnum þessa dagana og bæði leikmenn og þjálfarar skemmtu sér vel á æfingu á ÍR-vellinum í gær. Hér hlæja Gunnar Heiðar Þorvaldsson og Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari dátt að einhverju skemmtilegu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FLOTTUR** Eiður Smári tók sig vel út með eyrnalokkinn á æfingunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LAUS ÚR FANGELSI** Prins Naseem Hamed var sleppt snemma úr steininum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Prins Naseem Hamed:

## Laus úr fangelsi

**BOX** Fyrrverandi heimsmeistarinn Prins Naseem Hamed er laus úr fangelsi en hann hefur dúsað þar síðustu sextán vikur en hann var alls dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir glæfraakstur. Hamed hefur hegðað sér vel innan veggja fangelsisins og fær því að sleppa snemma.

Hamed tók fram úr bíl en valdi ekki besta staðinn því hann keyrði beint framan á bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður hins bílsins braut aðalbein í öllum hlutum líkamans og eiginkona ökumannsins slasaðist einnig nokkuð illa. Ökumaðurinn segist vera hneykslaður á því að Hamed sé sleppt svo snemma úr steininum.

- hbg

Bati Peters Gravesen, leikmanns Fylkis, er mun betri en í fyrstu var talið:

# Stefnir á að spila síðustu tvo leikina í deildinni með Fylki

**FÓTBOLTI** Daninn Peter Gravesen meiddist illa í leik gegn FH í upphafi ágústmánaðar en hann skaddaði liðband og liðþófa. Ekki var búist við því að Gravesen myndi leika meir með Fylki í sumar en hann hefur verið á góðum batavegi.

„Sár mín eru venjulega fljót að gróa og það er engin undantekning á því núna. Ég ætla að láta reyna á hnéð í fyrsta skipti í dag [í gær. innsk. blm.] og vonandi gengur það vel. Mér líður orðið mjög vel í hnénu og vonandi get ég leikið hálfleik gegn Keflavík um næstu helgi og síðan báða hina leikina. Það er takmarkið en maður veit samt aldrei almennilega með hnémeiðsli fyrr en maður lætur reyna á þau,“ sagði Gravesen brattur í gær en hann var algjör lykilmaður hjá Fylki í sumar og hafa Árbæingar saknað hans sárt síðustu vikur.

„Ef það gengur ekki þá mæti ég bara enn sterkari til leiks næsta sumar en ég er með samning við Fylki og ætla mér að virða hann. Þetta lið á mikið inni og vonandi verðum við í toppbaráttu næsta sumar,“ sagði Gravesen sem er ánægður með lífið og tilveruna á Íslandi.

- hbg



**ÁNÆGÐUR Í ÁRBÆNUM** Peter Gravesen kann vel við sig hjá Fylki og ætlar að leika áfram með liðinu næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FERNANDO TORRES** Spilar áfram á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fernando Torres:

## Framlengir við Atletico

**FÓTBOLTI** Spænski landsliðsframherjinn Fernando Torres hefur bundið enda á vangaveltur um framtíð sína í bili með því að framlengja samning sinn við Atletico Madrid til ársins 2009. Fjölmörg félög báru víurnar í þennan 22 ára gamla strák í sumar en hann hefur ákveðið að halda tryggð við Atletico.

„Ég átti tvö ár eftir af samningi mínum og þrátt fyrir öll lætin í sumar þá er ég hér enn. Ég er mjög sáttur við að vera hér áfram því fólk metur mig að verðleikum hér hjá félaginu,“ sagði Torres.

- hbg




## So You Think You Can Dance -

### Dansinn hefst á ný...

Frá framleiðendum American Idol kemur einn vinsælasti sjónvarpsþáttur Bandaríkjanna í sumar. Í So you think you can dance er leitað að besta dansara Bandaríkjanna.

NÝTT

## Rock School -

### Gene Simmons úr Kiss reynir að breyta stilltum krökkum í spillta rokkara ...

Hinn skrautlegi Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss tekst á við eitt erfiðasta verkefni sitt til þessa í sjónvarpsþáttunum Rock School. Gene hefur aðeins 6 vikur til þess breyta 13 ára krökkum, sem hingað til hafa eingöngu spilað klassíska tónlist í alvöru rokkara.







## Rescue Me -

NÝTT

### Tommy Gavin og félagar á slökkvistöð 62 eru komnir aftur ...

Þetta er þriðja seria af þessum frábæru þáttum um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem angrar þá. Ekki hjálpar það til að mennirnir eru enn að takast á við afleiðingar 11.september sem hafði mikil áhrif á hópinn, en þar féllu margir félagar þeirra í valinn.

NÝTT

## South Park -

### Cartman, Kenny, Kyle og Stan eru mættir á Sirkus ...

8.serían um villingana í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir og margverðlaunaðir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone.







## Chappelle's Show -

NÝTT

### Loksins á Íslandi...

Einhverjir umtöluðustu grínþættir síðari ára með einum umtalaðasta manni Bandaríkjanna, Dave Chappelle. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín af því sem honum dettur í hug.

SIRKUS TV



**WILLIAM GALLAS** Borinn þungum sökum.

William Gallas:

## Hótaði að skora sjálfsmark

**FÓTBOLTI** Það gekk mikið á hjá Chelsea og franska varnarmanninum William Gallas og þótt Gallas sé farinn til Arsenal er orrahríðinni hvergi lokið. Chelsea skaut föstum skotum að Gallas á heimasíðu sinni í gær þar sem því var haldið fram að leikmaðurinn hefði hótað að skora sjálfsmark, láta reka sig út af eða gera viljandi mistök ef félagið myndi láta hann spila gegn Man. City í upphafsleik leiktíðarinnar. Chelsea segir að stuðningsmenn félagsins eigi skilið að heyra sannleikann um Gallas.

„Hann neitaði fyrst að spila fyrir Chelsea í undanúrslitum enska bikarsins gegn Liverpool til að þvinga fram betra samningstilboð frá Chelsea," segir meðal annars í yfirlýsingu Chelsea. „Fyrir fyrsta leikinn á tímabilinu, þegar aðeins fjórir varnarmenn voru heilir heilsu, þá neitaði hann að spila. Í kjölfarið hótaði hann því að eyðileggja leikinn ef hann yrði þvingaður til að spila."

- hbg

Knattspyrnukonan Guðný Björk Óðinsdóttir, leikmaður Vals, náði einstökum áfanga í sumar:

# Lék með öllum landsliðum Íslands á ellefu mánaða tímabili

**FÓTBOLTI** Hin 17 ára gamla Guðný Björk Óðinsdóttir, sem leikur með Íslandsmeistaraliði Vals, hefur svo sannarlega slegið í gegn í kvennaboltanum undanfarið ár. Hún lenti í því að meiðast illa og gat því ekkert leikið með Val í fyrrasumar en með mikilli hörku og dugnaði kom hún sér aftur í form og er óhætt að segja að hún hafi uppskorið ríkulega.

Hún hefur átt fast sæti í meistaraliði Vals í sumar þar sem hún hefur farið á kostum.

Frammistaða hennar hefur ekki farið fram hjá þeim sem fylgjast með kvennaboltanum því allir landsliðsþjálfarar Íslands hafa valið hana í sitt lið og hún náði þeim einstaka árangri í sumar að leika með öllum landsliðum Íslands á rétt rúmu ári.

Fyrsta landsleik sinn lék hún með U-17 liðinu í Noregi 4. júlí 2005 og þann 16. júní á þessu ári lék hún fyrsta A-landsleikinn með Íslandi gegn Portúgal og hún lokaði því hringnum á innan við ári því inni á milli lék hún með U-19 og U-21 árs liðinu.

„Ég sleit krossbönd fyrir tveimur árum og var því ekkert að spila framan af. Ég kom mér síðan hægt og rólega inn í byrjunarliðið og eftir það hafa hlutirnir gengið ótrúlega vel. Það er ekki hægt að neita því," sagði Guðný Björk sem lagði mikið á sig til að komast aftur í form en átti kannski ekki von á svona svakalega góðri uppskeru.

„Ég bjóst aldrei við þessu fyrir þremur árum því þetta er með ólíkindum. Ég æfði mikið sjálf eftir meiðslin, lyfti mikið og var stundum að lyfta tvisvar á dag og fór líka á æfingar. Það er verulega ljúft að uppskera svona og ég get ekki neitað því að innst inni er ég stolt af sjálfri mér," sagði Guðný Björk og hún á vel inni fyrir því enda afrek hennar einstakt. Þrátt fyrir hraðan uppgang segist Guðný eiga mikið inni og hún stefnir hærra.

„Ég vil prófa að spila úti. Ég horfi þá helst til Skandinavíu og þá aðallega Svíþjóðar enda deildin þar sterk og spennandi. Ég á ekki von á því að fara til Bandaríkjanna eins og svo margar stelpur hafa gert en maður á samt aldrei að segja aldrei," sagði hinn nýbakaði Íslandsmeistari sem verður 18 ára í næsta mánuði. Hvað ætli standi upp úr af öllum hennar afrekum síðasta árið en á þessum tíma hefur hún orðið Íslandsmeistari, spilað með A-landsliðinu og svo var hún í U-21 árs liðinu sem náði góðum árangri á árinu.

„Innkoman í A-landsliðið. Það var ótrúleg tilfinning. Beta [Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals og aðstoðarþjálfari landsliðsins, innsk. blm] hringdi í mig og sagði mér að ég hefði verið valinn í landsliðið og ég hélt í fyrstu að hún væri að grínast því hún hafði sagt mér áður að það væri erfitt að komast inn í A-landsliðið," sagði Guðný Björk en hún kom af bekknum einni mínútu fyrir leikslok og játaði að hafa verið mjög stressuð en lítt reyndi á hana í leiknum.

- hbg



**AFREKSKONA** Guðný Björk Óðinsdóttir hefur slegið í gegn í kvennaboltanum og verður spennandi að fylgjast með uppgangi þessarar efnilegu stelpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








**LAWRIE SANCHEZ** Er ekki að taka tapinu gegn Íslandi sérstaklega vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Lawrie Sanchez útskýrir tapið gegn Íslandi:

## Skellir skuldinni á fjölmiðla og segir þá ljúga

**FÓTBOLTI** Lawrie Sanchez, landsliðsþjálfari Norður Írlands, er enn að komast yfir skellinn sem hans menn fengu gegn Íslandi um helgina og hann er búinn að finna ástæðuna fyrir tapinu. Hann hefur ákveðið að fara hina klassísku leið að skella skuldinni á fjölmiðla og segir að fjölmiðlar í landinu hafi gert of mikið úr hans liði og byggt upp of miklar væntingar án þess að nokkur innistæða væri fyrir slíkri bjartsýni.

„Fyrir leikinn hélt landsliðsþjálfari Íslands upp blaði sem sagði að þetta væri leikur sem Norður-Írland ætti að vinna. Ég sagði það aldrei. Það voru fjölmiðlar sem voru að byggja upp þessar væntingar en ekki ég," sagði Sanchez en hans menn þurfa klárlega á góðum úrslitum að halda gegn Spáni á miðvikudag til að halda í vonina um að gera eitthvað í riðllinum.

„Allir sem voru á mínum blaðamannafundum geta staðfest að ég sagði aldrei neitt slíkt. Bæði leikmennirnir og ég héldum því fram allan tímann að íslenska liðið væri jafnsterkt og okkar. Eiður Smári er heimsklassaleikmaður og nokkuð fyrir ofan það sem við höfum og Ísland var alltaf líklegt til að sigra."

Sanchez tekur málið mjög alvarlega og hann segir að fjölmiðlar hafi farið langt fram úr sér í umfjöllun sinni fyrir leikinn.

„Fjölmiðlarnir svífast einskis. Við töpum leiknum og þá erum við allt í einu lélegt lið. Það er ýmist í ökkla eða eyra. Bæði lið áttu möguleika á laugardag og Ísland nýtti sín færi. Nú þurfum við að endurheimta virðingu okkar og sýna stuðningsmönnunum betri leik en við gerðum á laugardag," sagði Sanchez.

- hbg



**HELENA SVERRISDÓTTIR** Í hópnum sem fer til Hollands.

Körfuboltalandslið kvenna:

# Fimm nýliðar hjá Guðjóni

**KÖRFUBOLTI** Guðjón Skúlason, landsliðsþjálfari kvenna, valdi í gær sextán manna leikmannahóp sem mun taka þátt í Evrópukeppni landsliða. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland tekur þátt í þessari keppni en fyrsti leikurinn er gegn Hollandi í Rotterdam um næstu helgi.

Fimm nýliðar eru í leikmannahópi Guðjóns en þeir eru Haukastelpurnar Pálína Gunnlaugsdóttir, Hanna Hálfdánardóttir og Sigrún Ámundadóttir, Grindvíkingurinn Jovana Stefánsdóttir kemur einnig ný inn í hópinn sem og Keflvíkingurinn Margrét Kara Sturludóttir en hún er yngsti leikmaður liðsins, aðeins 16 ára að aldri. - hbg

**HÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **HELENA SVERRISDÓTTIR** | **HAUKAR** |
| HILDUR SIGURÐARDÓTTIR | GRINDAVÍK |
| **KRISTRÚN SIGURJÓNSDÓTTIR** | **HAUKAR** |
| PÁLINA GUNNLAUGSDÓTTIR | HAUKAR |
| **STELLA RÚN KRISTJÁNSDÓTTIR** | **ÍS** |
| BIRNA VALGARÐSDÓTTIR | KEFLAVÍK |
| **BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR** | **KEFLAVÍK** |
| JOVANA STEFÁNSDÓTTIR | GRINDAVÍK |
| **MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR** | **KEFLAVÍK** |
| PETRÚNELLA SKÚLADÓTTIR | GRINDAVÍK |
| **SIGRÚN ÁMUNDADÓTTIR** | **HAUKAR** |
| ÞÓRUNN BJARNADÓTTIR | ÍS |
| **HANNA HÁLFDÁNARDÓTTIR** | **HAUKAR** |
| HELGA JÓNSDÓTTIR | ÍS |
| **MARÍA BEN ERLINGSDÓTTIR** | **KEFLAVÍK** |
| SIGNÝ HERMANNSDÓTTIR | ÍS |



**THOMAS BJÖRN** Svekktur yfir því að hafa ekki komist í Ryder-liðið.

Thomas Björn brjálaður:

# Woosnam er enginn fyrirliði

**GOLF** Danski kylfingurinn vandaði Walesverjanum Ian Woosnam ekki kveðjurnar í gær eftir að sá síðarnefndi hafði sniðgengið Danann í vali sínu á Ryder-liði Evrópu. Woosnam, sem er fyrirliði Evrópuliðsins, valdi Englendinginn Lee Westwood og Norður-Írann Darren Clarke sem síðustu menn í liðið og skildi Björn eftir heima.

„Mér er misboðið. Mér finnst þetta mjög dapurt hjá Woosnam. Hann er ekki vinur minn lengur og ég á ekki í vandræðum með að játa það,“ sagði Björn fjúkandi vondur og hélt áfram.

„Ég á rétt á minni skoðun og þarf ekki að sitja á henni. Woosnam hefur ekki verið sá fyrirliði sem ég var að vonast til að hann yrði. Hann hefur komið illa fram við marga með því að tala ekki við þá. Hann hringdi aldrei í mig. Hann kom inn á barinn á hótelinu sem ég var á og á stuttum tuttugu sekúndum sagði hann mér að ég væri ekki í liðinu og svo hvarf hann á brott. Það að hann hafi tjáð mér um ákvörðunina á bar segir allt sem segja þarf.“ - hbg

Eiður Smári í viðtali á heimasíðu Barcelona:

# Verður skrítið að leika gegn Chelsea

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen sló rækilega í gegn í sínum fyrsta leik með Barcelona í spænsku deildinni, en hann skoraði sigurmarkið gegn Celta Vigo. Félag hans kynnir Eið rækilega til leiks á heimasíðu sinni þessa dagana.

Eiður var í athyglisverðu spjalli á heimasíðunni í gær þar sem hann ræddi meðal annars um hvernig það yrði fyrir hann að mæta Chelsea í Meistaradeildinni með Barcelona.

„Ég var ánægður þegar ég sá að við áttum að leika gegn Chelsea. Ég get ekki neitað því að það verður skrítið að mæta Chelsea því ég lék svo lengi með liðinu,“ sagði Eiður Smári við heimasíðu Barcelona en hvernig heldur hann að verði tekið á móti sér á Stamford Bridge?

„Ég vona að það verði tekið vel á móti mér. Ég hef talað um þá virðingu sem ég ber fyrir Chelsea, ég var ánægður hjá liðinu og mér leið vel allan þann tíma sem ég var í herbúðum þess. Svo náðum við fínum árangri á síðustu tveim árum þannig að ég vona að stuðningsmennirnir taki vel á móti mér,“ sagði Eiður en hann ætlar eðlilega að láta þjálfara Barcelona, Frank Rijkaard, í té upplýsingar um Chelsea og leikaðferðir liðsins.

Eiður talar í viðtalinu einnig um það hversu vel hafi verið tekið á móti sér hjá félaginu og hann imprar einnig enn og aftur á því að ekki sé hægt að bera hann og Henrik Larsson saman.

Eiður talar einnig um hversu mikill heiður það sé fyrir sig að leika með landsliðinu.

„Ég verð alltaf að muna hvaðan ég kem og fyrir mér er það heiður að leika fyrir Ísland. Ég er fyrirliði landsliðsins og fólkið heima ætlast til mikils af mér. Við strákarnir í landsliðinu verðum alltaf að gefa allt í leikina og þá verður íslenska þjóðin hamingjusöm. Annars er mikill munur á því að leika fyrir Barcelona og Ísland því með Barcelona er sótt grimmt til sigurs en það er ekki hægt með íslenska landsliðinu,“ sagði Eiður Smári. - hbg



**EIÐUR SMÁRI** Segist vera stoltur af uppruna sínum og að það sé heiður að leika fyrir íslenska landsliðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN




## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I don't smoke, I don't drink and I don't swear. Oh shit, I DO smoke and drink!"**

Svar: Hal úr myndinni Long Kiss Goodnight frá árinu 1996.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ KOSTI OG GALLA

# *Glötuð tækifæri og gleðileg endurkoma*

Ríkissjónvarpið fagnar 40 ára afmæli í dag og tjaldar öllu til í 21 þáttar syrpu, sem heitir einfaldlega: Sjónvarpið í 40 ár. Á sunnudag var fyrsti þátturinn á dagskrá og vei okkur ef þetta er það sem koma skal.

Í tilefni afmælisins var maður ráðinn sérstaklega til að ráðast í það stórvirki að leita fanga í þeim menningarlega fjársjóði sem gagnasafn RÚV er. Afraksturinn er 10 mínútna þáttur sem samanstóð eingöngu af samanklipptu myndefni frá árdögum Sjónvarpsins. Ekkert var gert til að segja sögu eða setja efnið í samhengi. Þurfti virkilega að búa til heilt stöðugildi til að klambra þessu saman? Það getur varla talist góður kokkur sem býr til slíkt óæti úr annars öndvegis hráefni.



Eva María Jónsdóttir er komin í Kastljósið og endurkoma hennar á skjáinn er gleðiefni. Mér fannst það reyndar hálf fyrirsjáanlegt og „öruggt" að byrja á því að fá Davíð Oddsson í spjall, en það er smekksatriði. Davíð var hnyttinn og skemmtilegur og laus við önuglyndið sem fylgdi honum undir það síðasta í ráðherraembætti. Fyrirtaks sunnudagsspjall.

Gaman væri að fá yfirlit yfir hvaða myndir hafa verið sýndar oftast á Bíórásinni í gegnum tíðina. Ég er viss um að Broken Arrow myndi tróna langefst á toppnum. Er mögulegt að sá sem velur myndirnar til sýninga á Bíórásinni sé svo mikill aðdáandi Johns Woo og nafna hans Travolta að hann hreinlega linni ekki látum? Bíórásin á að bjóða upp á valkost við aðrar rásir, ekki endursýningar.

---



▶ 20.15 *Gaman*

VERONICA MARS



▶ 20:05 *Veruleiki*

LÆRLINGURINN



▶ 20.30 *Veruleiki*

ROCK SCHOOL



▶ 22:50 *Spjall*

JAY LENO



▶ 18.30 *Fréttir*

KVÖLDFRÉTTIR

## SJÓNVARPIÐ

**16.30** Köngur um stund (11:12) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.01** Fræknir ferðalangar (50:52) **18.25** Andlit jarðar (7:16)

**18.30 Gló Magnaða (65:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.15 Veronica Mars (2:22)**
**20.55 Raddir heimsins** (I Sproget er jeg / Voices of the world) Heimildarmynd um tungumál og mállýskur heimsins. Á fjórtán daga fresti deyr út eitt tungumál af 6500 mismundandi tungumálum eða mállýskum heimsins. Hver verður staða tungumála eftir 100 ár?
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sjónvarpið í 40 ár (3:21)**
**22.30 Reikningurinn (2:2)** (Das Konto) Þýsk spennumynd í tveimur hlutum.

**0.00** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (4:28) **13.30** Meistarinn (9:22) (e) **14.15** Jane Hall's Big Bad Bus Ride (1:6) **15.05** I'm Still Alive (1:5) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (21:22)** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.05 The Apprentice (9:14)** (Lærlingurinn)
**20.50 Bloodlines** (Blóðbönd) Síðari hluti ógnarspennandi breskrar sakamálamyndar í tveimur hlutum.
**22.05 NCIS (9:24)** (Glæpadeild sjóhersins)
**22.50 Man Stroke Woman** (Maður/Kona) Drepfyndinn breskur grínþáttur sem byggður er upp á stuttum bröndurum, sketsum svokölluðum, sem fjalla á einn eða annan hátt um kostuleg og margflókin samskipti kynjanna.

**23.20** Shield (Str. b. börnum) **0.10** Deadwood (Str. b. börnum) **1.00** Bones (B. börnum) **1.45** National Security (B. börnum) **3.10** The Adventures of Pluto Nash (B. börnum) **4.45** The Simpsons

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (14:18) (e)**
**20.00 Seinfeld** (The Gymnast)
▶ **20.30 Rock School (1:7)** Hinn skrautlegi Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss tekst á við erfiðasta verkefni sitt til þessa í sjónvarpsþáttunum Rock School.
**21.00 Rescue Me (1:13)** Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem angrar þá.
**22.00 24 (1:24)** Sirkus sýnir Jack Bauer og félaga frá byrjun....
**22.50 24 (2:24)**

**23.40** Falcon Beach (14:27) (e) **0.30** Seinfeld

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.35** Surface (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Tommy Lee Goes to College (e)** Það er enginn venjulegur skóli þar sem Tommy Lee er nemandi. Í þessari sex þátta röð sjáum við hann við framandi aðstæður, eins og að leysa námsverkefnin, finna herbergisfélaga, reyna að komast í lúðrasveit skólans og ljúka prófum.
**20.10 Queer Eye for the Straight Guy – ný þáttaröð** Samkynhneigðar tískulöggur gefa einhleypum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu.
**21.00 Made in L.A. (1/3)**
**22.00 Conviction – NÝTT!**
▶ **22.50 Jay Leno**

**23.35** Law & Order (e) **0.30** Bak við tjöldin **1.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir og kosningin **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

▶ **18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing**
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (13:14)** Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gerbreytti öllu. Þátturinn er sýndur í opinni dagskrá og einnig á NFS.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Wild Thornberrys Movie **8.00** The Man With One Red Shoe **10.00** Hope Floats **12.00** Down With Love **14.00** The Wild Thornberrys Movie **16.00** The Man With One Red Shoe **18.00** Hope Floats **20.00 Down With Love** (Ástsýki) **22.00 Fatal Attraction** (Hættuleg kynni) **0.00** Dead Funny (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Jane Doe (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Fatal Attraction (e) (Stranglega bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

**18.00** Blackburn – Everton (e)
**20.00 Man. City – Arsenal (e)**
**22.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)** Stuðningsmannaklúbbar Liverpool, Man Utd, Arsenal, Chelsea, Tottenham, Newcastle og fleiri taka þátt.
**23.00** Fulham – Sheffield Utd. **1.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** E! Entertainment Special **15.00** Forbes Celebrity 100: Who Made Bank **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Naomi Campbell **20.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **21.00** Naked Wild On **21.30** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Naomi Campbell **1.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Conviction
Í kvöld kl. 22.00 á SKJÁEINUM
Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### MAGNAVAKA SKJÁREINN KL. 23.35
**Vakað með Magna**




Hugtakið kosningavaka hefur öðlast nýja merkingu. Í kvöld verður bein útsending frá myndveri SkjásEins þar sem hitað verður upp fyrir Rock Star: Supernova. Nú eru einungis fimm rokkarar eftir og er Magni Ásgeirsson er einn þeirra sem berjast um að komast í úrslitaþáttinn 13. september. Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson stýra kosningavökunni og þau munu taka á móti góðum gestum, kynna rokkarana betur fyrir áhorfendum og sýna hvað fer fram bak við tjöldin í þáttunum. Síðast var Magni langefstur í kosningunni og hefur stuðningur íslensku þjóðarinnar án efa skipt sköpum. Nú þurfum við að koma honum áfram aftur því „sjaldan hefur einn maður átt svo mörgum svo mikið að þakka“.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 6 | 4 | 7 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 9 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 8 | | | | | | |
| | | | | | 3 | 5 | | |
| 5 | | | | | 6 | 2 | | |
| 3 | | | 9 | | 8 | | 1 | |
| | | | | 2 | | | | |
| | 8 | | 6 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | 1 | | | | | 3 |
| | | 6 | 7 | | | | | |
| | | | | | | 8 | 6 | 2 |



▶ 20.30

*Íþróttir*

MEISTARADEILD EVRÓPU FRÉTTAÞÁTTUR

**SÝN** besta sætið

**16.00** US PGA golfmótaröðin – Bein útsend
**18.00** Íþróttaspjallið **18.20** Brasilía – Wales

▶ **20.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

**21.00 KB banka mótaröðin í golfi 2006** (KB banka mótaröðin 2006) Þáttur um Íslandsmótið í holukeppni sem haldið var í síðustu viku á Grafarholtsvelli.

**22.00 Ensku mörkin 2006-2007** (Ensku mörkin 2006-2007) Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**22.30 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) (World's strongest man 1986)

**23.30** Brasilía – Wales

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Inferno **14.30** Einn, tveir, þrír **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Hvíti hvalurinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Dægradvöl

**23.05** Saga biskupsstólanna

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir

**12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar **3.00** Samfélagið í nærmynd

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður



**HRÓSIÐ FÆR ...**



*...Styr Júlíusson fyrir að láta tungumálakunnáttu ekki hamla sér og skara fram úr í leiklistarskóla í New York.*

# Kristján kveður Kastljós og heilsar Kauphöll

„Hærri laun? Þú verður bara að giska á það sjálfur. Ég ætla ekki að tjá mig um mín prívatmál. En ég held að allir viti að Ríkissjónvarpið er nú ekki það fyrirtæki sem borgar best launin. En það er margt annað sem skiptir máli," segir Kristján Kristjánsson sjónvarpsmaður.

Kristján er nú að söðla um. Hann er að hætta á Kastljósi Ríkissjónvarpsins og tekur við starfi hjá FL Group. Á laugardag greindi Fréttablaðið frá því að að Helgi Seljan væri að hefja störf í Kastljósi en frá því var gengið á fimmtudaginn að Kristján væri að hætta í þættinum. Því má ljóst vera að þeir Páll Magnússon, sjónvarpsstjóri og Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, hafa ekki haft neinar vöflur á og verið fljótir að festa öngla sína í Helga sem arftaka Kristjáns.

„Já, þeir voru snöggir að því þegar ákvörðun mín lá fyrir. Enda vanir menn," segir Kristján.

Nákvæm starfslýsing Kristjáns hjá FL Group liggur ekki fyrir. Kristján segir það allt koma betur í ljós þegar hann hefur störf hjá fyrirtækinu.

„Ljóst er að ég er ekki talsmaður eða upplýsingafulltrúi í þeim skilningi enda FL Group ekki á neytendamarkaði. En starf mitt lýtur meðal annars að upplýsingum, ímynd, markaðsmálum og samskiptum við Kauphöll."

Kristán er síður en svo grænjaxl í málefnum er snúa að viðskiptalífinu því hann starfaði í mörg ár á Viðskiptablaðinu. Og nú kveður hann Kastljósið eftir sex ár. Með söknuði og tár á hvarmi.

„Það segir sig sjálft. Frábær hópur og afspyrnugott fólk á öllum póstum. Bæði þeir sem vinna baksviðs og þeir sem á skjánum eru. Reyndar má segja svo um allt mitt samstarfsfólk á Ríkissjónvarpinu og undanskil ég þar engan." - jbg



**PÁLL MAGNÚSSON** Var fljótur að næla önglum sínum í Helga þegar ákvörðun Kristjáns lá fyrir.



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON** Kveður samstarfsfólk sitt með tár á hvarmi.



**LÁRÉTT**
**2** líkamshluti **6** hljóm **8** hryggur **9** sníkjudýr **11** dreifa **12** æxlunarfæri blóms **14** stó **16** rás **17** skýra frá **18** fát **20** til **21** auma.
**LÓÐRÉTT**
**1** hirsla **3** í röð **4** ítalskur ofnréttur **5** skjön **7** ríkur **10** haf **13** greind **15** komst **16** þjálfa **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** háls, **6** óm, **8** bak, **9** lús, **11** sá, **12** fræva, **14** arinn, **16** æð, **17** tjá, **18** fum, **20** að, **21** arma. **LÓÐRÉTT:** **1** hólf, **3** áb, **4** lasanja, **5** ská, **7** múraður, **10** sær, **13** vit, **15** náði, **16** æfa, **19** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Krosskóngulær
2. 1. júní 2007
3. Frá Afríku

„VIÐ VILJUM HVORKI HUNDA NÉ GYÐINGA HINGAÐ."
MEIN KAMPF
EFTIR GEORGE TABORI
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



**Í SHAOLIN KLAUSTRI** Daníel dvaldist í klaustri og lærði Kung fu af munkum í tvær vikur, en í þessu klaustri leit Kung fu íþróttin dagsins ljós.

### FEÐGARNIR HEIMIR SVERRISSON OG DANÍEL: HÉLDU TIL KÍNA Í ÆVINTÝRAFERÐ

# Vildi gera strákinn að manni

Heimir Sverrisson og Daníel sonur hans dvöldust í Kína í tvo mánuði í sumar. Þeir tóku ævintýri sín upp og verða þættir um ferð þeirra sýndir á Skjá einum í haust.

Heimir segir ferðina hafa komið til af því að hann vildi gera eitthvað óvenjulegt með Daníel í sumar. „Þetta kom svona í staðinn fyrir að sópa göturnar með unglingavinnunni. Mig langaði að víkka sjóndeildarhringinn aðeins hjá stráknum, gera hann að manni," segir Heimir og hlær. „Aðalástæðan var að ég vildi eiga þennan tíma með honum í allt annarri menningu þar sem við þyrftum að takast svolítið á við hlutina sjálfir," útskýrir hann.



**KÍNVERSK STÓRBORG** Heimir segist hafa viljað víkka sjóndeildarhringinn hjá syni sínum með ferðinni.

Heimir segir sig alltaf hafa langað til að fara til Kína. „Ég hef alltaf haft áhuga á kínverskri menningu, landi og náttúru og vildi sjá þetta með eigin augum," segir Heimir. Hann segir allt hafa staðist væntingar, en margt hafa komið sér á óvart. „Það er erfitt að lýsa því hvað kom mest á óvart. Menningin er mjög skrítin og umferðarmenningin alveg út í hött. Svo er matarmenningin náttúrulega mjög sérstök og skemmtileg," segir Heimir.

Heimir segir tvo staði á ferðalagi þeirra standa upp úr í minningunni. „Við fórum kannski ekki á hefðbundnustu staðina," útskýrir hann. „Við fórum til dæmis í Shaolin klaustur þar sem Kung fu var fundið upp fyrir 1.500 árum. Daníel var að læra Kung fu með munkunum frá fimm á morgnana og fram á kvöld í tvær vikur," segir Heimir. „Við fengum nú nokkur sjokk þar líka, því munkarnir berja nemendur sína sundur og saman ef þeir hlýða ekki. Við urðum vitni að því að þeir börðu litla stráka með spjótum," heldur Heimir áfram. „Hinn staðurinn var svo SOS barnaþorp þar sem við dvöldumst í viku og kynntumst alveg frábæru fólki."

Daníel segir sveitina standa upp úr fyrir sitt leyti. „Það var svo fallegt í Yangzhou-sveitinni. Áður en við fórum þangað vorum við bara í stórborgum. Sveitin er önnur hlið á landinu og aðeins meira eins og ég hafði ímyndað mér Kína." Hann segist samt hafa orðið fyrir dálitlu áfalli þegar út úr borginni var haldið. „Ég sá fullt af heimilislausu fólki og rónum sem sátu allsberir úti á götu og borðuðu úr ruslinu. Þeir áttu ekki neitt," segir Daníel. Hann segist þó endilega vilja snúa aftur til Kína. „Þetta er örugglega besta sumar sem ég hef upplifað hingað til," segir Daníel.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Illugi Jökulsson** vinnur nú að ævisögu stórleikarans skýrmælta **Gunnars Eyjólfssonar**. Stefna þeir hjá JPV forlaginu ótrauðir á að koma bókinni út fyrir næstu jól og hafa með það fyrir augum komið Illuga fyrir í sérstökum vinnubúðum sem staðsettar eru neðanjarðar við Bræðraborgarstíg í Vesturbænum þar sem útgáfan er til húsa.



Viðtal **Evu Maríu Jónsdóttur** við seðlabankastjórann **Davíð Oddsson** hefur vakið mikla athygli enda lýsti fyrrum forsætisráðherrann þar yfir að stjórnmálamenn þyrftu að halda smá fjarlægð við kjósendur. Það er því greinilegt að Davíð er hættur í pólitík því hann prýðir forsíðu nýjasta tölublaðs **Veggfóðurs** sem **Marta María Jónasdóttir** ritstýrir en þar hleypir hann blaðinu inn á skrifstofuna sína í Seðlabankanum og lætur þess getið að hann sé ekki mikill tölvukarl heldur notist frekar við símann. „Kjarval sagði að síminn ætti að vera þannig að það væri bara hægt að hringja úr honum," er meðal þess sem Davíð segir í viðtalinu en blaðið kemur út á miðvikudag.



**Addi Fannar** í Skítamóral og fitnessdrottningin **Yesmin Olsson** eignuðust dóttur sl. laugardagsmorgun. Sú stutta hefur eitthvað verið að flýta sér í heiminn því hún fæddist þremur vikum fyrir áætlaðan tíma. Addi Fannar mætti því nýbakaður faðir á Ljósanæturhátíðina í Keflavík þar sem hann steig á stokk með Skítamóral um miðjan daginn og aftur um kvöldið á skemmtistaðnum Trix. Í millitíðinni brunaði hann í bæinn til að heilsa upp á mæðgurnar.



jbg / fgg / sh

# Norskt-íslenskt samstarf gefur sig vel

Norsk-íslenska myndin The Bothersome Man hefur heldur betur slegið í gegn en hún var að mestu leyti tekin upp hér á Íslandi. Þeir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp hjá Kisi ehf. eru meðframleiðendur myndarinnar en hún segir frá fertugum Norðmanni sem kemur til undarlegrar borgar og uppgötvar að hann er staddur í lífinu eftir dauðann.

Myndin hefur þegar unnið til nokkurra verðlauna, þar á meðal gagnrýnendaverðlaunin ACID í Cannes og leikstjóraverðlaunin á Karlov Vary-hátíðinni í Tékklandi. Þá mun The Bothersome Man einnig vera þátttakandi á hinni virtu Toronto-kvikmyndahátíð þar sem hún verður sýnd í World Cinema og Discovery-flokknum.

Ingvar Þórðarson var að vonum mjög ánægður með þær viðtökur sem myndin hefur fengið en reiknað er með að hún verði frumsýnd hér á landi í kringum jólin. „Hún er að rúlla þessu upp," sagði Ingvar. „Hún styrkir okkur mjög mikið erlendis og hefur opnað nokkrar dyr að frekari verkefnum í útlöndum," bætti Ingvar við en vildi ekki gefa upp hvað væri í sjónmáli, það myndi skýrist á allra næstu dögum. Kisi framleiðir einnig Astrópíu sem Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir en tökum á henni er nýlega lokið. Unnið er að því að klippa myndina og er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson á fullu við að semja tónlist við hana en hann fær rjómann úr íslensku tónlistarlífi til að flytja lög eftir sig í myndinni. „Hún lítur mjög vel út og er algjörlega einstök á íslenskan mælikvarða." - fgg



**INGVAR ÞÓRÐARSON** Myndin hefur opnað þó nokkrar dyr fyrir kvikmyndafélagið Kisa á erlendri grundu.



**THE BOTHERSOME MAN** Fjallar um fertugan mann sem kemur til undarlegrar borgar og uppgötvar að hann er staddur í lífinu eftir dauðann.

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# BESTU BYSSUKAUPIN

## Vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða



Aðeins 14.203 á mánuði.

### Beretta Extrema2

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.
**Staðgreitt aðeins 154.755 eða aðeins 14.203 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 13.082 á mánuði.

### Beretta Teknys

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.
**Staðgreitt aðeins 142.405 eða aðeins 13.082 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 11.529 á mánuði.

### Beretta Urika Standard

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.
**Staðgreitt aðeins 125.305 eða aðeins 11.529 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 10.666 á mánuði.

### Beretta Urika Synthetic

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.
**Staðgreitt aðeins 115.805 eða aðeins 10.666 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 8.423 á mánuði.

### Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.
**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.906 á mánuði.

### Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.
**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.560 á mánuði.

### Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.
**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.318 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.
**Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.835 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar fylgja
**Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 5.145 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar fylgja
**Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 3.420 á mánuði.

### Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja.
**Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 3.765 á mánuði.

### Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja.
**Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**
**Já, líka á sunnudögum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**



# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Vítamín*

Þegar ég var lítil fannst mér helst vanta í innkaupastefnu heimilisins nauðsynjar eins og cocopuffs. Móðir mín studdi á þessum árum einbeitt næringarfræði húsmæðraskólans og bauð bara upp á hafragraut og lýsi í morgunverð. Ég öfundaði sumar vinkonur mínar sárlega af að búa ekki við svo þröngan kost og sór þess dýran eið að kaupa daglega cocopuffs þegar ég yrði stór. Árum síðar fylgi ég hinsvegar heilsustefnunni hennar mömmu og elda hafragraut alla morgna. Svona tókst heilaþvotturinn vel í æsku.

**ÞVÍ MIÐUR** er lífið orðið flóknara en svo að það dugi að sneiða hjá augljósu ruslfæði til að lifa vel. Nú skal velja lífrænt ræktað, ekkert hvítt hveiti og drekka einungis vatn og grænt te. Kaffi er auðvitað hroðalegt eitur og sykur annað orð yfir viðbjóð. Hljómar kannski ekki kynþokkafullt að pressa hveitigras í frístundum en er ábyggilega rosalega hollt.

**MANN** gæti hryllt við hinum svakalegu máltíðum fortíðarinnar. Ferðunum í sveitina til góðu frænku sem bar á borð jólakökur, kleinur og kaffi. Baneitrað allt saman, yfirfullt af hvítu hveiti, koffeini og hinum viðbjóðslega sykri. Mesta furða að svo mörgum takist að ná fullorðinsárum hafandi verið aldir upp á þessum úrgangi.

**ÞÓ MAÐUR** sé orðinn svona uppfræddur um gott og illt hefur boðskapurinn um vítamín ekki þokast inn í höfuðið. Mér hefur hreinlega aldrei fundist samhengi í þeirri hugmynd að fjölbreyttur matur dugi ekki til að fylla mann hreysti og fjöri. Að pillur framleiddar á rannsóknarstofu eftir efnafræðiformúlum séu nauðsynleg viðbót til að njóta fullrar heilsu. Ef sú væri raunin hlytum við að vera illa hönnuð í upphafi.

**OG NÝLEGA** barst einmitt frétt sem studdi þetta hugboð einfeldningsins um að áróðurinn fyrir vítamínum ætti frekar rætur í bissness en umhyggju fyrir heilsufari. Einmitt um að þau væru í besta falli gagnslaus en í versta falli skaðleg. Allar þær milljónir sem tyggja fjörefnin sín daglega í góðri trú geta semsagt verið fegin að vera enn við sæmilega heilsu þrátt fyrir allt. En viðskipti eru viðskipti og kannski deyja margir úr vítamínum áður en yfir lýkur. Við hin deyjum bara úr einhverju öðru.


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is